

**Skriðuannáll 1995 - 1999**

**Halldór G. Pétursson og Hafdís Eygló Jónsdóttir**

Unnið fyrir Ofanflóðasjóð

NÍ-00019

Akureyri, desember 2000



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**NÍ**Reykjavík Akureyri 

<b>Skýrsla nr</b> NÍ-00019	<b>Dags, Mán, Ár</b> 31.12.2000	<b>Dreifing</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Opin</b> <input type="checkbox"/> <b>Lokuð til</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill</b> Skriðuannáll 1995 -1999		<b>Upplag</b> 50
		<b>Fjöldi síðna</b> 86
<b>Höfundar</b> Halldór G. Pétursson og Hafdís Eygló Jónsdóttir		<b>Verknúmer</b>
<b>Unnið fyrir</b> Ofanflóðasjóð		
<b>Samvinnuaðilar</b>		
<b>Útdráttur</b> Fjallað er um skriðuföll á Íslandi 1995 -1999		
<b>Lykilorð</b> Skriðuföll, skriður, grjóthrun, Grjóthrun vegna jarðskjálfta		<b>Yfirfarið</b>

## **EFNISYFIRLIT**

<b>INNGANGUR</b>	3
<b>SKRÍÐUANNÁLL</b>	4
<b>Árið 1995</b>	4
<b>Árið 1996</b>	24
<b>Árið 1997</b>	35
<b>Árið 1998</b>	49
<b>Árið 1999</b>	64
<b>SKRÁ YFIR STAÐANÖFN</b>	80

<b>Mynd 1.</b> Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 1995	23
<b>Mynd 2.</b> Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 1996	34
<b>Mynd 3.</b> Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 1997	48
<b>Mynd 4.</b> Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 1998	63
<b>Mynd 5.</b> Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 1999	80

## INNGANGUR

Skriðuannáll áráanna 1995-1999 lítur hér dagsins ljós, en með honum og skriðuannál áráanna 1900-1924 er að mestu lokið gagnasöfnun vegna skriðuannáls 20. aldar. Eftir er þó skriðuannáll ársins 2000, en hann mun eflaust birtast á næsta ári. Skriðuannálar áráanna 1925-1994 hafa birst sem fimm skýrslur, þær fyrstu hjá Náttúrufræðistofnun Norðurlands og þær síðari hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, eftir að hún tók við starfsemi hér á Akureyri.

Eins og þessi skriðuannáll ber með sér hefur efni í hann verið safnað um leið og atburðirnir áttu sér stað. Fylgst hefur verið með fréttum af veðri og skriðuföllum og er því mikið af upplýsingunum eingöngu fengið úr fréttatímum Ríkisútvarpsins og annarra ljósvakamiðla. Fylgst var með Morgunblaðinu, Degi og nokkrum héraðsfréttablöðum og seinna var leitað kerfisbundið í DV og nokkrum öðrum fréttablöðum til viðbótar. Nú síðast hafa netmiðlar bæst við og eflaust eiga þeir eftir að verða meira áberandi í skriðuannálum framtíðarinnar. Upplýsingar um fjölda skriðufalla barst frá Snjóflóðadeild Veðurstofunnar og er þar helst að geta eins starfsmanns deildarinnar, Þorsteins Sæmundssonar, sem nú starfar á Náttúrustofu Norðurlands vestra, á Sauðárkróki. Á tímabilinu fóru starfsmenn Náttúrufræðistofnunar og Veðurstofunnar í margar ferðir til að kanna skriðuföllin nánar og söfnuðu frekari upplýsingum í annálinn. Öllum þeim upplýsingum sem notaðar voru við ritun þessa annáls er haldið til haga á Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri.

Mörg skriðuföll urðu á þessu tímabili og virðist sem árið 1995 hafi vinninginn hvað snertir fjölda og stærð atburða, en árið 1999 var einnig mjög viðburðaríkt. Ef geta á einhverra sérstakara atburða þá eru það skriðuföllin sem tengjast vorleysingum árin 1995 og 1999, sem urðu bæði árin við svipaðar aðstæður. Haustið áður fór jörð ófrosin undir snjó, mikið snjóaði um veturinn og það voraði seint og þá með miklum hitum. Virðist sem slíkum aðstæðum fylgi jafnan mikil skriðuföll og skriðurnar falli oft á óvenjulegum stöðum. Annars tengdust flest skriðuföllin mikilli úrkomu og voru oft mjög útbreidd, sérstaklega í tengslum við haustrigningar. Þá varð í nokkur skifti grjóthrun í tengslum við jarðskjálfta.

Á tímabilinu er oftast getið um skriðuföll í „skriðum á þjóðvegum“, eins og Óshlíð, Vattarnes-, Kambanes-, Þvottár- og Hvalnesskriðum. Þrjú slys urðu á tímabilinu af völdum grjóthruns og fimmtán sinnum féllu skriður eða grjót á bíla á þjóðvegum landsins. Eru viðkomandi atburðir sérstaklega merktir í annálnum sem slys eða bílslys. Fjórum sinnum féllu skriður á hús og var alvarlegasta tilvikið þegar skriða féll á íbúðarhúsið að Tóarseli í Breiðdal, þ. 17.09.1999. Þá urðu skriðuföll á þéttbýlistöðum, eins og Bíldudal, Ísafirði og Vík í Mýrdal, en þar var óvenjulega mikil virkni. Sú nýjung er í þessum skriðuannál að á eftir umfjöllun um skriðföll hvers árs er mynd af dreifingu skriðufalla á landinu það árið.

Þá má geta þess að enn á ný nutum við velvilja og aðstoðar Amtsbókasafnsins á Akureyri við söfnun upplýsinga. Kunnum við Amtsbókaverði, Hólmkatli Hreinssyni og öðrum starfsmönnum Amtsbókasafnsins hinar bestu þakkir fyrir.

Að lokum er rétt að geta þess að upplýsingaöflun þessi er samvinnuverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóðs.

Halldór G. Pétursson og Hafdís Eygló Jónsdóttir

# SKRIÐUANNÁLL

1995

## 3. mars HVALNESSKRIDUR (bíslýs)

Grjóthrun.

**Veður:** Hvöss norðaustan- eða norðanátt, frost um allt land.

**Atburðarás:** Bílstjóri slapp naumlega þegar rúta, sem hann ók fór út af veginum í Hvalnesskriðum. ...Henti maðurinn sér út úr bílnum, sem valt 150 m niður í fjöru. ...Slysið vildi þannig til að steinn lenti á hliðarrúðu við sæti bílstjórans og brotnaði rúðan með þeim afleiðingum að maðnum fípaðist við aksturinn. Hann er ómeiddur en rútan, sem er fjögurra tonna, er talin ónýtt (Mbl. 04.03.) ...þegar lítills háttar grjóthrun varð til þess að hann missti stjórn á rúttunni (DV 04.03.).

*Heim: Mbl. 04.03. DV 04.03.*

## 29. mars HVALEFJÖRÐUR (bíslýs)

Grjóthrun.

**Veður:** Hlýindi og rigning um nánast allt land.

**Atburðarás:** Stór steinn féll úr Þyrilshlíð í Hvalfirði síðdegis í gær og stórskemmdi bíl sem átti þar leið um. Steinninn féll á veginn beint fyrir framan bílinn og ók ökumaðurinn á hann (Mbl. 30.03.).

*Heim: Mbl. 30.03.*

## 29. apr. EYJAFJÖRÐUR (Glerárdalur)

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Skíðamenn á leið fram Glerárdal að vestanverðu urðu varir við töluvert grjóthrun, en steinar og stórir hnullungar höfðu hrunið niður í dalbotninn milli Lambárdalanna. Þess er getið að ekki hafi verið leysing þennan dag, eingöngu sólbráð.

*Heim: Ólafur Kjartansson, Akureyri.*

## 2. maí ÓSHLÍÐ, SÚDAVÍKURHLÍÐ

Grjóthrun.

**Veður:** Hlýindi og rigning, leysingar.

**Atburðarás:** „Lögreglan á Ísafirði varar við grjóthruni í Súðavíkurhlíð og Óshlíð“ (Ríkisútvarpið 02.05.).

*Heim: Ríkisútvarpið 02.05. fréttir kl. 08.*

## 18. maí HÚSAVÍK

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Mikið hrun varð úr klettunum við Kaldbaksnef sunnan Húsavíkur um kvöldmatarleytið sl. fimmtudag (18.05.). Stærðar stykki hrundi úr bjarginu, í fjöruna og í sjó fram. Giskað er á að um 4000 tonn af grjóti hafi hrunið þarna niður í þetta skipti. Maður með hund var á gangi í fjörunni þegar hrunið varð og sem betur fer var hann ekki örfáum mínútum fyrr á ferðinni. ... sagði að mikill gusugangur hefði orðið ... og fjaran hefði fyllst af hrauni og leir ... Bólstraberg er í klettunum þarna og alltaf hætta á hruni, þó svona stórar fyllur séu yfirleitt ekki á ferðinni nema með margra ára millibili. Hrunið varð syðst í fjörunni sunnan við Svarthamar og í nokkur ár hafa verið miklar sprungur í klettunum sem hrundu (Dagur 23.05.).

*Heim: Dagur 23.05. 08.06. Víkurblaðið 24.05. Mbl. 16.06.*

## 21. maí VÍK Í MÝRDAL

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Töluvert hrun varð úr Reynisfjalli rétt vestan við Vík í Mýrdal, þar sem liggur vinsæl gönguleið ... var að setja niður kartöflur á sunnudaginn rétt hjá þar sem grjót kom niður úr fjallinu. Hann varð var við miklar drunur og læti, leit upp og sá grjótskriðu koma niður hlíðina og hrifsa með sér eitthvað af fýl sem hafði verpt þarna í berginu. ... Þetta er sá tími ársins sem hættast er við hruni úr berginu á þessum slóðum, þar eð gaddur er að fara úr berginu (Mbl. 23.05.). ... Í Reynisfjalli, suðvestanvert við Vík, er töluvert berghrun og því er mikilvægt að byggð þróist ekki lengra í vestur en orðið er. Takmarka þarf umferð um svæðið, sérstaklega ef vart verður grjóthruns eða gliðnunar sprungna, sem oft er undanfari berghruna (Höskuldur Búi Jónsson 1997). ... Í maí 1995 hafði talsvert hrun átt sér stað á svipuðum stað og hrunið þann 30. jan 1998 (Þorsteinn Sæmundsson o.fl. 1998).

*Heim: Mbl. 23.05. Veðr. maí 1995. Höskuldur Búi Jónsson 1997: Um skriðufallavá, skipulagð byggðar og verklegra framkvæmda: Rannsóknir á skriðuföllum í Vatnsdalsfjalli og Reynisfjalli. Skýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Háskóli Íslands. Þorsteinn Sæmundsson, Hreggviður Norðdahl, Gunnar B. Guðmundsson 1998: Grjóthrun í Reynisfjalli 30. janúar 1998. Veðurstofa Íslands, Greinargerð. VI-G98016-ÚR13.*

## maí SÚGANDAFJÖRÐUR (Spillir) (bísllys)

Grjóthrun.

**Veður:** Leysingar.

**Atburðarás:** Tveir fólksbílar hafa fengið á sig grjót á leiðinni frá Suðureyri út í Staðardal í Súgandafirði. Grjótið hrynur úr klettum í fjallinu Spilli. Áður hafa hlotist þarna tjón á bifreiðum á þessum árstíma og einnig hefur fólk slasast sökum grjóthruns og klakahruns úr klettum þar sem farið er fyrir fjallið (t.d. 04.06.1989). ... Fólk er beðið að gæta sín og vera ekki þarna á ferð að nauðsynjalausu á meðan leysingar eru í fjallinu.

*Heim: Vestfirska fréttablaðið 01.06.*

### 31. maí HVALFJÖRÐUR (bílslys)

Skriða.

**Veður:** Leysingar.

**Atburðarás:** ...Í nótt lokaðist vegurinn innarlega í sunnanverðum Hvalfirði við svonefnt Votaberg, vegna stórgrýtis sem féll úr hlíðinni ofan við veginn. ...Þessar myndir voru teknar þegar verið var að fjarlægja hnullungana af veginum, en þeir voru engin smásmíði, sumir hverjir 6-8 tonn. Talsverðar skemmdir urðu á veginum, en þær hafa nú verið lagfærðar. ...Og hér sjáum við hvaðan skriðan féll, en alltaf má búast við skriðum úr hlíðinni á þessum slóðum, einkum snemma á vorin. Starfsmaður Vegagerðarinnar segir að nánast hafi verið beðið eftir því að grjóthrun yrði á þessum stað, þegar tæki að hlýna. ...Eins og fyrr segir varð enginn bíll fyrir þessum hnullungum, sem betur fer. En þessi bíll slapp ekki alveg. Hann var að koma yfir blindhæð og náði ökumaðurinn ekki að draga nægilega úr hraðanum, lenti á einu bjarginu og skemmdist bíllinn talsvert. Ekki munu þó hafa orðið slys á mönnum (Ríkisútvarpið 31.05.). ...Þetta var á blindhæð og sólin var beint á móti honum. Þá blasir þetta allt í einu við og þetta voru engin smá björg, ...varð fyrir því óhappi um sexleytið í gærmorgun að aka á stóreflis bjarg, sem hrundi hafði á veginn um Hvalfjörð (Tim. 01.06.).

*Heim: Ríkisútvarpið 31.05. fréttir kl. 08 og 12:20. Ríkisútvarpið, sjónvarp 31.05. fréttir kl. 20:00. Tim. 01.06. 02.06., Veðr. maí 1995.*

### 8.-15. júní STRANDIR, SKAGAFJÖRÐUR, EYJAFJÖRÐUR, FNJÓSKADALUR, BLEIKSMÝRARDALUR, KINN, NÁTTFARAVÍKUR, AÐALDALUR, REYKJADALUR, REYKJAHVERFI

Skriður, grjóthrun.

**Veður:** Tíðarfar veturinn 1994 til 1995 var að mörgu leyti óvenjulegt. Snemma snjóaði mikið og það á ófrosna jörð. Aldrei hlánaði og allan veturinn snjóaði óvenjumikið, og það úr áttum sem venjulega snjóar lítið í. Kalt var langt fram eftir vori og tók ekki að hlána að ráði fyrr en í júní. Þá urðu leysingar með miklum flóðum og vatnavöxtum og fljótlega tóku skriður og jarðföll að falla. Fyrstu skriðurnar hafa sennilega fallið á Ströndum þ. 8. Mest kvað þó að skriðuföllum á Norðurlandi, en þar féllu skriður dagana 9.-15. júní. Þær féllu flestar dagana 11. og 12. júní. Vegna þess að jörð var ófrosin undir snjónum leitaði leysingarvatnið niður í jarðveginn, í stað þess að renna burt á yfirborði. Þetta leiddi víða til óvenjuhárrar grunnvatnsstöðu, mikils vatnsþrýstings og framrennslis vatns á óvenjulegum stöðum. Á nokkrum stöðum sprungu t.d. fram jarðföll neðst í hjöllum og hlíðum og vatnsósa jarðvegur rann fram í litlum halla.

**Atburðarás:** Strandir: ...Snjórinn fór að bráðna norðanlands svo um munaði þegar hitinn rauk upp sumstaðar í 20 stig eða meira. ...Vegir hafa víða lokast af vatnsflaumi eða aurskriðum t.d. á Ströndum. ...og vegurinn norður í Árneshrepp orðinn ófær, þar er talin hætta á grjóthruni. ...Fyrr í dag (08.06.) fór aurskriða úti á Kjörvogshlíðinni (Ríkisútvarpið 08.06.). ...Í Kjörvogshlíð í Reykjafirði féll 30 til 40 m skriða í nótt (12.06.) og fleiri hafa fallið í morgun. Vegagerðarmenn búast því ekki við að hægt verði að opna veginn að svo stöddu (Ríkisútvarpið 12.06.).

Langidalur: Í fjallshlíðinni á milli Skriðulands og Móbergs í Langadal í Austur-Húnavatnssýslu féll nokkuð stór skriða þessa dagana (Gögn HGP).

Vatnsskarð: Rétt vestan við bæinn Vatnshlíð á Vatnsskarði í Austur-Húnavatnssýslu sprakk fram breið fylla neðarlega úr gróinni fjallshlíð. Við þetta myndast djúpt og áberandi ör í hlíðina (Gögn HGP).

Gönguskörð/Heiði: ... Minni skriða féll þarna skammt frá (þar sem skriða féll 05.07.) í hlýindunum á dögnum (Feykir 11.07.).

Mánárskriður: ... Grijótskriða féll í nótt í Mánárskriðum í Fljótum og yfir Þjóðveginn. Aurskriða féll svo þar aftur þarna í morgun. Vegurinn var þó ekki lokaður í langan tíma (Ríkisútvarpið 12.06.).

Ólafsfjörður: ... Í Ólafsfirði féll aurskriða úr Múlanum á veginn rétt fyrir norðan Brimnes í gærmorgun (12.06.). Skriðan var um 4 m breið (á veginum) og tók skamman tíma að moka henni burtu (Mbl. 13.06). ... Skriðan féll neðarlega úr hjallanum neðan við Gvendarskál. Aðrar skriður í Ólafsfirði voru einungis smáspýjur (Gögn HGP).

Svarfaðardalur: ... Tvær aurskriður féllu í fjallinu ofan við Skeggstaði og mátti litlu muna að sumarþustaður mætti þar örlögum sínum (Norðurlóð 30.06.). ... Þessar skriður féllu 11.06. og 13.06. Þá féll væn skriða í mynni Hálsdals. Aðrar skriður í Svarfaðardal og Skiðadal voru smáspýjur (Gögn HGP).

Þorvaldsdalur: Stór skriða féll í vestanverðum Þorvaldsdal, rétt innan við eyðibýlið Hávarðarstaði, gegnt eyðibýlinu Grund. Skriðan sem mun hafa fallið þann 11. eða 12. byrjaði hátt í fjallinu og féll niður í Þorvaldsdalsá (Gögn HGP).

Barkárdalur: Í Barkárdal í Sörlatungulandi, utan við Baugasel féll stór skriða, alveg ofan úr fjalli og niður í á (Gögn HGP).

Öxnadalur: Í Öxnadal féllu 3 stórar skriður í fjallshlíðinni utan við Bakka. Upptök þeirra voru ofarlega í fjallinu og þær náðu alveg niður í á. Þá féll löng og mjó, en áberandi skriða eftir gilskorningi við eyðibýlið Hraunshöfða (Gögn HGP).

Hlíðarfjall: Efst á Moldhaugnahálsi eða í Hlíðarfjalli, utan við Litlahnjúk féll tiltölulega lítil en mjög áberandi skriðuspýja snemma í leysingahrinunni. Þá saúst fleiri spýjur þarna neðar í fjallshlíðinni (Gögn HGP).

Eyjafjarðardalur: Í Eyjafjarðardal féll fjöldi smáspýja víða um dalinn, eins og við Hleiðargarð, minni Gilsárdals, í fjallinu ofan við Villingadal og við Steinhólaskála. Þá féll stór skriða úr Hólafjalli í landi eyðibýlisins Nýjabæjar, norðan Hóla. Þarna féll skriða úr farvegi í hlíðinni, yfir láglendið neðan við og tók í sundur girðingar (Gögn HGP).

Sölvadalur: ... Aurskriða féll í Sölvadal í Eyjafjarðarsveit í nótt (12.06.), við bæinn Eyvindarstaði. Skriðan hreif með sér veginn inn að Þormóðsstöðum og er bærinn því einangraður. Um 100 m breitt skarð er í veginn, þar sem skriðan féll. Símasambandslaust er við Þormóðsstaði (Ríkisútvarpið 12.06.). ... Skriða féll í Sölvadal í Eyjafjarðarsveit seint í gærkvöldi (12.06.). Skriðan fór yfir veginn hjá bænum Þormóðsstöðum og skemmdi tún og girðingar á stórum kafla. Þessi skriða sem féll rétt við Draflastaði er álíka stór og skriða sem féll þar í fyrrinótt (Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 13.06.). ... Eins og áður sagði féllu flestar skriðurnar í Sölvadal úr fjallshlíðinni vestan megin í dalnum, ofan við bæina Eyvindarstaði og Draflastaði. Í þessari skriðuhrinu féllu einnig skriður víðar í dalnum, svo sem við eyðibýlið Kerhól, austan megin í dalnum. Þar sprakk fram jarðfall úr neðri hluta hólansins, sem eyðibýlið er kennt við. Þá sprakk fram melur við réttina, rétt ofan við Þormóðsstaði og þar spýttist fram lítil fylla. Þessi spýja var með þeim fyrstu sem féll í Sölvadal, alveg í byrjun leysingahrinunnar. Seinna um sumarið kom í ljós að talsvert hafði verið um skriðuföll sunnarlega í Þormóðsstaðadal. Þar höfðu m.a. fallið skriður úr giljum vestan megin í Tungufelli. Þær skriður hafa eflaust fallið einhvern tíma í leysingunum í júní. ... Skriðurnar í hlíðinni ofan við Draflastaði og



Eyvindarstaði eru flestar litlar, sumar aðeins smáspýjur. Tvær skriður eru áberandi stærri en aðrar, önnur rétt innan við Eyvindarstaði en hin við Draflastaði. Þær skriður féllu báðar, alla leið niður í Núpá, lokuðu veginum, rufu símastreng og unnu ýmis önnur spjöll. Þegar allt er talið til, eru skriðurnar í fjallshlíðinni um 20 talsins og eru upptök þeirra flestra efst hlíðinni, rétt undir svonefndri Heiðarbrún. Nokkrar skriður eiga þó upptök í miðri fjallshlíð. Efstu skriðuupptökin fylgja jarðlagamótum, sem þarna eru í berggrunninum, en þeim hallar til suðurs í átt til Þormódsstaða og Arnbjargarhóla. ... Skriðurnar í fjallshlíðinni munu flestar ef ekki allar hafa fallið mánudaginn 12. júní. Skriðan innan við Eyvindarstaði féll milli kl. 04 og 05 aðfaranótt þ. 12., en skriðan við Draflastaði féll um kl. 18. Þennan sólarhring var snjóleysing hvað áköfust á Norðurlandi (Halldór G. Pétursson 1997).

Möðruvallapláss/Staðarbyggð: Í fjallshlíðinni ofan við Öxnafell voru nokkur jarðföll á við og dreif um hlíðina. Þá hafði fallið stór skriða neðst úr fjallinu í mynni Þverárdals í svonefndum Munkabverártungum. Stór skriða féll einnig úr Staðarbyggðarfjalli ofan við bæinn Uppsali. Aur frá þeirri skriðu, sem féll snemma um morguninn (um kl. 05-06) þ. 12.06., barst með skruðum um túnin neðan við og urðu af talsverð spjöll. Fleiri spýjur féllu þarna í fjallinu (Gögn HGP).

Garðsárdalur: Stór skriða féll á vestanverðum Garðsárdal, skammt norðan við Helgársel (Gögn HGP).

Vaðlaheiði: Nokkrar smáspýjur féllu efst, syðst í Vaðlaheiði og í Kaupangsveitarfjalli umhverfis Bíldsárskarð (Gögn HGP).

Svalbarðsstönd: ... Nú er unnið að því með stórvirkum vinnuvélum að beina aur og vatni frá húsum við Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd í Eyjafirði, en stór skriða féll þar á sjöunda tímanum í kvöld. ... Upptök hennar voru við brún Vaðlaheiðar (Ríkisútvarpið 11.06.). ... „Aurskriðan er um 100 m breið þar sem hún er breiðust og í það minnsta 1 m á dýpt þar sem hún er fyrirferðarmest. Hún fór í gegnum hlaðið hjá okkur. Hluti af henni lenti á vélaskemmu og braut vegginn og allt fylltist af aur og leðju. Einhverjar skemmdir urðu á vélum, sem voru í viðgerð þarna inni, en þær eru ekki mjög miklar. Fast við skemmuna var verið að byggja hús og skriðan lenti á því og þar urðu nokkrar skemmdir. Hún fór um 100 m frá íbúðarhúsunum, svo ekki mátti miklu muna. Nú við erum byrjuð að hreinsa til og moka þessu upp en þetta er fyrst og fremst mól, aur og snjór, en engin björg. Aðstæður eru nú þannig að hætta er á að fleiri skriður falli“. ... Skriðan hjá Sveinbjarnargerði náði alveg niður að þjóðvegi en fór ekki upp á veginn. Lögreglan sagði að vatn og eðja hefði farið yfir veginn en hann hefði ekki lokast (DV 12.06.). ... Nokkrar minni skriður féllu í kjölfar skriðunnar á sunnudagskvöldið og fóru þær í sama farveg án þess að valda frekari skemmdum (Mbl. 13.06.). ... Stór aurskriða féll upp úr kl. 22 í kvöld, norðan Garðsvíkur, sem er nyrsti bærin á Svalbarðsströnd í Eyjafirði. Upptökin eru við brún Vaðlaheiðar og rann skriðan niður að þjóðvegi 1 og stöðvaðist þar. Talið er að hún sé um 100 m breið. Skriðan féll rétt sunnan við aðalvatnsból Svalbarðseyrar og rauf leiðsluna (Ríkisútvarpið 11.06.). ... Skriðan olli töluverðu tjóni á ræktuðu landi og óttast er að sauðfé, sem var þar á beit hafi lent í skriðunni (Ríkisútvarpið 12.06.). ... en litlu munaði að hún færi yfir þjóðveginn er liggur frá Akureyri austur yfir Víkurskarð (Tím. 13.06.). ... Í miklum snjóárum sest jafnan stór skafl í fjallsbrúnina ofan við Garðsvík og Sveinbjarnargerði. Í miklum leysingum þá fossar vatnið úr skaflinum niður hlíðina, sem við það verður vatnsósa. Flestar af skriðunum sem sagnir eru um við Garðsvík og Sveinbjarnargerði virðast hafa tengst slíkum skaflum (Gögn HGP).

Dalsmynni: Í Dalsmynni féll fjöldinn allur af jarðföllum og skriðuspýjum neðst úr bröttum bökkum og hjöllum. Var sem gróðurþekjan hefði þarna víða sprungið fram af vatnsþrýstingi. Var þetta víða áberandi umhverfis Skarð og þar í túninu hafði sprungið

fram stórt jarðfall. Handan Fnjóskár sáust samskonar fyrirbrigði neðan við mynni Gæsadals og í landi Skuggabjarga (Gögn HGP).

Fnjóskadalur: ...Þrátt fyrir að heldur hafi dregið úr vatnavöxtum á Norðurlandi eru enn að falla skriður í fjöllum. Í fyrrakvöld (15.06.) féll allstór skriða í Draflastaðafjalli í Fnjóskadal. Margar skriður hafa fallið í fjallinu síðustu daga og má telja í það minnsta 15 stærri og minni skriður í fjallinu. Sú sem féll í fyrrakvöld er þeirra stærst en heimilisfólk á bæjunum Draflastöðum og Hjarðarholti vaknaði upp við hávaðann, sem skriðan olli um kl. 01 aðfaranótt fimmtudags (15.06.). Skriðan féll í svokallaðri Stekkjarröfu yfir beitiland og niður á jafnsléttu við túngarðinn. Áætlað er að skriðan sé um 100 m löng og 50-60 m breið. Lambfé var á beit á þessu svæði en ekki er talið að það hafi lent í skriðunni. Veruleg sjónmengun er af skriðunum í fjallinu og ljóst að spjöll á gróðri eru töluverð (Dagur 16.06.). ...Þá féllu skriður og skriðuspýjur víða annars staðar í Fnjóskadal, eins og við Veisu, ofan við Lundsskóg og Selland. Við Illugastaði sprungu fram jarðföll neðst úr sethjöllum og jarðvegsþekjan ofan við efstu orlofshúsin þar, þandist svo út af vatnsþrýstingi að ekki var þorandi annað en að rýma húsin (Gögn HGP).

Bleiksmýrardalur: Þá sprungu stór jarðföll fram á Bleiksmýrardal (Gögn HGP).

Ljósavatnsskarð: Í Ljósavatnsskarði féllu spýjur í hlíðunum ofan við Sigríðarstaði, Háls og Ljósavatn (Gögn HGP).

Kinn: Í Kinn féllu stórar skriður úr Kinnarfelli, í Fellsskógi utan við Fremstafell. Þá féllu 3 skriður við Gvendarstaði. Utar í Kinninni, í Skriðnafelli féllu 3 stórar skriður og nokkrar spýjur og féll sú fyrsta þeirra þ. 09.06. Nyrst í Kinn, við bæinn Björg féll skriða neðst úr hlíðinni, innan við bæinn (Gögn HGP).

Náttfaravíkur: ...Gríðarmikil skriða féll úr hlíðinni norðan við Naustavík í Kinnarfjöllum fyrir nokkru og milljónir tonna af jarðvegi runnu til sjávar (Víkurlaðið 29.06). ...Skriða þessi, sem féll í Naustavík í Náttfaravíkum féll einhvern tíma dagana 11.-13. og virðist sem stórt stykki eða flykki úr fjallshlíðinni hafi runnið niður og út í sjó. Svo virðist sem þarna liggja mjög mikið af urð eða lausum jarðlögum utan á berggrunninum í fjallshlíðinni og stórar spildur úr henni geti auðveldlega hlaupið niður. Hefur þetta gerst oftar en einu sinni því nokkur stór ör, samskonar og mynduðust 1995 sjást á þessum slóðum. Ekki er ólíklegt að mikið grunnvatnsstreymi á mörkum berggrunns og lausra jarðlaga komi þessum hlaupum af stað (Gögn HGP).

Aðaldalur: ...tvær skriður féllu úr Garðsnúpi, rétt vestan Hafralæk, um helgina og ein enn stærri í gærmorgun. Fyrsta skriðan féll um kl. 18 á föstudag (09.06.) og heyrðist gífurlegur hávaði frá henni víða í dalnum. Önnur skriðan féll um kl. 17 á laugardag (10.06.), upptök hennar voru rétt sunnan við fyrri skriðuna og ná þau saman nema efst. Skriðurnar eru um 150 m að breidd. Í gærmorgun (12.06.) kl. 08 féll skriða aðeins sunnar og er hún stærri en hinar tvær samanlagt, bæði byrjar hún ofar í núpnum og er breiðari neðst. Meira vatnsflóð fylgdi henni heldur en þeim skriðum sem féllu áður. Skriðurnar stífluðu Hafralæk, sem flæddi um bithaga en gróf sig fljótlega í gegnum aurinn, þar sem mikill vöxtur er í læknum. ...Mikil sjónmegnun er af skriðunum við Hafralæk, sem blasa nú við frá bænum, í stað lyngi vaxinnar brekku (Dagur 13.06.).

Reykjadalur: Í Reykjadal sáust nokkrar áberandi spýjur, t.d. í fjallinu ofan við Laugaskóla, í mynni Seljadals og við Pálmholt. Þá sáust 3 spýjur austan megin í Þegjandadal (Gögn HGP).

Reykjahverfi: Í Reykjahverfi féll skriða úr fjallshlíðinni við Hólkot og 2 féllu sunnan Brekknakots (Gögn HGP).

*Heim: Ríkisútvarpið 08.06. fréttir kl. 19., 11.06. fréttir kl. 19. 22. 24., 12.06. fréttir kl. 08. 12:20. 19., 13.06. fréttir 12:20. Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 12.06.*

fréttir kl. 08:15. 18:35., 13.06. fréttir kl. 18:35. Ríkisútvarpið, sjónvarp 11.06. 12.06. fréttir kl. 20:00. Stöð 2. 13.06. fréttir kl. 19:30. Dagur 10.06. 13.06. 14.06. 15.06. 16.06. 20.06. DV. 12.06. 13.06. Mbl. 13.06. 14.06. Tím. 13.06. 14.06. Feykir 14.06. 11.07. Vestfirski fréttablaðið 14.06. Víkurblaðið 15.06. 29.06. Múli 15.06. Norðurslóð 30.06. Halldór G. Pétursson 1997: Skriðuhætta í Sölvadal. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-97009. Gögn HGP.

## sumar – haust AKUREYRI

Jarðsig.

**Veður:** Afleiðingar leysinga, mikið grunnvatnsstreymi.

**Atburðarás:** Há grunnvatnsstaða og mikið flæði vatns um jarðlög var ein af afleiðingum vorleysinganna 1995. Af þessum orsökum þandist jarðvegur út og sums staðar skreið hann fram. Dæmi um þetta var við Leikhúsið á Akureyri en þar þandist jarðvegspekjan utan á Brekkunni, ofan og aftan við það út og þrýsti fram steinhleðslu sem sett hafði verið upp nokkrum árum fyrr til að halda við Brekkuna. Leiddi þetta til þess að árið eftir varð að endurnýja hleðslunna og grafa frá Brekkunni. Er alvanalegt að Brekkan skriði fram á þessum stað í miklum leysingaárum, en á þessu svæði virðist að jafnað streyma meira vatn undan Brekkunni en annars staðar.

*Heim: Dagur 23.05.1996. 27.06.1996. Gögn HGP.*

## 17. júní AUSTFIRÐIR (Vattarnesskriður)

Grjóthrun.

**Veður:** Stíf austanátt og rigning var aðfaranótt þjóðhátíðardagsins og þ. 17. herti vind enn frekar og var víða hvassviðri og rigning norðan- og austanlands fram á kvöld. Úrkomuhámörk austanlands, t.d. Neskaupstaður 17.06. – 50,2 mm, Kollaleira 18.06. – 75,8 mm.

**Atburðarás:** ...Versta veður er nú á Austurlandi, úrhellisrigning og víða mjög hvasst. Af þessum sökum falla hátíðarhöld í tilefni þjóðhátíðardags víða niður, að einhverju eða öllu leyti. ...vegir eru farnir að spillast, einkum sunnan Reyðarfjarðar og er fólk beðið um að vera þar ekki á ferli að nauðsynjalausu. Þar er mjög hvasst og úrhellisrigning eins og annars staðar, grjóthrun í skriðum og lækir flæða yfir bakka sína og renna yfir vegi. ...Á Kollaleiru við Reyðarfjörð mældist úrkomu í morgun 66 mm (Ríkisútvarpið 17.06.).

*Heim: Ríkisútvarpið 17.06. fréttir kl. 12:20. og 16.*

**Ath:** Eflaust er hér átt við Vattarnesskriður, þótt það ekki sé það sagt berum orðum.

## 19. júní FAGRIDALUR (Grænafell)

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** ...Nokkurra tonna björg hrundu á veginn á Fagradal á milli Egilsstaða og Reyðarfjarðar síðdegis í dag (19.06.). Svo virðist sem klettur í Grænafelli hafi brotnað og hrunið niður. Það má telja mildi að enginn var á leið þar um þegar björgin hrundu á veginn, því sum þeirra eru 6 til 7 tonn. Nokkur björg yfir tonni að þyngd lágu á veginum. Klæðning skemmdist nokkuð en Vegagerðin hreinsaði björgin af veginum (Ríkisútvarpið 19.06.). ...Þegar ég kem niður undir Hrafnakamba í

Grænafellsskriðum sé ég framundan hvar nokkrir smásteinar hafa fallið á veginn. Ég stoppa bílinn og bakka aðeins til baka, rétt í því skella stærðarbjörg á veginn þar sem smásteinarnir lágu. Ég sá þá ekki fyrr en þeir skullu niður á veginn. ...Ekki er óalgengt að grjót falli úr Grænafelli á þessum slóðum (Austri 22.06.).

*Heim: Ríkisútvarpið 19.06. fréttir kl 19. Austri 22.06.*

## 29. júní EYJAFJÖRDUR (Sölvadalur – Þormódsstaðir)

Skriða.

**Aðdragandi/veður:** Ekki komu öll áhrif leysinganna á Norðurlandi fram strax (08.-15.06.) og t.d. féll stærsta skriðan um 3 vikum seinna eða þ. 29.06. Hún féll við Þormódsstaði í Sölvadal, úr brún gamla berghaupshóla (Arnbjargarhóla) ofarlega í fjallinu ofan við bæinn, niður í Núpá, með henni í Eyjafjarðará og út í sjó í Pollinn við Akureyri. Ástæður skriðufallsins virðist helst meiga rekja til þess að við leysingarnar hripaði vatn niður í jarðlögin í Arnbjargarhólum og safnaðist þar fyrir undir þýstingi, þar til að skriðan sprakk fram. Um fjallshlíðina ofan við Þormódsstaði, Arnbjargarhóla og upp á Hólafjall, lá vegslóði, svonefnd Hólafjallsleið, ein af leiðunum úr Eyjafirði og upp á Sprengisand. Sá vegur eyðilagðist við skriðufallið.

...Fimmtudaginn 29. júní 1995 var heitt í veðri á Norðurlandi, um 15-20°C og sterk sunnanátt. Þetta veðurfar hafði haldist um nokkurn tíma og snjóleysingar í byggð voru löngu yfirstaðnar. Bráðnuðu nú snjóalög fram til dala og skaflar hátt í fjöllum. Við Þormódsstaði í Sölvadal voru aðeins eftir stöku skaflar utan í fjallinu. ...En uppi á því, utan í fjallsbrúninni og á Hólafjallsslóðanum lá skafl mikill. Var skaflinn leifar af mikilli hengju frá því um veturinn (Halldór G. Pétursson 1997).

**Atburðarás:** ... Það kom því ábúendum á Þormódsstöðum mjög á óvart þegar, um kl. 17, að stykki féll framan af Arnbjargarhólum, rétt neðan við veginn um hólana og alla leið niður í Þormódsstaðaá. Féll skriðan á rafstöðina í gljúfrinu, þar sem fyrr um daginn hafði verið unnið við viðgerðir. Úr skriðuörinu var stöðugt aurrennsli, sem lækur eða lítil á, í hálf tíma eða til um 17:30, þegar mikill hluti hólanna skreið af stað og niður í ána. Var sem mannhæðarhár veggur úr jarðvegi og torfum ýttist niður hlíðina, þegar skriðan plægði sig þar niður. Skriðunni fylgdu miklar drunur og dynkir, en varla leið meira en mínúta frá því að hún lagði af stað og þar til hún var komin ofan í ána. Fallhraði hennar hefur því verið um 12 m/sek. eða 40-45 km/klst.

Þar sem skriðan féll í gljúfrið er það um 40-50 m djúpt og annað eins á breidd. Hraði efnisins var svo mikill að hluti skriðunnar skvettist á eystri gjúfurbarminn og gekk langt upp á brúnina að austanverðu. Talið er að skriðuefnið hafi fyllt upp í nær helming gljúfursins áður en áin náði að rjúfa sér leið í gegn og skriðan flæddi viðstöðulaust niður Núpá, í Eyjafjarðará og út í Eyjafjörð.

Þegar skriðan féll vorum við jarðfræðingarnir (Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson) staddir í fjallshlíðinni ofan við Draflastaði, nokkru norðar í Sölvadal. Við urðum ekki varir við sjálft skriðufallið, en fylgdust með því þegar aurflóðið, eða skriðan fór niður Núpá. Vorum við þá staddir á gljúfurbarminum við Draflastaði. Skömmu eftir kl. 17 tókum við eftir því að áin var mjög dökk á litinn, eða kakóbrún og mikill og þungur niður var í ánni. Um kl. 17:30 sáum við yfirborð árinna snarlækka, en stuttu síðar geysist flóðbylgja niður gljúfrið. Efninu sem ruddist niður gljúfrið er helst hægt að lýsa sem þykkri aurblöndu og virtist okkur sem stórgryti og grastorfur byltust um í yfirborðinu. Má vera að þarna hafi verið á ferðinni leirstykki og flyksur af grænum leir, sem lýst verður nánar seinna. Í gljúfrunum voru flóðmörkin í um 15 m hæð, neðan við Þormódsstaði og í 6-10 m hæð við Draflastaði. Aurflóðið

virðist ekki hafa rofið mikið í Núpárgljúfri, t.d. skóf það ekki í burt gróðurpekju í hvömmum í gljúfrinu. Nokkuð breyttist farvegur Núpár í gljúfrinu af aurburði og víða tóku heimamenn eftir stórgrýti og misstórum leirköggjum, sem flóðið hafði fært til.

...Í um tvo sólarhringa eftir skriðufallið komu við og við skriðu- og vatnsgusur niður eftir skriðuörinu, en það voru óverulegar spýjur miðað við það sem áður hafði gengið á. Þá tók einnig sérkennilega undir í fjallinu, t.d. þegar flogið var lágt yfir skriðunni og jafnan geystust vatnsgusur niður skriðuörið í kjölfarið. Úr fjallinu heyrðust af og til óhugnanlegir brestir í allt að hálfan mánuð eftir skriðufallið (Halldór G. Pétursson 1997).

**Ummerki:** Á leið sinni niður fjallshlíðina og á túninu innan við Þormódsstaði sópaði skriðan öllum jarðvegi ofan af móhellu og jökulruðningi og sumstaðar gróf hún sig niður að berggrunni. Rofið var minnst á jöðrunum, en við skriðufallið höfðu torfusneplar og aur spýst af krafti út yfir þá. Skriðuörið sem myndaðist er um 900-1000 m langt frá upptökum í Arnbjargarhólum og að gljúfurbrún. Það er um 150 m breitt efst í hólunum og um 400 m breitt á túninu. Er líklegt að eitthvað um 600-800.000 m<sup>3</sup>, eða jafnvel meira af jarðefni hafi borist niður hlíðina og niður í gljúfrið.

Geilin sem myndaðist í Arnbjargarhóla er um 300 m löng, um 150 m breið og brúnirnar að jafnaði 4-5 m háar. Geilin myndaðist við að miðhluti hólanna, eða sá hluti þeirra sem teygði sig niður í hlíðina féll niður. Að hluta skreið jarðefnið í hólunum undan jarðvegstorfunni, hún féll niður í örið og sat þar eftir ásamt stórum stykkjum úr hólunum. Á flatanun uppi á hólunum, ofan við geilina komu fljótlega fram miklar sprungumyndanir og sig. Uppi í fjallinu, í örinu eftir framhlaupið, sem á sínum tíma myndaði Arnbjargarhóla komu einnig í ljós sprungur og ummerki um hreyfingar. Á ljósmyndum sem teknar voru úr flugvél, daginn eftir skriðufallið sést að aurblandað vatn hafði sprautast upp úr sumum af þessum sprungum.

Þegar leirinn í skriðuörinu tók að sjatna og þorna, kom í ljós fjöldinn allur af grænleitum hnallungum. Hnallungarir voru af öllum stærðum, sumir stærðar björg og gerðir úr grænum leir, sem var vatnsríkur og því þjáll, feitur og sleipur viðkomu. Hnallungarnir voru ættaðir úr grænu leirlagi neðst í Arnbjargarhólum. Sást vel í þetta lag í veggjum skriðuörsins í hólunum, en þar lá það undir þykkara lagi af grábrúnleitum leir. Við röntgen- og efnagreiningar á græna leirnum kom í ljós að hann er frekar óvenjulegur að gerð. Hérlandis er helst að finna leirsteindir af þessari gerð á yfirborði háhitasvæða, þar sem mikil útskolun efna á sér stað og einnig í ummynduðu súru bergi.

Efnið í Arnbjargarhólum er ættað úr berggrunni. Hólarnir urðu til þegar framhlaup varð um setlagasyrpu í fjallshlíðinni, en neðst í henni er nokkuð þykkt súrt gjóskuberg. Þessi jarðlög, sem hafa orðið fyrir miklum jarðhitaáhrifum eru milljóna ára gömul og tengjast eldvirkni í fornri megineldstöð, sem stundum hefur verið kennd við Torfufell. Græni leirinn er ættaður úr súra gjóskulaginu, en sá grábrúni líklega úr setlögnum.

Sjálft berghlaupið, eða framhlaupið úr fjallshlíðinni er eflaust nokkuð gamalt ...sennilega einhvers staðar milli 6000-9000 ára gamalt (Halldór G. Pétursson 1997).

**Orsakir:** Arnbjargarhólar eru gerðir úr leir sem blautur er bæði þjáll og sleipur. Leirinn er ættaður úr berggrunninum í fjallinu ofan við og þessir eiginleikar hans eru eflaust ástæðan til þess að fylla hljóp eða skreið út úr fjallshlíðinni endur fyrir löngu. Leirinn í Arnbjargarhólum virðist hafa haft þann eiginleika að getað safnað í sig töluverðu vatnsmagni. Holrýmd er töluverð, en vatnsleiðni hæg og jarðmyndunin því góður vatnsgeymir.

...Hlass gert úr slíkum jarðefnum, sleipum og þjálum, efst í aflíðandi fjallshlíð ætti að eiga auðvelt með að skriða niður hlíðina undan eigin þunga. Það hlýtur því að vekja

nokkra furðu að hólarnir skulu ekki fyrir löngu vera skriðnir niður hlíðina og niður í Þormódsstaðaá, því það er varla í fyrsta eða eina skiftið á síðustu 6000-9000 árum sem þær aðstæður hafa skapast, sem voru í Sölvadal vorið 1995.

Mikið vatn var í Arnbjargarhólum þegar skriðufallið hófst. Það sýnir leiráin sem fossaði úr hólunum eftir að fyrsta stykkið féll og litaði Núpá kakóbrúna. Jarðvatnið sem var í hólunum, hefur hripað niður í þá í leysingunum í júní, en eins og áður hefur komið fram var jörð ófrosin undir snjóalögum og leysingarvatn átti því greiðan aðgang beint niður í jarðlögin. Leysingarvatnið kom úr sköflum í fjallshlíðinni ofan við og úr snjóhengjum í fjallsbrúninni. ...Þá er líklegt að vatn hafi hripað í miklum mæli niður í Nónöxl, um lítt ummynduð hraunlög, sem eru efst í fjallinu og út úr því um setlögin og leirríka gjóskulagið. Undir setlögum eru ummynduð þétt hraunlög, sem hleypa ekki svo auðveldlega vatni niður í sig. Mest ætti vatnsrennslið að hafa verið út úr fjallinu um sprungur gamla berghlaupsörsins, en á ljósmyndum teknum daginn eftir skriðufallið sést að vatn hefur fossað út úr sprungunum og niður í hólana. Einmitt daginn sem skriðufallið varð, þann 29. júní, bráðnaði skaflinn uppi á fjallinu og hengjan í brúninni hvað ákafast. Það leysingarvatn hefur ef til vill verið dropinn sem fyllti mælinn.

Seinni part júní (þ.e. áður en skriðan féll) var hlíðin milli Þormódsstaða og Arnbjargarhóla orðin það þurr eftir vorleysingarnar, að skepnum var hleypt á hana. Í því sambandi er vert að minnast þess hve vatnsleiðni er hæg um leirinn í hólunum. Leirinn gæti því hafa virkað nánast eins og stífla og vatn verið safnast saman undir þýstingi, bakvið eða undir honum, meðan leirinn sjálfur mettaðist af vatni.

Á loftmyndum sem teknar voru af Arnbjargarhólum fyrir skriðufallið sést greinilegt sigsvæði í hólunum og lá Hólafjallsleiðin á neðri brún þessa veikleikasvæðis. Rétt er þó að geta þess að sigið var komið fram löngu áður en Hólafjallsslóðinn var lagður um 1960, því sigið sést á loftmyndum frá 1946.

Það var úr brún þessa veikleikasvæðis, sem skriðufallið hófst. Nyrst í hólunum, meðfram efsta hluta slóðans var skurður. Eftir skurðinum var veitt vatni í ræsi neðar í hólunum. Ræsið var við brún veikleikasvæðisins og ef það var stíflað, þá var öllu vatnsrennsli úr efri hluta hólanna og fjallinu ofan við beint inn á sigsvæðið og veikasta hluta hólanna. Þetta gæti hafa hleypt af stað fyrstu skriðunni og þar með opnað möguleika til tæmingar á vatninu sem hlaðist hafði upp á bakvið eða undir hólunum. Leiráin sem stöðugt fossaði fram úr hólunum eftir fyrstu skriðuna bendir til þess að þá hafi opnast fyrir rennsli úr einhvers konar "vatnsgeymi". Vatnsgusurnar sem af og til geystust niður skriðuörið eftir skriðufallið styðja þessa hugmynd um "vatnsgeymi". Ef til vill hefur rennslið orðið það mikið að líkast hafi verið sem stífla rofnaði og "vatnsgeymirinn" nánast sprungið fram og tekið með sér meginhluta hólanna í seinni skriðunni. Eins gæti vatnsrennslið hafa orðið til þess að að meginhluti hólanna skreið af stað á græna og sleipa leirlaginu og síðan niður hlíðina (Halldór G. Pétursson 1997).

**Skriðuhætta:** Í geilinni sem myndaðist í Arnbjargarhóla liggur talsvert af lausum stykkjum, bæði flykki úr leirlögum, sem hólarnir eru gerðir úr auk jarðvegstorfna. Þá mynduðust víða sprungur og rifur í þann hluta hólanna sem eftir sat. Búast má við að eitthvað af þessu efni eigi eftir að berast niður hlíðina á næstu árum, sérstaklega leirflykkin, því blautur er leirinn bæði þjáll og sleipur. Gera má ráð fyrir að þetta efni berist niður hlíðina eftir skriðuörinu, og jafnvel alla leið niður í Þormódsstaða. Í skriðuörinu er einnig mikið af lausum leir, sem smurðist á hlíðina við skriðufallið. Þessi leir á eftir að skolast úr skriðuörinu við leysingar og rigningar á næstu árum og berast niður í ána.

...Þá er rétt að minnst þess að við skriðufallið gjökti í brotalömum gamla framhlaupsins úr fjallinu og fundust sprungur og ummerki um heyfingar í brotsárinu ofan við Arnbjargarhóla. Hugsanlega hefur legið við að allt gamla framhlaupið legði af stað niður hlíðina og ef það hefði skeð þá hefði verið möguleiki á nýju og stærra berghlaupi úr fjallinu. Við myndun Arnbjargarhóla hljóp fram fylla úr súru gjóskulagi og setlögum sem liggja undir hraunlagabunkanum efst í fjallinu. Rétt er því að fylgjast með svæðinu á næstunni, því að frekara hrun úr hólunum getur komið af stað keðjuverkun og undangreftri. Það gæti endað með berghlaupi og að stór flykki hlypu fram úr Nónöxl. ... Sprungur, hvorki nýjar né gamlar fundust hvergi í berggrunninum í fjallinu, annars staðar en í Arnbjargarhólum og berghlaupsörinu ofan við. Að svo stöddu eru því talin lítil líkindi á hruni annars staðar úr fjallinu ofan við Þormódsstaði, en úr geilinni í Arnbjargarhóla (Halldór G. Pétursson 1997).

*Heim: Ríkisútvarpið 29.06. fréttir kl. 19. 22., 30.06. fréttir kl. 08. 12:20. 19. Ríkisútvarpið, Dagskrá á rás 2, 30.06. Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 30.06. fréttir kl. 08:15. 18:35., 25.07. fréttir kl. 18:35. Ríkisútvarpið, sjónvarp 30.06. fréttir kl. 20. Stöð 2. 30.06. fréttir 19.30. Dagur 30.06. 01.07. 26.07. 01.08. 15.08. 03.11. Mbl. 30.06. 01.07. 11.08. DV 30.06. 14.08. Tím. 01.07. 16.09. Gögn HGP. Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1996: Skriðuföllin við Þormódsstaði í Sölvadal, júní 1995. Ágrip í "Vorráðstefna 1996" bls 57-58, Jarðfræðafélag Íslands, Reykjavík. Halldór G. Pétursson 1997: Skriðuhætta í Sölvadal. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-97009.*

## 2. júlí ÓSHLÍÐ

Grjóthrun (hrunhætta).

**Veður:**

**Atburðarás:** Að minnsta kosti þrjú stór björg, féllu á Óshlíðarveg skömmu fyrir miðnætti á sunnudagskvöld (02.07.), vegurinn lokaðist þó ekki af þeim sökum en skemmdir urðu nokkrar á veginum og var hann því hættulegur vegfarendum. Björgin féllu á veginn skammt innan við Óshólavita, en þar er grjótvarnargirðing meðfram veginum. Töluverðar skemmdir urðu á grjótvarnargirðingunni, þar sem a.m.k. tvær stálsúlur brotnuðu er björgin lentu á þeim og urðu allnokkrar skemmdir á veginum. ...en ljóst er að þau (björgin) komu mjög ofarlega úr fjallinu. ...Lögreglan á Bolungarvík hafði vakt á staðnum fyrst á eftir til öryggis fyrir vegfarendur, þar sem hætta getur verið á frekara hruni eftir að slík björg hafa gert jarðrask í hlíðinni. ...Það verður að teljast frekar sjaldgæft að svona stór björg falli á veginn, grjótvarnargirðingu og vegskála (Mbl. 04.07.). ...Vegfarendur sem áttu leið um hlíðina urðu vitini að því er 12-15 tonna björgin endasteypust niður hlíðina og létu lögreglu vita hvers kyns var. ...að hluti klettaljagsins hefði hrunið ...Stærstu björgin skemmdu varnargirðingu er mikið af grjóti sat eftir í netunum. Það skemmdust sex staurar og nokkur net auk þess sem holur komu í veginn, en það var furðulítið miðað við stærð grjótsins. ...Því miður er það ekki óvanalegt að svona stór björg komi niður úr hlíðinni og þau skemma netin annað slagið. Skýringarinnar á þessu hruni má rekja til hlýindanna á sunnudag. Grjótið hefur frostsprungið í vetur og þegar hlýnar svo mikið sem var á sunnudag, er hætta alltaf fyrir hendi (Bæjarins besta 05.07.).

*Heim: Mbl. 04.07. 14.07. 27.07. Bæjarins Besta 05.07. 12.07. 26.07. Ríkisútvarpið 15.07. fréttir kl. 19. Vestfirski fréttablaðið 19.07. Veðr. júlí 1995.*

**Ath:** Í framhaldi af þessu grjóthruni urðu töluverðar umræður um grjóthrunshættu á Óshlíð og sýndist sitt hverjum. ...Sögusagnir hafa verið uppi um að bergið í

klettunum utarlega á Óshlíð sé að gliðna og að stórhætta geti skapast ef það hrynur. Talað hefur verið um að hættan sé mest á um 20 m kafla utarlega á hliðinni, á þeim slóðum sem þrjú stór björg komu niður fyrir stuttu, og hafa viðmælendur blaðsins líkt þessu við hálf gerða tímasprengju. ... Kristinn Jón Jónasson, rekstrarstjóri Vegagerðar ríkisins, sagði í samtali við blaðið að Vegagerðin hefði engar sérstakar áhyggjur af berginu, hér væri um gamlar sögusagnir að ræða, og því lítil hættu umfram þá sem er dagsdaglega. „Ég hef ekki hugmynd um það hvort bergið sé að gliðna í sundur. Það er allavega ekki neitt meira en verið hefur og fjallið hefur ekkert verið skoðað sérstaklega með það fyrir augum. Það sem þú ert að tala um er, að einhver hefur sagt að það sé sprunga uppi í klettunum. Það getur vel verið að svo sé, en við höfum ekki kannað það sérstaklega. Ég hef heyrt sögu um sprungu þarna uppi og sú saga er mjög gömul, ... Við getum þurft að bíða í 200 ár eftir því að þetta fari, og eins það geti liðið styttri tími“. ... Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur haft spurnir af ástandinu og hefur þegar kallað fulltrúa Vegagerðar ríkisins á Ísafirði til fundar um öryggismál á hliðinni (Bæjarins besta 12.07.). ... Niðurstaða fundarins var sú að það er ekki hægt að lýsa því yfir að þarna sé stórkostlega mikil hættu. Vegagerðin mun fylgjast með Óshlíðinni, eins vel og kostur er og það er ekki tilefni til að vera með neinn ótta vegna þessa að mati hennar (Bæjarins besta 26.07.).

## 5. júlí SKAGAFJÖRÐUR (Gönguskörð)

Skriða.

**Veður:** Á landinu var hvöss austan- og síðar norðaustanátt og rigning þegar úrkomusvæði þokaðist norðaustur yfir landið og var veðrið einkum slæmt um norðvestanvert landið. Þrátt fyrir miklar leysingar voru enn þá skaflar í fjöllum, eins og t.d. Tindastóli og auk þess var jarðvegur mjög blautur. Það þurfti því ekki mikla úrkomu til að hleypa af stað skriðu, en úrkomuhámörk í júlí á nokkrum mælistöðvum í nágrenninu voru: Blönduós 05.07. – 14,6 mm, Hraun 06.07. – 15,3 mm, Bergstaðir 05.07. – 10,3 mm.

**Atburðarás:** Stór aurskriða féll við bæinn Heiði í Skagafirði í nótt. Umtalsvert tjón varð á beitarnandi og óttast er að lambfé hafi drepist. ... en Gönguskörð eru skammt vestan Sauðárkróks. Auskriðan féll síðastliðna nótt og hún er um 200 m löng og 80 m breið, þar sem hún er breiðust. ... 2 hektarar túns urðu undir henni auk stórs beitarnands (Stöð 2. 05.07.). ... Mikill framburður fylgdi hlaupinu, sem féll á tún og bithaga. Minni skriða féll þarna skammt frá nýlega (08.-11.06.). Bæjarhús á Heiði voru ekki í hættu (DV 06.07.). ... segir að skriðan sé þó nokkuð stór. Hún gæti verið 400-500 m löng og hefur sennilega verið rúmlega 100 m þar sem hún er breiðust. ... Það var auðséð að hún var alveg nýfallin þarna á milli sjö og átta, því það var svo mikið vatn í henni, eins og hún hefði verið að renna fram. ... Mikil snjór var í heiðinni í vetur og byrjaði skriðan neðan við stóran snjóskafli (Dagur 07.07.). ... Ljóst er að mikið vatn hefur safnast fyrir uppi í fjallinu, vestan í Tindastóli. Jörð fór ófrosin undir snjó á síðasta hausti og fannkyngið var mikið í vetur. Enn eru skaflar í hliðum. Mikið rigndi kvöldið áður og fram á nóttina og hefur það líklega verið dropinn sem fyllti mælinn (Feykir 11.07.)

*Heim: Stöð 2. 05.07. fréttir kl. 19:30. DV 06.07. Dagur 07.07. Feykir 11.07.*



## 23 júlí STRANDIR (Kaldbakshorn) (slys/bílslys)

Skriður.

**Veður:** Þurrt, ekki leysingar.

**Atburðarás:** Stórar skriður féllu yfir veginn fyrir Kaldbakshorn á Ströndum í fyrrakvöld. Fjölskylda frá Hólmavík rétt náði að forða sér undan einni af fyrstu skriðunum, ekki þó klakklaust því átta ára telpa sem var farþegi í bifreiðinni kjálkabrotnaði og skarst í andliti þegar steinn flaug inn um hliðarrúðu bílsins. ...Fólk, sem státt var í Svansbúð í Kaldbaksvík og var á veginum að tína grjót úr fyrstu skriðunni, átti einnig fótum sínum fjör að launa. ...Kaldbakshorn er 508 m hátt og eru hliðar þess stórgrýttar. Svæðið þar sem skriðurnar féllu er oft nefnt Ófæra, vegna þess hversu erfitt yfirferðar það var og er enn. Grjóthrun úr Kaldbakshorni er ekki óalgengt, enda er vegurinn lagður utan í miklar skriður undir hamrabelti í hliðum fjallsins. Ekki er vitað hvað olli skriðunum, því ekki eru nú votviðri eða leysingar. ...Fyrstu skriðurnar úr Kaldbakshorni féllu síðdegis á sunnudag (23.07.), um kl. 15:30. ...fylgdu þeim talsverðar drunur. ...stærsta skriðan féll svo rétt fyrir kl. 19 og var að hrynja úr fjallinu til kl. 22:30 um kvöldið. Vegurinn fyrir Kaldbakshorn lokaðist vegna skriðnanna og var hann ekki opnaður fyrr en í gærmorgun. ...var stærsta grjótið líklega um 1 m í þvermál. Skriðurnar huldu veginn á köflum og tók um 1½ tíma að gera veginn færan á ný, en frekari viðgerðir bíða betri tíma (Mbl. 25.07.). ...segir grjótið vera nokkuð stórt og stærsti hnullungurinn hafi verið mældur 3 m í þvermál, en annars væru þeir svona 20-40 cm í þvermál og þaðan af minna lausagrjót (Tím. 25.07.). ...Stórir hnullungar og heil björg voru á veginum á 200 m kafla, en greiðlega gekk að ýta grjótinu út af. ...Vegagerðarmenn segja að eins og allir viti geti alltaf fallið grjót þarna á veginn, en engin ástæða sé til að ætla að meiri hætta sé á því en endranær. ...verkstjóri Vegagerðarinnar á Hólmavík segir að 50 metra breiður klettastallur efst í Kaldbakshorni hafi hrunið niður. ...sagði að nokkrir steinar hefðu fallið úr fjallinu í hádeginu, en síðan hefði allt verið með kyrrum kjörum. ...nokkrar litlar skriður hafa fallið í dag, en þær hafa ekki náð niður á veginn (Ríkisútvarpið 24.07.).

**Slysið:** ...Átta ára telpa kjálkabrotnaði og skarst illa þegar oddhvass steinn fór í gegnum rúðu á bifreið fjölskyldu hennar. ...Um kl. 16 á sunnudag keyrði fjölskyldan fyrst fram á skriðu á veginum sem fallið hafði nokkru áður, en lenti síðan í fremsta broddi annars skriðufalls. Hún þurfti ásamt nokkrum öðrum vegfarendum að fjarlægja grjót úr fyrri skriðunni af veginum undir Kaldbakshorni til að geta haldið ferð sinni áfram. ...Rétt í þann mund sem fjölskyldan tók af stað að nýju heyrði hún dyn úr fjallinu. „Við sáum að fólkíð sem hjálpaði okkur við að hreinsa veginn tók til fótanna ...þá gerðum við okkur grein fyrir því að önnur skriða væri að falla í brattri hliðinni. Við gáfum allt í botn og vorum mjög nærri því að sleppa við að lenda í skriðunni. Fyrsti steinninn í skriðunni hæfði aftur á móti bílinn, braut rúðu og lenti á andliti dóttur minnar“. ...að mikil skelfing hafi gripið um sig í bílnum en enginn annar hafi slasast. ...Ekki urðu aðrar skemmdir á bílnum en að rúða brotnaði. ...„Skriðan ruslaðist niður fyrir aftan bílinn, ...það mátti ekki muna neinu og hefði getað farið helmingi verr. Ég keyrði alltaf eins og ég þorði og sá alltaf skriðuna út um framgluggann. Ég vildi ekki lenda í svona aftur“ (Mbl. 25.07.). ...Tja, þetta er eiginlega bara fyrsti steinninn í skriðunni, sem kemur niður lendir í rúðunni og brýtur hana og lendir svo beint í hökunni á stelpunni, og hún kjálkabrotnar. ...bara mikið blóð og stór skurður, og hún kjálkabrotnaði í þessu höggi, þetta er náttúrulega mikið högg. ...Steinninn sem kom inn um rúðuna var eins og handbolti á stærð og vó hann um 800 g (Stöð 2. 24.07.).

**Aðstæður, orsakir:** ...Þorsteinn Sæmundsson frá Veðurstofunni skoðaði verksummerkin í dag. Þetta virðist hafa verið þannig, að það hefur brotnað talsvert ofarlega í fjallinu, í ca. svona 400 m hæð og þar hafi byrjað að falla eitthvað grjót og síðan hafi skriðuörið eða hrunið breikkað svolítið, en þetta er hrun sem síðan hefur fallið ofan í skriðuvænginn. Geturðu sagt af hvaða orsökum þetta er? Tja, ég held að þetta séu nú bara náttúrulegar orsakir. Það var kominn tími á að þetta færi, þetta er mjög laust í sér, allt þarna uppi þannig að ég held að þetta sé bara ósköp eðlilegt (Ríkisútvarpið 25.07.). ...Kaldbakshorn tilheyrir tertíera jarðlagastaflanum, ...jarðlagahalli á þessu svæði er til sjávar. Út af jarðlagahallanum er bergstálið lárétt eða hallar lítillga fram yfir sig. Hæð hamrabeltisins er um 200 til 250 m. Þar fyrir neðan tekur við mjög brattur skriðuvængur sem nær alla leið niður í sjó á norðaustanverðu horni fjallsins. ...Vegstæðið liggur í skriðuvængnum fyrir norðaustanvert horn fjallsins. ...Vegna legu vegarins í skriðuvængnum er hætta á grjóthruni þarna mikil þar sem hann liggur í virkri skriðu. ...Efri hluti fjallsins var einnig athugaður og er ekki hægt að segja annað en að þar sé ástandið ekki eins og best verður á kosið. Efstu hraunlögin þar eru sprungin og laus í sér og er full ástæða til að vara við því að stærrri steinar geti hrunið þar niður. Einnig má benda á það að úr bergstálinu sjálfu geta fallið mun stærra stykki, Að neðanverðu er greinilegt að það hafa einhvern tímann, þó kannski ekki fyrir svo löngu síðan, losnað frá stór stykki úr bergstálinu. ...Orsökina fyrir þessu hruni er sú að björg hafa fallið úr bergstálinu. Líklegt er að hrunið hafi úr á tveimur stöðum. Annars vegar í um 100 metra fyrir neðan brún og svo hinsvegar mun ofar. Þegar bergið losnaði hrapaði það niður og slóst í hamravegginn og tók með sér meira efni úr skriðuvængnum. Megin hluti efnisins sem barst niður á veginn er ættaður úr skriðuvængnum sjálfum. Það er líklegast að hrun þetta hafi átt sér eðlilega orsök (Þorsteinn Sæmundsson, Veðurstofunni).

*Heim: Ríkisútvarpið 23.07. fréttir kl. 19. 22., 24.07. fréttir kl. 09. 11. 12:20., 25.07. fréttir kl. 19. Ríkisútvarpið, sjónvarp 23.07. fréttir kl. 20., 24.07. fréttir kl. 20. Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 24.07. fréttir kl. 18:35. Bylgjan 24.07. fréttir kl. 12. Stöð 2. 25.07. fréttir kl. 19:30. DV 24.07. 25.07. Mánudagspósturinn 24.07. Tím. 25.07. Mbl. 25.07. Bæjarins Besta 26.07. Strandapósturinn 29. Þorsteinn Sæmundsson, Veðurstofunni, vinnuskýrsla 0295.*

## ág. ÓSHLÍÐ (Seljadalur)

Skriður.

**Veður:**

**Atburðarás:** Komið var að tveimur nýföllnum aurskriðum þegar starfsmenn Veðurstofunnar gengu upp á Hádegisfjall og Arafjall þ. 10 ág. 1995. ...Í norðurhlíð dalsins (Seljadalur) blöstu við tvær aurskriður sem fallið hafa á síðustu vikum. Upptök þeirra eru í hamrabeltinu í um 450-500 m hæð yfir sjó. Þær byrja báðar sem litlar spýjur, sem síðan magnast þegar neðar dregur. Báðar skriðurnar leituðu niður í farvegi í giljum í hlíðinni og dreifðust síðan út fyrir neðan þau.

*Heim: Þorsteinn Sæmundsson, Veðurstofunni, vinnuskýrsla 0695.*

## 2. ág. STRANDIR (Kaldbakshorn) (bíslýs)

Grjóthrun.

*Veður:*

*Atburðarás:* Kassi á flutningabíl tættist í sundur þegar grjót féll á hann úr Kaldbakshorni við Kaldbakskleif, á Ströndum í gærkvöldi (laust eftir kl. 23). Hús ökumanns varð hins vegar ekki fyrir grjóti. Fyrir tæpum hálfum mánuði féll skriða á svipuðum stað. Gatið sem kom á kassann, á þeirri hlið sem sneri að fjallinu er um 1 m í þvermál. Grjótið fór síðan gegnum gólfið á bílnum, skemmdi festingar á undirvagni talsvert og tætti hliðina á kassanum sem frá hliðinni sneri meira og minna úr. Þrátt fyrir skemmdirnar á bílnum tókst ökumanni að halda ferð sinni áfram. ...nokkur ungmenni sáu að hverju dró og reyndu árangurslaust að vara ökumanninn við og horfðu síðan á grjót fara í gegnum bílinn. ...Faðir bílstjórans var í öðrum bíl á eftir, en hann slapp og komst í gegnum grjótmulninginn á veginum, eftir að þeir feðgar höfðu hnikað til nokkrum steinum. Sumir hnallunganna sem runnu úr hliðinni staðnæmdust ekki á veginum heldur þeyttust niður í sjó. Veginum var lokað í gærkvöldi vegna grjóthrunsins. ...Ruðningstæki fór síðan frá Hólmavík í morgun og hreinsaði veginn ...Hann segir að skriðan hafi ekki verið stór. ...Þetta er svona 30 m breitt svæði, þar sem þetta hefur hrunið, þetta eru svona stórsteinar, sumir upp í 0.5 m í þvermál og eru þarna á víð og dreif og margir sjálfsagt farið yfir veginn og fram af. Þetta er ekki mikið magn, sko svona eitt gott vörubílshlass. Þetta er ekki á sama stað og um daginn. Þetta er heldur norðar, svona 100 m norðar ef eitthvað er (Ríkisútvarpið 03.08.). ...Það var guðsmildi að ekki fór verr. Það virðist hafa losnað stykki á stærð við hús, úr horninu, um 400 til 500 m fyrir ofan veginn, og um 2 tonna flís úr því lent á bílnum. Kassinn á bílnum er eins og eftir sprengjuárás. ...Ég þakka fyrir að bíllinn skuli hafa haldist á hjólunum (DV 03.08.). ...að það hafi munað sekúndubroti að grjótið hefði lent á stýrishúsi bifreiðarinnar. Hann segir að mikið hafi rokið úr skriðunni, sem hafi farið nær öll beint út í sjó. Það fór sylla úr fjallinu á stærð við íbúðarhús, ...flís úr henni fór í gegnum bílinn og niður í grindina og endaði beint í sjónum fyrir neðan veginn. Lítið fór á veginn sjálfan. ...Við sáum bara reyk og eitt stórt grjót velta niður hliðina. Grjótið var a.m.k. 20 sek. að fara efst úr fjallinu og niður. ...að augljóst sé á skemmdunum að steinninn hafi farið í gegnum bifreiðina þegar hún var á ferð, því steinninn hafi farið út um metra aftar en hann kom inn í bílinn (Mbl 04.08.). ...Það hefur alltaf verið að falla steinn og steinn úr fjallinu, en þetta hefur verið með mesta móti í sumar (Tím. 04.08.).

*Heim: Ríkisútvarpið 03.08. fréttir kl. 09. 10. 12:20. Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 03.08. fréttir kl. 18:35. DV 03.08. 10.08. Mbl. 04.08. Tim. 04.08. Strandapósturinn 29.*

*Ath:* Um skýringar á grjóthruninu og nánari lýsingar á aðstæðum vísast til umfjöllunar hér á undan, um atburðinn sem varð í Kaldbakshorni 23. júlí.

## 24. sept. LANDMANNALAUGAR

Grjóthrun.

*Veður:* Djúp lægð fór norðaustur yfir landið þ. 24. með mikilli slyddu og rigningu í öllum landshlutum, en ekki er ljóst hvort veðurfarið hafði nokkuð að gera með grjóthrunið.

*Atburðarás:* ...Stórt brot féll úr klettunum á veginn inn í Landmannalaugar á sunnudag (24.09.). Vegurinn lokaðist en ferðalöngum á tveimur bílum, sem voru

staddir fyrir innan tókst að bera grjótið frá, til að þeir kæmst leiðar sinnar. ...Ég var staddur við skálann í Landmannalaugum og horfði á þetta. Það leyndi sér ekki hvað var að gerast. Þetta var stórt brot úr klettunum sem tvístraðist og sumir steinanna fóru um það bil 100 metra út á eyrnar.

*Heim: DV 27.09.*

### 30. sept.-1. okt. VESTUR-EYJAFJÖLL, HVALNESSKRÍÐUR, ÞVOTTÁR-SKRÍÐUR

Grjóthrun.

**Veður:** Gekk í hvassa austanátt á landinu með rigningu aðfaranótt þ. 29. og austan hvassviðri og rigning um allt land þ. 30. og þ. 1. Fokskaðar urðu á austanverðu landinu og snjóflóð féllu á heiðum á Vestfjörðum.

**Atburðarás:** Minnstu munaði að fólksflutningabifreið yrði undir grjótskriðu við Holtsá undir Eyjafjöllum í nótt (30.09. kl. 01:30). ...þegar stærðar grjóthnullungur þeyttist yfir veginn fyrir framan bílinn og splundraðist. ...og segir bílstjórinn að grjótið hafi verið allt að tvö tonn á þyngd. ...Fleiri hnullungar féllu á veginn í skriðunni og fjarlægði lögreglan á Hvolsvelli grjótið af veginum. ...var hann staddur rétt austan Holtsár á hringveginum, en þar undir hlíðum er hætta á grjóthruni. ...og við vorum bara þarna á fullri siglingu, svo bara allt í einu sjáum við í ljósunum stærðarbjarg koma fljúgandi fyrir framan bílinn svona 5 m fyrir framan við. Hann bara flaug yfir veginn og splundraðist á grjóti hinu megin við veginn, með eldglæringum og látum. Okkur dauðbrá náttúrulega, en héldum nú áfram, en þá kemur annar, en hann var nú heldur minni sá, og hann lenti nú bara á miðjum vegi, en við sluppum nú við hann sem betur fer (Ríkisútvarpið 30.09.).

...Vegurinn um Hvalnes- og Þvottáskriður lokaðist vegna grjóthruns (01.10), en búið er að ryðja grjótinu af veginum (Ríkisútvarpið 01.10.).

*Heim: Ríkisútvarpið 30.09. fréttir kl. 16. 19., 01.10. fréttir kl. 12:20.*

### 5.-6. okt. ALMENNINGAR, MÁNÁRSKRÍÐUR

Jarðsig, grjóthrun.

**Veður:** Þessa sólarhringa var mikið úrhelli á Siglufirði og víðar á norðanverðu landinu, mældist t.d. sólarhringsúrkoma á Sauðanesi um 50 mm (06.10. – 49,3 mm). Þessi mikla úrkoma var frekar staðbundin, því að á sama tíma mældist sama sem engin úrkoma á Sauðárkróki.

**Atburðarás:** ...Mikið grjóthrun hefur verið á leiðinni frá Ketilási í Fljótum til Siglufjarðar síðan í gær (05.10.). ...hefur grjóthrunið hefur verið mest í Mánarskriðum. Stórir flutningabílar komust þó til Siglufjarðar í nótt en vegurinn var í morgun talinn mjög varhugaverður og varla fær litlum bílum (DV 06.10.).

...Ekki er getið um skriðuföll eða grjóthrun á Siglufirði, en einungis um vatnavexti og flóð. Þess er þó getið að menn hafi verið farnir að óttast aurskriður. Miðað við úrkomumagnið er þó ekki ólíklegt að einhverjar spýjur hafi farið af stað (Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 1999).

Í lok sept. - byrjun okt. var unnið við almennar vegabætur á veginum um Almenninga, en eftir að tók að rigna í fyrstu viku í október (eftir 05-06.10.) kom skyndilega fram sig á veginum (Upplýsingar frá Vegagerðinni á Sauðárkróki – gögn HGP).

*Heim: Ríkisútvarpið 05.10. fréttir kl. 24., 06.10. fréttir kl. 08. 09. 12:20. Dagur 06.10. 07.10. Mbl. 06.10. 07.10. DV 06.10. Tím. 07.10. Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 1999: Skriðuföll á Siglufirði. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-99011. Gögn HGP.*

## 12. nóv. ESJA

Grjóthrun.

**Veður:** Mikil þoka mun hafa verið í Reykjavík þessa daga, sennilega hlýtt og rakt.

**Atburðarás:** Grjóthrun varð úr efstu brún í hvilftinni við Þverfellshorn í Esjunni. Ekki var þetta mikið hrun en mikill hávaði fylgdi því.

*Heim: Þorsteinn Sæmundsson, Veðurstofunni.*

## 2.-5. des. VATTARNESSKRIÐUR, KAMBANESSKRIÐUR, ÞVOTTÁRSKRIÐUR, HVALNESSKRIÐUR, GRAFNINGUR, KJÓS, BÚLANDSHÖFÐI, GILSFJÖRÐUR, PATREKSFJÖRÐUR, ARNARFJÖRÐUR, DÝRAFJÖRÐUR, ÓSHLÍD, SÚÐAVÍKURHLÍD, ÍSAFJARÐARDJÚP (Laugardalur)

Skriður, grjóthrun.

**Veður:** Mikil úrkoma var á landinu þessa dagana og oft var mjög hvasst þegar hver lægðin á fætur annarri gekk yfir landið. Auk þess var tiltölulega hlýtt miðað við árstíma. Öhemju vatnsmagn safnaðist fyrir í jarðvegi og urð og skilaði sér seint þaðan. Skriðuföll og grjóthrun voru meira og minna alla dagana, víða urðu vatnavextir og vegaskemmdir.

Nokkrar mælingar á sólarhringsúrkomu þessa dagana: Kollaleira 03.12 – 53,6 mm, Nesjavellir 05.12. – 104,2 mm, Kvígindisdalur 05.12 – 75,3 mm, Hólar í Dýrafirði 05.12. – 131,5 mm, Hrafnabjörg (Laugardal/Ísafjarðard.) 05.12. – 39.9 mm.

**Atburðarás:** ...Vegagerðin á Austurlandi varar við grjóthruni vegna mikillar rigningar. Það hefur hrunið grjót í Kambanes- og Hvalnesskriðum og einnig í Vattarnesskriðum (Ríkisútvarpið 02.12.). ...Töluverð röskun varð á samgöngum þegar aurskriða teppti veginn um Þvottárskriður, milli Djúpavogs og Hornafjarðar seinnipart laugardags sl. (02.12.). Talið er að á veginum hafi verið um 3-5000 m<sup>3</sup> af jarðvegi (Mbl. 05.12.).

**Grafningur:** ...Óveðrið aðfaranótt sunnudags (03.12.) olli skemmdum á veginum í Grafningi á milli Nesjavalla og Heiðarbæjar í Þingvallasveit. Mikið vatn hefur flætt um veginn og tekið hann í sundur á nokkrum stöðum þannig að hann er erfiður fyrir fólksbíla. Þar sem vegurinn liggur með Þingvallavatni hafði grjót fallið úr hlíðinni fyrir ofan og á miðjan veginn (Mbl. 05.12.).

**Kjós:** Í Kjós urðu töluverð skriðuföll þ. 04.12. Úr Reynivallahálsi féllu stórar skriður ofan við Neðriháls og Grímsstaði. Flest gil spýttu úr sér og rekja mátti ummerki inn undir Vindáshlíð, en þar var stór skriða í hálsinum gegnt Möðruvöllum. Öll gil í norðanverðu Meðalfelli inn undir Þorlaksstaði höfðu spýtt úr sér, en mest var þetta yst í fjallinu. Úr Eyrarfjalli höfðu fallið spýjur í hlíðinni ofan við Eyri og stór skriða hafði fallið úr gili í fjallinu innan við bæinn (Gögn HGP).

**Búlandshöfði:** ... Um tíma var ófært um Búlandshöfða vegna grjóthruns og þar féllu aurskriður (Ríkisútvarpið 05.12.).

**Gilsfjörður:** ... Vegir á Austfjörðum voru ófærir í gær (vegna skriðufalla) og einnig í Gilsfirði, en þar er nú búið að opna (Ríkisútvarpið 03.12.).

**Patreksfjörður:** ...Tvær aurskriður féllu á veginn í Skálpadalshlíð og lokaðist mjólkurbíll á milli þeirra. ...Stærri skriðan er 60 m breið og 6 m þykk, þar sem hún er þykkust á veginum. Það var því mikil mildi að skriðan féll rétt aftan við mjólkurbílinn. Mikil bleyta er í jarðveginum og því hættulegt að reyna að ryðja veginn. ...Þá féll skriða á Raknadalshlíð í kvöld, en hún náði ekki niður á veginn (Ríkisútvarpið 04.12.). ...sagði að önnur skriðan hefði verið um 4 m há og um 100 m breið, en hin eitthvað minni. Hann sagðist ekki hafa verið í neinni hættu vegna skriðufallanna. ...„Það er búið að vera óhemju vatnsveður hérna og aurskriður og kemur þetta efst ofan úr hömrum og niður. ...og þegar ég ætlaði að fara til baka aftur kom ég að annarri um 0,5 km í burtu. Hlíðin þarna er öll á floti“ (Mbl. 05.12.). ...Skv. upplýsingum Vegagerðarinnar á Patreksfirði þá var þarna mokað burt um 14.000 m<sup>3</sup> á stuttum kafla (Gögn HGP).

**Arnarfjörður:** Í Arnarfirði hafði greinilega verið töluvert um skriðuföll. Í fjallshlíðinni í austanverðum Reykjafirði höfðu fallið 8 stórar skriður og a.m.k. 10 spýjur. Sumar þeirra fylgdu giljum eða skorningum í hlíðinni, alveg ofan úr fjallstoppi og niður. Aðrar höfðu fallið úr miðri hlíð á milli giljanna. Skv. upplýsingum Vegagerðarinnar á Patreksfirði hvarf vegurinn á löngum kafla þarna undir hlíðinni í þunnfljótandi eðju, um 0,5 m þykka. Hún var þó auðveld viðureignar því snjóplógur ruddi henni af veginum. Í Fossfirði höfðu einnig fallið 8-10 stórar skriður og spýjur úr Þernudalshlíð. Þær fylgdu allar, giljum eða farvegum niður undir sjó. Þá höfðu einnig fallið 2 eða 3 skriður í austanverðum Otradal (Gögn HGP).

**Dýrafjörður:** ...Úrkoma mældist 56 mm í Dýrafirði í nótt (05.12.) og féllu aurskriður utan við eyðibýlið Grænanes (Ríkisútvarpið 05.12.). ...En þar sem stórrigning hafði verið um nóttina (03.12.), var vegurinn um Eyrarhlíð í Keldudal lokaður vegna grjóthruns (Vestfirska fréttablaðið 06.12.).

**Óshlíð/Súðavíkurhlíð:** ...Á Óshlíð og Súðavíkurhlíð féllu minni skriður en vegurinn hélst opinn (DV 05.12.).

**Ísafjarðardjúp/Laugardalur:** ...Þann 4 des. 1995 féll skriða úr skriðuörinu frá 1936 (um 400 m innan við bæinn Laugarból). Hún átti upptök sín ofar í brúninni en stóra skriðan og féll niður á jafnsléttu og yfir girðingu sem liggur rétt ofan við vegslóðann inn dalinn. ...Úrkomumælirinn á Hrafnabjörgum (í Laugardal) sýndi þá tæplega 40 mm sólarhringsúrkomu kl. 09 þ. 5. des. (Þorsteinn Sæmundsson 1998)

*Heim: Ríkisútvarpið 02.12. fréttir kl. 16. 19., 03.12. fréttir kl. 12:20. 19., 04.12. fréttir kl.12:20. 19. 22.; 05.12. fréttir kl. 12:20. Mbl. 05.12. 06.12. DV 05.12. 07.12. Vestfirska fréttablaðið 06.12. Bæjarins Besta 06.12. Kristján Oddson, Neðri Háls, Kjós. Þorsteinn Sæmundsson 1998: Mat á aurskriðuhættu fyrir ofan bæinn Laugarból í Laugardal, Ísafjarðardjúpi. Veðurstofa Íslands, greinargerð, VI-G98036-ÚR29. Gögn HGP.*

**Ath:** Skriðuföllin virðast hafa hafist á Austfjörðum þ. 2. og 3. og þá falla einnig skriður í Gilsfirði, Grafningi og Dýrafirði. Annað áhlaup er þ. 4. og 5. og þá falla m.a. skriður í Kjós, Patreksfirði, Búlandshöfða, Ísafjarðardjúpi og aftur í Dýrafirði.

## 10. des. INGÓLFSFJALL

Skriða, krapahlaup.

**Veður:** Þ. 9. var lægð að nálgast landið úr suðvestri og fór úrkomusvæði hennar norður yfir um nóttina með stífri suðaustanátt og rigningu í öllum landshlutum. Svo virðist að áður hafi kyngt niður snjó, en síðan gert óhemju vatnsveður.

**Atburðarás:** Á sunnudaginn (10.12.) í vatnsveðrinu mikla féll aurskriða úr Ingólfsfjalli fyrir ofan Biskupstungnabraut á móts við bæinn Laugarbakka. Minnstu

munaði að skriðan hefði lokað veginum, en hún rann að vegkantinum og stöðvaðist þar. Starfsmenn Vegagerðarinnar á Selfossi unnu við það á þriðjudaginn að moka skriðunni í burtu en um 20 vörubílar voru keyrðir í burtu með þessu efni eða um 200m<sup>2</sup> (Dagskráin, Selfossi 14.12.). ... Aðfaranótt 10. des. vaknaði fólk í sumarbústað við Helludal í Haukadal í Biskupstungum við hávaða. Þegar fólk kom út hafði krapahlaup eða aurskriða tekið sundur veginn að bústaðnum og borið til þung leiktæki sem stóðu í „þurrum farvegi“ ofan við veginn. Sennilega var hér á ferðinni krapahlaup, en það féll úr skógi vaxinni hlíð Bjarnarfells (Gögn HGP).

*Heim: Dagskráin, Selfossi 14.12. Gögn HGP.*

## 11. des. FÁSKRÚÐSEFJÖRÐUR (Staðarskriður) (bílslýs)

Grjóthrun.

*Veður:* Mikil hlýindi voru fyrri hluta mánaðarins og fylgdi þeim oft mikil úrkoma. Þann 11. rigndi t.d. nokkuð austan til á landinu, þótt mun meira hafi rignt þar fyrr í mánuðinum.

*Atburðarás:* Minnstu munaði að bíll lenti fram af veginum í Staðarskriðum á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar síðdegis í dag (11.12.), þegar stór steinn féll á bílinn. Tveir menn voru á ferð í nýjum jeppa, þegar steinninn lenti á vinstra framhorni hans og kastaði honum til á veginum. Bíllinn er stórskemmdur og óökufær, en grjótið kastaðist áfram, fram af veginum og í sjó fram. Þarna eru hátt í 100 m niður og nánast þverhnipt. Mikið hefur rignt á þessum slóðum að undanförmu (Ríkisútvarpið 11.12.). ... „Lánið okkar var hvað bjargið kom framarlega á bílinn. Ef það hefði komið aðeins aftar, þá held ég að ekki hefði þurft að binda um sár“. ... að grjót hrundi á nýlegan Cherokee-jeppa hans í miðjum Staðarskriðum við Fáskrúðsfjörð laust eftir kl. 17 í gær. ... Þeir sluppu báðir ómeiddir en bíllinn er stórskemmdur. ... „Við rétt komum auga á einhverja hvíta flygsu, sem reyndist vera heilmikið bjarg. Það skall á bílnum framanverðum, það var gífurlegt högg sem bíllinn fékk. ... Það var svarta myrkur og enginn möguleiki á að sjá steininn þegar hann fór af stað. Maður hefði trúlega séð hann nógu snemma í björtu“ ... Þeir fóru út til að gæta að því hvort meira hrun væri á leiðinni og sáu að annar steinn hafði hrundi aftan við bílinn (Mbl. 12.12.).

*Heim: Ríkisútvarpið 11.12. fréttir kl. 19. Mbl. 12.12. DV 12.12. Austri 14.12. Veðr. des.*

## des. SUÐURSVEIT

Skriða.

*Veður:* Miklil rigning, staðbundin?

*Atburðarás:* Rétt fyrir jól, í mikilli rigningu féllu margar skriðuspýjur úr fjallinu ofan við bæinn Jaðar, rétt hjá Kálfafellsstað í Suðursveit. Jörð var lítt gödduð, þannig að vatnið fletti þökupykkt ofan af. Þó nokkrar gróðurskemmdir urðu og er þess getið að bæði aðstæður og úrkoman hafi verið óvenjuleg.

*Heim: Ingimar Bjarnason, Jaðri, Suðursveit.*



**Mynd 1:** Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 1995.



1996

## 17. jan. HVALFJÖRÐUR, ÓSHLÍÐ

Skriða, grjóthrun.

**Veður:** Hvöss sunnanátt var um mikinn hluta landsins þ. 16. og fram eftir degi þ. 17. ...og víða mikil rigning vestanlands og sunnan. Foktjón varð t.d. í Hnífsdal og er þess getið að aftakaveður hafi verið í Hvalfirði. (Neðra Skarð 18.01. – 22,4 mm, Andakílsársvirkjun 18.01. – 33,7 mm, Bolungarvík 18.01. – 30,5 mm)

**Atburðarás:** ...Vegagerðin fjarlægði í morgun tvo steina, sem féllu á þjóðveginn við innanverðan Hvalfjörð. Nokkrir flutningabílstjórar höfðust við í Hvalfirði í nótt, þar sem þeim þótti ekki ráðlegt að halda áfram vegna veðurs (Ríkisútvarpið 17.01.). ...Skriða féll á veginn í Hvalfirði, sunnan Botnsskála í nótt. Lokaðist vegurinn nær alveg, en þó komust bílar framhjá með því að aka yst á vegarkantinum. Í morgun biðu engu síður nokkrir bílar þess að Vegagerðin ryddi aurnum af veginum. Mikið vatnsveður var í nótt samfara hvassviðrinu (DV 17.01.).

...en á minni myndinni sést hvernig þiðan í gærmorgun kom á stað grjóthruni á veginum um Óshlíð. Þessi björg höfnuðu á veginum skammt frá einum vegskálanum (Mbl. 18.01).

*Heim: Ríkisútvarpið 17.01. fréttir kl. 12:20. DV 17.01. Mbl. 18.01.*

## febr./mars VESTMANNAEYJAR (Stórhöfði)

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Mikið bjarghrun hefur verið í Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Urð hefur myndast neðan við bjargið, skammt norðan við Sölvaflá. ...Verksummerki benda til þess að bjargstykki hafi brotnað í heilu lagi úr bjarginu í svonefndri Rauf sem er vestan í Stórhöfða. Stykkið féll á sjóflána neðan við, sem er vinsæll sölvatekjustaður, sundraðist þar og myndaði mikla urð neðan við bjargið sem nær talsvert fram í sjóinn. Höggið sem hrunið framkallaði kom fram á jarðskjálftamæli sem staðsettur er í veðurathugunarstöðinni á Stórhöfða. ...Þær eru varasamar brúnirnar í Stórhöfða, þessi hluti brúnarinnar getur hrunið hvenær sem er, ef marka má sprunguna sem hér hefur myndast. ...„Mér finnst hafa verið meira um stór hrun núna síðustu 20 árin, heldur en 20 árin þar á undan. Þetta hafa verið núna a.m.k. 4 stór hrun, tja síðustu 20 árin. Fyrir tæpum tveimur árum var gríðarlegt hrun austan í Stórhöfðanum og sér þess enn stað. ...Sýnist þér fleiri staðir vera á niðurleið núna? Ja það er eitt nef sem slútir orðið fram yfir sig, ég get alveg búist við því að það fari alveg á næstu áratugum“. (Ríkisútvarpið 28.04.).

*Heim: Ríkisútvarpið, sjónvarp 28.04. fréttir kl. 20. DV 29.04.*

**Ath:** Ekki hafa fundist aðrar heimildir um fyrri grjóthrun í Stórhöfða og því erfitt að tímasetja þau, því aðspurður mundi ábúandi og veðurathugunarmaður á Stórhöfða ekki nákvæmlega hvenær í febr./mars 1996 hrunið varð, en eflaust má finna nákvæma dag- og tímasetningu með því að kanna gögn úr jarðskjálftamælinum á Stórhöfða.

## **mars/apr. VESTMANNAEYJAR (Herjólfsdalur)**

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** ...Svo virðist sem töluvert mikið grjóthrun hafi átt sér stað í Herjólfsdal að undanfögnu. Stórir og miklir hnellingar eru fyrir botni dalsins sem hrunið hafa úr fjallinu.

*Heim: Fréttir Vestmannaeyjum 11.04.*

## **9. maí ÖXNADALSHEIÐI**

Skriða.

**Veður:** Hret var á landinu fyrri hluta maímánaðar, víða snjókoma og slydda. Síðan hlýnaði og mikil úrkoma var víða á landinu. Eflaust hafa orðið víða leysingar þegar svona mikið rigndi niður í sjóinn, samfara hlýindunum.

**Atburðarás:** Um 20 m breið aurskriða féll yfir þjóðveginn, Skagafjarðarmeginn við Giljareiti á Öxnadalsheiði snemma í gærmorgun. Skriðan var um 1 m á þykkt þar sem hún var þykkust. Vegurinn lokaðist í um tvo klukkutíma af þessu sökum. ...sagði að tilkynnt hefði verið um aurskriðuna skömmu fyrir kl. 07 í gærmorgun (09.05.). ...Enn er klaki í jörðu í fjallinu, en skriðan hefur farið af stað þegar þurr jarðvegur mettaðist. Töluverð rigning var á þessum slóðum í fyrrinótt og fram eftir morgni (Mbl. 10.05). ...vegna aurskriðu sem féll á hann í Skógarhlíð, sem er vestarlega á heiðinni (Dagur 10.05.).

*Heim: Ríkisútvarpið 09.05. fréttir kl. 08. DV 09.05. Mbl. 10.05. Dagur 10.05.*

## **maí ÓSHLÍÐ**

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Í síðustu viku (vikuna 20.-26.05) féll nokkuð stór steinn úr Óshlíðinni og hafnaði í öryggisneti við veginn um hlíðina.

*Heim: Bæjarins Besta 30.05.*

## **júní SÚÐAVÍKURHLÍÐ**

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Menn á leið um Súðavíkurhlíð tóku eftir því að grjót hafði hrunið á veginn, úr hraunlagi beint ofan við. Hugsanlega hefur grjóthrunið verið það mikið að vegurinn hefur lokast, en hann hafði verið hreinsaður þegar þeir voru þar á ferðinni. Grjóthrunið varð einhvern tíma daganna 10.-12. júní.

*Heim: Hreggviður Norðdahl, Raunvisindastofnun Háskólans.*

## júní BLEIKSMÝRARDALUR, HJALTADALUR

Skriður.

*Veður:* Leysingar.

*Atburðarás:* Nokkur skriðuföll urðu í Bleiksmýrardal og Hjaltadal, inn af Fnjóskadal við vorleysingar í júní. Í öllum tilvikum voru það gil sem hlupu og gátu menn sér þess til að snjó- eða krapastíflur hefðu stíflað upp gilin. Þegar stíflurnar brustu fylgdu vatnsflóðunum skriður.

*Heim:* *Lúther Gunnlaugsson, Veisuseli, Fnjóskadal. Gögn HGP.*

## 3. júlí HVALEJÖRDUR

Grjóthrun.

*Veður:* Skúrir sunnanlands þ. 3. og 4., en að mestu leyti þurrt.

*Atburðarás:* Grjót hrundi á Hvalfjarðarveg í morgun. Talið er að steinn, eins konar grettistak hafi hrunið úr bergi við Líparítnámurnar í Hvalfirði. ... Starfsfólk líparítverksmiðjunnar segir þetta hrun ekkert einsdæmi. Það komi oft fyrir að fjarlægja þurfi grjót af þjóðveginum með traktorsgröfum. Í morgun velti kröftugur starfsmaður hins vegar grettistakinu af veginum.

*Heim:* *Ríkisútvarpið 03.07. fréttir kl. 12:20.*

## 7. júlí ÓSHLÍÐ

Grjóthrun.

*Veður:* Talsverð úrkoma var á Vestfjörðum þ. 7., en úrkomusvæði lægðar yfir Grænlandi náði þangað.

*Atburðarás:* Grjóthrun varð á veginn um Óshlíð um kl. 22 í gærkvöld (07.07.). Um tólf björg, 100 til 500 kg. hvert, hrundu á veginn á móts við Sporhamar. Sum bjarganna stöðvuðust ekki á veginum heldur sentust alla leið í sjó fram. Vegurinn til Bolungarvíkur lokaðist vegna hrunsins. ... Lögreglan á Ísafirði segir að ástæðan fyrir því að björgin losnuðu, gæti verið að það rigndi á þessum slóðum í gær, eftir þurrviðri undanfarið. Óshlíðarvegur skemmdist þar sem grjótið féll og holur eru í malbikinu.

... Á annan tug manns slapp með skrekkinn í gærkveldi, þegar grjót féll á veginn um Óshlíð. Jón Guðbjartsson sem var einn í bíl sínum á leið til Bolungarvíkur lenti í miðju hrunsins og sá heilu björgin falla allt í kringum bílinn, en slapp þó ómeiddur. Hann segir að öryggisnet sem er fyrir ofan veginn á þeim stað sem hrunið varð hafi líklegast bjargað lífi sínu. ... Sex fólksbílar voru á ferð um Óshlíðarveg á móts við Sporhamar um leið og mikið grjót féll á veginn, en bíll Jóns var þó sá eini sem lenti í miðju hruninu og því mikil mildi að ekki fór ver. Jón segir að hann hafi verið að stilla útvarpið í bílnum, þegar grjót á stærð við fiskikar lenti um 10 m fyrir framan bílinn. „Og þegar ég lít út til hliðar þá sé ég að það eru að koma þarna yfir mig steinar, allt í kringum mig, yfir bílinn, og fyrir aftan bílinn og í netið sem var við hliðina á bílnum. Ég reyndi svona að gera mér grein fyrir hvert þeir voru að falla þessir steinar sem voru í loftinu, eða spinnast upp í loftið í hliðinni, það sem ég sá fyrir moldarryki og óþverra uppi í hliðinni“. ... Jón segir að sér hafi tekist að bakka eina 50-60 m og komist þannig út úr hruninu. Minnstu munaði að bíll sem var rétt á undan Jóni yrði undir einu grjótinu, og giskar Jón á að aðeins örfáir metrar hafi verið í stuðarann á þeim bíl, þegar fyrsti hnallungurinn féll á veginn. ... en Jón segir að öryggisnetin

mættu ná yfir lengri vegarkafli, en þau gera á þessum stað. „Ef ég hefði verið kominn einni billengd lengra þá var ekki til net til að verja mig, en þar var mest allt grjótið að koma niður og stærstu steinarnir. Netið endar þarna við þar sem þetta grjót kom“. (Ríkisútvarpið 08.07.). ...en stálnet sem í girðingunni er stöðvaði marga stóra steina sem að öllum líkindum hefðu hafnað á bíl Jóns (Vestri 11.07.). ...Hann segir að obbinn af stærstu steinunum hefði komið niður fyrir utan netið, flogið yfir veginn og langt niður í fjöru og úti sjó. Nokkrir hefðu lent á veginum og spunnið sig þaðan upp út fyrir veg og niður í sjó. Aðrir hefðu hinsvegar lent á veginum og bremsað þar og búið til 15-20 cm djúpar holur um einn fermetra að stærð (Tím. 11.07.).

...Ekki er óalgengt að hrun verði að sumarlagi úr Óshlíðinni við hitabreytingar kvölds og morgna og þarf þá ekki rigningu til, en smá rigningarurði var þó um líkt leyti og hrúnið átti sér stað (Vestri 11.07.).

*Heim: Ríkisútvarpið 08.07. fréttir 12:20. 16. 19. Tím. 11.07. 17.07. Bæjarins besta 10.07. Vestri 11.07.*

**Ath:** Ekki virðist sem starfsmönnum Vegagerðarinnar á Ísafirði hafi þótt þessi atburður merkilegur, ef dæma má það sem haft eftir Guðmundi Rafni Kristjánssyni, rekstrarstjóra hennar. ...var þetta ekki annað en það sem menn hafi átt að venjast af og til á síðustu árum. ...Skemmdir á veginum voru óverulegar og umferð tafist nánast ekkert, því fólk hefði sjálft fleygt grjótinu út af, eins og það venjulega geri þegar svona atburðir eigi sér stað (Bæjarins besta 10.07.).

## 11. júlí GRIPDEILD (við Héraðsflóa)

Grjóthrun, (berghlaup?)

**Veður:**

**Atburðarás:** Gríðarleg bergfylla sprakk fyrir nokkru fram í sjó, úr Gripdeildarbotnum á milli Njarðvíkur og Héraðsflóa á Austurlandi. ...„Ég hefði giskað á að þetta væri svona 200 til 300 m breitt og getur verið uppundir 20-30 m hátt. ...þetta er náttúrulega það afsíðis, þetta er hér úti á fjallsendanum norðan við fjörðinn, þarna er lítil umferð. ...Þarna er bara skriðustabbi eða hlaup á stóru stykki í sjó fram, eins og þetta lítur út núna. ...menn hafa ekki séð svona framhlaup hér í mörg ár“. ...segir að menn hafi orðið varir við sprungur í fjallinu og að vatn hafi væntanlega safnast saman niður í sprungurnar og þrýstingurinn hafi sprengt fylluna frá, þar sem grjótið húrtaði niður er þverhnipt í sjó (Ríkisútvarpið 14.09.). ...Sjómenn á rækjuveiðibát á flóanum urðu varir við hrúnið. ...voru við rækjuveiðar á flóanum í u.þ.b. 6 mílna fjarlægð frá þeim stað, sem hrúnið varð. Skipverjar voru að hifa um kl. 22 þetta fimmtudagskvöld (11.07.), þegar þeir komu auga á mikinn rykmökk uppi við bergið. Þeir voru úti í 1½ klst. Og allan þann tíma virtist þeim rykmökkurinn svipaður. Hann var ekki mjög stór og þeir heyrðu hvorki neinar drunur eða urðu varir við neina breytingu á sjónum við þessa atburði. Það að rykmökkurinn skyldi vera óbreyttur þetta lengi, þótti þeim geta bent til þess að það hefði verið að smáhrynja úr berginu allann tíman og jafnvel lengur (Ríkisútvarpið 17.09.). ...Í sumar hefur orðið berghlaup í Gripdeild við sunnanverðan Héraðsflóa. ...Þarna hefur gríðarlegt magn blágrýtis hrúnið efst úr berginu og fram í sjó. ...Bjargið þarna er ekki undir 200 m hátt og geta menn gert sér í hugarlund þær sviftingar sem þarna hafa átt sér stað (Austri 26.09.).

**Aðstæður, orsakir:** ...Samkvæmt lauslegri mælingu er brotsárið um 120 m breitt og miðað við kort sýnist stefna þess nálægt A-V. Hæð bjargsins skv. korti og áætlun greinarhöfunda eftir ljósmyndum er á þessu svæði á bilinu 320-340 m. ...er

meginefni hlaupsins í þremur samsíða keilum upp frá fjörunni og skarast þær nokkuð. ...nokkur urð hefur legið eftir ofar í bjarginu, svo sem 30-50 m neðan við brún. Keilurnar virðast um 90 m háar eða nokkru hærri en turn Hallgrímskirkju (70 m) og ámóta breiðar. Tvær þeirra liggja beint undir brotsárinu, en efnið í þá vestustu hefur skriðið niður eftir eftir gilskorningi í jaðri hlaupsins. Greinarhöfundar reyndu að áætla rúmtak urðarkeilana eftir ljósmyndum og fengu út mjög grófa áætlun sem lá á bilinu 200.000- 250.000 m<sup>3</sup>. ...Vel má hugsa sér að hrúnið hafi ekki orðið allt í einu, t.d. gæti fylla hafa sprungið fram í bjargið (urðin efst) og síðan hrúnið úr henni niður í keilurnar á lengri tíma. ...Ekki er að sjá að neitt sérstakt hafi komið hrúni þessu af stað. ...Eðlileg veðrun hlýtur því að vera orsök. Þá verða veilur í berginu til þess að sprungur myndast, vatn seytlar svo niður í þær og þenst út er það frýs. Þannig víkka og dýpka sprungurnar og þyngdarlögmálið lýkur síðan verkinu. Smalamenn höfðu undanfarin ár tekið eftir vænum sprungum þarna á brúninni og enn má þar sjá sprungur, bæði ofan við brotsárið og beggja vegna þess (Glettingur 1996).

*Heim: Ríkisútvarpið 14.09. fréttir kl. 19., 17.09. fréttir kl. 19. Ríkisútvarpið, sjónvarp 16.09. fréttir kl. 20. Mbl. 20.09. Austri 26.09. Glettingur 6.árg. 3.tbl. 1996.*

**Ath:** Rétt virðist vera að telja þennan atburð grjóthrun frekar en berghlaup, þótt stór sé.

#### 14.-17. júlí GRÍMSEY

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Gríðarmikil fylla hrúni úr Grenivíkurbjargi í Grímsey í sl. viku (14.-17.07.). Sjómenn sem réru austur fyrir eyjuna sl. föstudag veittu því athygli að stærðarfylla hafði hrúnið úr bjarginu alveg frá efstu brún og eru þetta án efa tugir tonna. ...og eyðilagðist fuglabyggðin á þessu svæði. ...mjög langt er síðan svo mikið hefur hrúnið sem nú. Grenivíkurbjarg er syðsta bjargið á austanverðri eyjunni og hrúnið var á móts við Flatasker.

*Heim: Mbl. 23.07.*

#### 4. ág. VATNSDALUR

Skriður.

**Veður:** Lægð var yfir landinu þ. 3. og 4. Veruleg úrkoma fylgdi lægðinni sunnanlands og vestan. Mikil og staðbundin úrkoma virðist hafa verið þarna í Vatnsdalnum, sem ekki kom fram á úrkomumælum í nágrenninu. – Úrhellisrigning var í Vatnsdalnum í nótt og á tímabili hagléll (Stöð 2. 04.08.).

**Atburðarás:** Þrjár aurskriður féllu á Vatnsdalsveg, nærri sumarhúsabyggð í austanverðum Vatnsdal í nótt, og er vegurinn lokaður. Töluverð rigning hefur verið í dalnum í nótt og í morgun og telur Vegagerðin hættu á frekari skriðuföllum. Skriðurnar féllu úr Vatnsdalsfjalli vestanverðu og loka hringleiðinni um dalinn. Vegfarendur festu bíl þar í morgun, þegar þeir freistuðu þess að aka yfir eina skriðuna. Bóndi í nágrenninu kom fólkinu til hjálpar og losaði það með aðstoð traktorsgröfu. ...þá er þarna um þrjár skriður að ræða og sú stærsta er um 40 m breið og 1 m djúp. ...Skriðurnar féllu nálægt eyðibýlinu Másstöðum, en þar við er sumarhúsabyggð og féll skriða rétt við einn bústaðinn (Ríkisútvarpið 04.08.). ...Það var um kl. 08 í morgun að stærsta aurskriðan féll á Vatnsdalsveg austanmegin og það

er gríðarlegt magn af grjóti og aur sem að hefur komið hér niður hlíðina. Það eru um það bil 40 m yfir á veginn hér hinum megin og mestu mildi má kalla að skriðan skyldi ekki lenda á sumarbústað, sem hér er á Máststöðum. Hér sést hvernig stærsta skriðan hefur ruðst yfir veginn, inn á Másstaðatúnið og alla leið niður í Vatnsdalsána. Skriða hefur fallið aðeins um 30 m frá sumarrúsi sem þarna stendur. ...Alls féllu fjórar skriður á veginn, en margar litlar spýjur má sjá ofar í Vatnsdalsfjalli (Stöð 2. 04.08.). ...Nokkrar aurskriður féllu yfir Vatnsdalsveg í landi Máststaða í austanverðum Vatnsdal á sunnudagsmorguninn (04.08). ...og féllu þær eftir kl. 07. á sunnudagsmorguninn. Aðalskriðurnar eru fjórar að tölu og féll nyrsta skriðan rétt sunnan við veiðihúsið og sú sem syðst var, féll á Máststaðatúnið. Mun fleiri spýjur fóru af stað og má nefna að ein skriða fór á stað beint fyrir ofan Bjarnastaði en stöðvaðist fljótt ofarlega í fjallinu (Mbl. 07.08.). ...féllu þrjár skriður aðfaranótt sunnudags (04.08). ...Að minnsta kosti ein skriða enn af svipaðri stærð kom til viðbótar í fyrrinótt (05.08.) og nokkrar minni spýjur fylgdu henni (Dagur 07.08.).

**Hættuástand:** ...Sex manna fjölskylda sem var í tjaldferð í austanverðum Vatnsdal í nótt var hætt komin þegar aurskriða féll á veginn í morgun. ...um níuleytið í morgun var rigningin orðin svo óskapleg að þau ákváðu að taka saman föggur sínar, en þá kváðu skyndilega við miklar drunur. ...Þau óku síðan sem leið lá austur Vatnsdalinn, en höfðu ekki keyrt nema 30-40 m þegar við blasti stærðar skriða. Þau snéru þá við og keyrðu inn dalinn, en þar tók við önnur skriða á að giska metri á hæð og 40 m á breidd. ...Hann segir ekki vafa á að þau hafi verið í hættu og segir litlu munað að þau hafi lent í flóðinu (Ríkisútvarpið 04.08.). ...Það var búið að ráðleggja okkur að tjalda við lækina og það hefði farið illa hefðum við farið að þeim ráðum því skriðurnar féllu allar í námunda við þá (Mbl. 07.08.).

**Staðhættir:** ...Skriðurnar frá 04.08. féllu flestar á ca. 2 km kafla og fylgja þær allar farvegum í fjallinu, frá fjallsegg og niður. (Skriður af ýmsum stærðum finnast annars á um 5-6 km löngum kafla.) Stærsta skriðan er rétt innan við Hjallaland og ein spýja hefur stefnt beint á bæinn. Staðbundið úrhelli hefur orðið á fjallsbrúnina hér ofan við (Gögn HGP).

...Við bæinn Hjallaland er töluvert af nýlegum aurskriðum og eru þar talsvert stórar, samvaxnar aurkeilur, Mest er af aurskriðum um 500-600 m fyrir sunnan bæinn. Einnig eru fersk skriðuör fyrir ofan hann og um 500 m norðar. ...Aurkeilur þessar eru greinilega mjög virkar, samanber fjölda skriðuöra og koma þær sem framhald af farvegum fjölmargra misstórra gilja. ...Töluvert uppsöfnun af ruðningi er í giljunum, auk þess sem miklir vatnavextir geta hleypt af stað ruðningi úr eldri aurskriðum. ...Um 1,5 km norðan við Hjallaland byrjar stór samvaxin aurkeila sem virðist vera mjög virk, enda mikið af skriðuörum á henni. Við Máststaði og á um 500 m kafla til norðurs hafa líklega flestar skriðurnar í fyrra (1996) fallið. ...Í kjölfar vatnavaxta í fyrra hafa gilin, sem aurskriðurnar féllu úr, hreinsast og lítill ruðningur er eftir í þeim. ...Í hlíðinni fyrir ofan Bjarnastaði mátti sjá leifar aurskriðu, en hún hefur ekki náð langt (Höskuldur Búi Jónsson 1997)

*Heim: Bylgjan 04.08. fréttir kl. 12. Stöð 2. 04.08. fréttir 19:30. Ríkisútvarpið 04.08. fréttir kl. 12:20. 16. 19. Ríkisútvarpið, sjónvarp 04.08. fréttir kl. 20. DV 06.08. Dagur 07.08. Mbl. 07.08. Höskuldur Búi Jónsson 1997: Um skriðufallavá, skipulag byggðar og verklegra framkvæmda: Rannsóknir á skriðuföllum í Vatnsdalsfjalli og Reynisfjalli. Skýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Háskóli Ísland. Gögn HGP.*

**Ath:** Dagur 07.08. er eina heimildin sem getur þess að skriðuföll hafi haldið áfram þ. 5., en stangast það nokkuð á við fréttir Ríkisútvarpsins þ. 4., en skv. þeim dró mjög úr úrkomu í Vatnsdalnum eftir því sem leið á daginn.

## 8. ág. ÓSHLÍÐ

Grjóthrun.

**Veður:** Fyrri hluta ágústmánaðar var víða mikil rigning á landinu, sérstaklega sunnanlands og vestan.

**Atburðarás:** ...„Það er alltaf að hrynja grjót hér á þessum sama stað og við bíðum bara eftir að hér verði slys“. ...Grjót hafði hrunið yst úr hlíðinni á veginn og stærðarbjarg hafði farið í gegnum grjótvarnargirðinguna og skilið eftir skurð í veginum á leið sinni yfir hann. Vegurinn lokaðist þó ekki og hægt var að komast framhjá tveimur minni steinum sem voru á veginum í morgun.

*Heim: DV 08.08.*

## 6.-7. sept. SÚÐAVÍKURHLÍÐ

Skriða.

**Veður:** Töluverð úrkoma á sunnan- og vestanverðu landinu fyrstu daga mánaðarins.

**Atburðarás:** Grjótskriða féll úr Súðavíkurhlíð aðfaranótt föstudags (06.09.). Um var að ræða klett ofan við veginn sem sprakk fram og voru stærstu björgin á stærð við vinnuvélina (Payload) á myndinni (DV 09.09.) ...Mikil grjótgylling hrundi úr svokölluðum Björgum á Súðavíkurhlíð á milli Arnarneshamars og Súðavíkur á laugardaginn (07.09.). Hrundi stórgrýti niður á veginn og voru stærstu björgin á stærð við vinnuvélina á myndinni. Ekki lokaðist vegurinn þó alveg við þetta (Vestri 12.09.).

*Heim: DV 09.09. Vestri 12.09.*

**Ath:** Nákvæm dagsetning er á reiki.

## 25. sept. SVARTÁRDALUR

Skriða.

**Veður:** Mikil úrkoma var á Norðurlandi þ. 23.-25. Víða Norðanlands úrkomuhámark í mánuðinum þ. 25.

**Atburðarás:** Töluverð úrkoma var á Norðurlandi í nótt, m.a. varð hún þess valdandi að skriða féll úr brekkurótum skammt norðan brúarinnar á Svartá í Húnavatnssýslu að austanverðu. Blasir skriðan við frá bænum Steiná sem er vestan árinna. Ekki náði skriðan að falla á veginn fram Svartárdalinn, en nokkru sunnar féll skriða fyrir nokkrum árum og stöðvaðist hún einnig nokkru ofar vegarins.

*Heim: Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 25.09. fréttir kl. 18:35.*

## 25.-28. sept. SKÁLAVÍK, ÍSAFJÖRÐUR

Skriður.

**Veður:** Þessa dagana gekk hver lægðin á fætur annarri yfir landið og rigndi víða mikið á landinu. Um ástandið á Ísafirði þ. 27.09. segir svo „Rígt hefur sólarhringum saman og að sögn fróðra manna hefur mikið vatn safnast saman ofan á Gleiðarhjallanum“. Þann 25. mældust á Ísafirði 63,3 mm, en alls mældust þar í mánuðinum 147,3 mm.

**Atburðarás:** Skálavík: ...Þann 27.09. féllu nokkrar aurskriður í Skálavík í landi Minnibakka eftir mikilar úrhellisrigningar. Ekki urðu skemmdir á mannvirkjum en skemmdir á gróðri talsverðar (Jóhann Hannibalsson, Bolungarvík).

**Ísafjörður:** ...Sjö aurskriður féllur úr Gleiðarhjalla dagana 25.-28. september. Skriðurnar náðu flestar niður í miðja hlíð, en ein sem féll úr Krókslæk (27.09.), féll niður í framræsluskurð fyrir ofan Hjallaveg 14. Talsvert efnismagn fór á hreyfingu í farvegi við Stakkaneshrygg. Skriður sem féllu úr öðrum farvegum, náðu flestar ekki nema niður í miðja hlíð.

Um skriðuna sem féll úr Krókslæk segir svo: „Litlu mátti muna á Ísafirði í dag (27.09.), þegar stór aurskriða féll niður hlíðina fyrir ofan bæinn. Skurður við fjallsræturnar fylltist en hús voru ekki í hættu, að sögn heimamanna. Skriðan sem féll laust fyrir kl. 14:30 og var nokkuð efnismikil, en töluvert lengi á leiðinni niður, ca. 7-8 mín. Skurðurinn ofan við byggðina tók við öllu þessu efnismagni, en hann var á sínum tíma grafinn til að taka við aurskriðum (Ríkisútvarpið 27.09.)“. Þá hrundi meira á svipuðum slóðum skömmu seinna (28.09.). Áætlað efnismagn sem kom niður í þessari skriðu var 120-140 m<sup>3</sup> og upp úr skurðinum var mokað um 80 m<sup>3</sup> (Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 1999).

*Heim: Ríkisútvarpið 27.09. fréttir kl. 16. 22. Ríkisútvarpið, sjónvarp 27.09. fréttir kl. 20. Mbl. 28.09. Jóhann Hannibalsson, snjóæfirlitsmaður Bolungarvík. Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 1999: Skriðuföll á Ísafirði og í Hnífsdal. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-99010.*

**Ath:** Líklega hafa flestar skriðurnar fallið þ. 27.09.

## 29. sept. ÓSHLÍÐ

Grjóthrun.

**Veður:** Síðustu daga mánaðarins gekk hver lægðin á fætur annarri yfir landið og rigndi víða mjög mikið.

**Atburðarás:** Grjót féll á Óshlíðarveg rétt hjá Skjólhamarsvík um kl. 21 á sunnudagskvöld (29.09.) og rauf grjótvarnarnet á um 40 m kafla. Tjónið er talið nema um 5 millj. kr. Stærsta grjótið sem féll úr hlíðinni var um 30 tonn á þyngd, en talsvert af minni steinum kom með. Vegagerðin opnaði veginn fljótlega og gerði við grjótvarnarnetið til bráðabirgða (Mbl. 01.10.). ... Stærsta bjargið sem féll úr hlíðinni er áætlað vera um 30 tonn, en flest eru talin vera 1-2 tonn. Þessi skriða er með því mesta sem menn muna á undanförunum árum (Ríkisútvarpið 30.09.). ... hrundi mikið grjót úr klettum nokkru innan við Sporhamarinn á utanveðri Óshlíð. ... Munu sumir steinanna hafa vegið allt að 30 tonn og gerðu þeir stóra gíga í veginn, sem stórskemmdist. ... en mildi var að enginn bíll skyldi vera þarna á ferð í þessu augnabliki. ... Hrun á þessum stað er mjög algengt, ekki síst eftir slíka bleytutið sem verið hefur að undanförunu (Vestri 03.10.).

*Heim: Ríkisútvarpið 29.09. fréttir kl. 22., 30.09. fréttir kl. 08:30. 12:20. Ríkisútvarpið, sjónvarp 30.09. fréttir kl. 23. DV 30.09. Mbl. 01.10. Bæjarins Besta 02.10. Vestri 03.10.*



### 3. okt. SÚÐAVÍKURHLÍÐ

Grjóthrun.

**Veður:** Þann 3. norðanátt með rigningu og jafnvel slyddu á landinu.

**Atburðarás:** Grjót féll á veginn fyrir neðan Súðavíkurlíð um kl. 20:30 í fyrrakvöld (03.10). Að sögn lögreglu var um allmikið grjóthrun að ræða en engin umferð var um veginn sem var ruddur skömmu síðar.

*Heim: Mbl. 05.10.*

### 14. okt. ÞVOTTÁRSKRIDUR

Skriða.

**Veður:** Lægð olli austan hvassviðri á landinu þ. 14. og fylgdi úrkoma um allt land, en mest austan- og suðaustanlands. (Dalatangi 15.10. – 97,9 mm).

**Atburðarás:** ...Skriða féll í Þvottárskríðum (DV 15.10.). ...skriðan var stórgrýtt, en lokaði ekki veginum. Auk þess var þarna töluvert grjóthrun, eins og víðar á Austfjörðum (Vegagerðin á Reyðarfirði).

*Heim: DV 15.10. Vegagerðin á Reyðarfirði.*

### 18.-20. okt. SEYÐISFJÖRÐUR, ESKIFJÖRÐUR

Skriður.

**Veður:** Þessa dagana barst hvert úrkomusvæðið á eftir öðru inn yfir landið úr suðaustri. Frá Hornafirði og norður eftir Austfjörðum rigndi mest. Sólarhringsúrkoma þ. 20. mældist um 48 mm á Dalatanga, og 42 mm á Seyðisfirði, en þá hafði rignt nærri stanslaust í um viku.

**Atburðarás:** ...að ekki hefði verið veruleg hætta á aurskríðum að þessu sinni, en smáskriða féll á einum stað (á Seyðisfirði, nánari staðsetning óþekkt) (Mbl. 22.10).

...Aurskriða féll innan við Grjótá ofan við Eskifjörð. Hún stöðvaðist nokkur hundruð metra ofan við miðjan bæinn og olli engum skemmdum (Mbl. 20.10.). ...féll úr hlíðinni fyrir ofan bæinn á Eskifirði og stöðvaðist einungis 300-400 m fyrir ofan efstu byggð (Ríkisútvarpið 18.10.).

...Ekki er vitað um skriður annars staðar en fjallshlíðar eru mjög blautar og nánast á floti víða, samkvæmt heimildum svæðisútvarps. Menn hafa því vara á sér og fylgjast með fjallshlíðum enda getur verið hætta á aurskríðum við slíkar aðstæður. Overulegt grjóthrun hefur orðið í skriðum á Þjóðvegum, en ár og lækir eru mjög vatnsmiklir og eins og áður sagði eru fjallshlíðar víða nánast á floti (Ríkisútvarpið 18.10.).

*Heim: Ríkisútvarpið 18.10. fréttir kl. 17. 19. 24., 20.10. fréttir kl. 16. 19.*

*Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Austurlands 18.10. fréttir kl. 18:35. Stöð 2. 19.10. fréttir kl. 19:30. Mbl. 20.10. 22.10.*

**Ath:** Með skriðum á Þjóðvegum er eflaust átt við Vattarnes-, Kambanes-, Þvottár- eða Hvalnesskriður en ekki hefur tekist að staðsetja þetta grjóthrun nánar.

## 23.-24. okt. STRANDIR

Skriður, grjóthrun.

**Veður:** Mikil lægð bar suðrænt loft inn yfir landið og rigndi víða mikið þ. 23. og 24.

**Atburðarás:** Skriður hafa fallið á veginn í Veiðileysufirði og í Reykjafirði á Ströndum. ...Þykkar og miklar skriður féllu í Veiðileysufirði. Þar féllu 5 eða 6 stórar malarskriður á 400 m kafla í óhemjumikilli rigningu í gær og í morgun (23.-24.10.). Vegagerðarmenn sem voru að koma norðan að í gærkvöldi sáu fyrstu skriðurnar falla og komust þar með ekki leiðar sinnar, enda eru þær nokkurra metra þykkar eða djúpar, líklega einir 8 m. ...Þá féllu skriður í Reykjafirði og lítilsháttar hrun varð í Kaldbakskleif (Ríkisútvarpið 24.10.). ...Allt að 20 m langar (breiðar) og 8 m djúpar (þykkar) skriður féllu í Veiðileysukleif á Ströndum (Dagur-Tím. 26.10.).

*Heim: Ríkisútvarpið 24.10. fréttir kl. 15. 19. Dagur-Tím. 26.10.*



**Mynd 2:** Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 1996.

1997

## 28. jan. BÍLDUDALUR

Krapaflóð/aurskriður.

**Veður:** Veðurfarslegur aðdragandi flóðanna var sá að helgina á undan, þann 25. og 26. janúar hafði verið hvöss SV átt með snjókomu á Vestfjörðum, en lítinn snjó festi á þeim sunnanverðum. Hitastig hélst fyrir neðan frostmark alla helgina, enn á mánudaginn, þann 27. tók að hlýna talsvert, eins og spáð hafði verið. Spáin gekk einnig eftir þann 28. og hlýnaði þá meira og var hitinn milli +5 og +6 °C á láglendi og úrkoma jókst einnig til mikilla muna. Úrkoma á Patreksfirði mældist um 20 mm, frá kl. 9:20 til 22:00 þann 28. janúar, en talið var að enn meiri úrkoma hafi verið á Bíldudal (Þorsteinn Sæmundsson 1997).

**Atburðarás, orsakir:** ...Tvær aurskriður féllu í kvöld úr Búðargili og Gilsbakkagili fyrir ofan Bíldudal, en ollu litlum skemmdum og sökuðu engan. Aur barst þó inn í kjallara tveggja húsa. Öll hús á milli giljanna hafa verið rýmd. Seinna flóðið var stærra og segir lögreglan að það hafi verið 30 metra breitt og 5 til 6 metra þykkt. Mikill aur hefur borist niður úr fjallinu, en skriðurnar féllu niður á autt svæði milli húsa. Vegurinn í gegnum bæinn er lokaður. Úrhellisrigning hefur verið á Bíldudal í dag (Ríkisútvarpið 28.01.).

...Tilkynnt var til Veðurstofu Íslands um kvöldið, þriðjudaginn 28. janúar 1997 að þrjú krapaflóð hefðu fallið fyrir ofan og niður í byggð á Bíldudal. Eitt flóðanna féll úr Búðargili en hin tvö úr Gilsbakkagili. ...Fyrsta flóðið féll úr Búðargili, rétt um kl. 20. Talsvert magn af krapa, grjóti og aur féll úr gilinu. Meginhluti flóðsins fylgdi lækjarfarveginum meðfram varnargarðinum til suðurs. Efst í mynni gilsins fór þó nokkuð magn yfir garðinn en stöðvaðist fljótlega fyrir neðan hann. Meginhluti krapans, sem flæddi til suðurs, stöðvaðist í ræsi 75 m fyrir ofan skólabygginguna, til móts við neðri enda varnargarðsins. Þar hrannaðist krapinn upp en aurblandaður vatnselgurinn flæddi niður lækjarfarveginum og þaðan niður í þorpið. Á eftir þessu flóði féll lítið vatnsflóð, en nákvæm tímasetning þess er óþekkt. ...Krapaflóðið í Búðargili orsakaðist að öllum líkindum af því að snjóhengja féll úr suðvestur hlið gilsins og stíflaði það. ...hafi vatn safnast saman þar fyrir ofan og mettað snjóinn. Að lokum hefur krapinn runnið af stað og steypst niður gilið. Þegar krapamassinn kom síðan niður í gilbotninn sjálfan hefur hann rutt upp talsverðu magni af grjóti og aur.

Fyrra flóðið úr Gilsbakkagili var mun stærra en það sem féll úr Búðargili. Það er talið að það hafi fallið um kl. 21:45. Enginn varnargarður er í mynni Gilsbakkagils og því átti krapinn greiða leið út á aurkeiluna. Talsvert magn af krapa flæddi út á syðri hluta aurkeilunnar og stöðvaðist á um 2-3 m háum garði sem liggur um 150 m fyrir neðan gilkaftinn. ...Meginhluti krapans flæddi niður miðja aurkeiluna og hélt sig við lækjarfarveginum, þó meir eftir því sem neðar dró. Þegar krapinn (og aurinn) var kominn niður undir efstu hús við Dalbraut hélt hann sig nær eingöngu við farveginum. Þegar á Dalsbrautina var komið breiddi hann úr sér og hrannaðist upp á götuna og rétt fyrir neðan hana. Þar flæddi krapinn inn í skúr sem staðsettur er við hlið farvegsins. Talsvert magn af krapa flæddi niður fyrir götuna, en olli ekki tjóni. Um 1200 m<sup>3</sup> af krapa var hreinsaður upp af götunni og fyrir neðan hana, og er það nær allur krapinn sem flæddi niður í bæinn. Aurblandað vatn flæddi áfram niður til sjávar svipað og út Búðargili. Annað minna flóð féll síðan út Gilsbakkagili um kl. 22. ... (um orsakir fyrra flóðsins úr Gilsbakkagili) ...Hengja féll úr syðri barmi gilsins og stíflaði það. ...Vatn hefur safnast saman í snjóstífluna og mettað hana. Síðan hefur krapinn brotist fram og flætt niður gilið. Talsvert rof varð á lausefnum neðst í gilkaftinum og á efsta

hluta aurkeilunnar, þegar krapamassinn steypist þar niður (Þorsteinn Sæmundsson 1997).

*Heim: Ríkisútvarpið 28.01. fréttir kl. 24., 29.01. fréttir kl. 08. 12:20. Ríkisútvarpið, sjónvarp 29.01. fréttir kl. 20., 06.02. fréttir kl. 20. Stöð 2. 29.01. fréttir kl. 19:30. DV 29.01. 30.01. Mbl. 29.01. 30.01. Vestri 30.01. Þorsteinn Sæmundsson 1997: Krapaflóðin á Bíldudal 28. janúar 1997. Veðurstofa Íslands, greinargerð VÍ-G97028-ÚR23.*

**Ath:** Þessi hlaup eru höfð með hér, þrátt fyrir að þau hafi verið flokkuð sem krapahlaup, vegna þess að á Bíldudal hafa fallið aurskriður, krapaflóð og vatnsflóð. Stundum getur verið erfitt að ákveða hvernig nákvæmlega eigi að flokka suma atburðina. Sérstaklega í ljósi þess að stundum hafa fallið krapaflóð úr fjallinu, sem hafa verið orðin nærri hreinar aurskriður eða vatnsflóð þegar komið hefur verið niður í þorpið. Aftur féllu krapahlaup úr Gilsbakkagili þ. 14.03.1998, en þau voru minni og ekki eins aurlönduð og því sleppt.

## 12. febr. MÝRDALUR (Pétursey)

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Mikil skriða féll úr fjallinu Pétursey í Mýrdal í gær og stöðvuðust mannhæðarhá björg aðeins um 100 metra frá íbúðarhúsinu á bænum Eystri-Pétursey, sem stendur undir fjallinu. ...að hrúnið hafi úr klettabelti ofarlega í fjallinu, sem er úr móbergi, um 275 m hátt. „Það er grasi gróin hlíð alveg upp að hömrum, en björgin hafa rifið grasþekjuna upp á 30-40 m breiðum kafla og sums staðar stungist djúpt niður í jörðina“ (Mbl. 13.02.). ...Stærstu björgin eru eflaust hátt í 50 tonn og þegar skriðan kom niður brekkuna tætti hún upp grassvörðinn og ruddi honum á undan sér. ...Sá hluti skriðunnar sem fór næst bænum er aðeins um 50 m frá honum. Ekki varð tjón á mannvirkjum, en skemmdir á gróðri eru talsverðar (DV 15.02.). ...Fremsti hluti hennar stöðvaðist einungis 100 m ofan við íbúðarhúsið, en nokkrir stórir hnullungar lentu þó mun nær húsinu, allt niður í 40 m frá því (Sunnlenska fréttablaðið 19.02.).

*Heim: Mbl. 13.02. 14.02. DV 13.02. 15.02. Sunnlenska fréttablaðið 19.02.*

**Ath:** Í sambandi við þetta grjóthrun er getið um önnur eldri hrún, en engar aðrar heimildir eru um þau. Ekki er ljóst hvort hér er um að ræða einn eða tvo aðskilda atburði.

...Að hans sögn kom minni skriða úr fjallinu fyrir tveimur árum, en hún féll vestar og grjótið var ekki í líkingu við björgin, sem nú komu niður (Mbl. 13.02.).

...Hann kveðst ekki vita til þess að björg úr fjallinu hafi nokkurn tíma lent á íbúðarhúsum í Eystri Pétursey en á bænum Nykhól fór bjarg inn í eitt útihúsið fyrir tveimur árum (DV. 15.02.).

## 6. maí HVALNESSKRIÐUR

Grjóthrun.

**Veður:** Vonskuveður og slydda á norðan- og austanverðu landinu.

**Atburðarás:** Grjót hefur hrúnið úr Hvalnesskriðum. ...Ófært er á milli Hafnar í Hornafirði og Djúpavogs vegna hættu á hrúni og foki.

*Heim: Ríkisútvarpið 06.05. fréttir kl. 12:20., 16.*

## maí AÐALDALUR

Skriða.

*Veður:* Leysingar

*Atburðarás:* Grunn skriða féll við vorleysingar í fyrrihluta maí, úr vestanverðum Garðsnúpi í Skriðuhverfi milli Húsabakka og Rauðuskriðu.

*Heim:* Gögn HGP.

### 1. ág. SKAGAFJÖRÐUR (Djúpadalur)

Skriður.

*Veður:* Nokkur úrkoma fylgdi lægðardragi norðan við landið. Mikil og staðbundin úrkoma var sumstaðar í Skagafirði.

*Atburðarás:* Föstudaginn fyrir verslunarmannahelgi (01.08.) féllu skriður í mikilli rigningu í Djúpadal í Skagafirði. Skriður úr a.m.k. 5 giljum í Glóðafeyki utan við bæinn í Djúpadal og einnig féll úr giljum frammar í dalnum. Flestar áttu skriðurnar í Glóðafeyki sér upptök efst í fjallinu og hreinsuðu út gil og farvegi á leið sinni niður. Þegar niður var komið dreifðust þær yfir úthaga og framburður úr sumum þeirra komst í skurði og langa leið niður eftir þeim. Stærsta skriðan var við sjálfan bæinn og hún hefur komið úr gili rétt utan og ofan við refahúsin á bænum. Þar hefur aur hreinsast úr gilinu og dreifst yfir mikla aurkeilu neðan við, en á henni sjást greinileg ummerki eldri skriðufalla.

*Heim:* Gögn HGP.

### 15. ág. EYJAFJÖRDUR (Ólafsfjörður)

Skriður.

*Veður:* Skýfall varð í Ólafsfirði þ. 15. Úrkoman var mjög staðbundin og var yfir Tindaöxl og bænum, milli klukkan 21:00-21:20. Úrkoman á Kálfsá var 12 mm á sama tíma og á Reykjum, sem er frammarlega í firðinum var venjuleg rigningarskúr.

*Atburðarás:* Á þessum 15-20 mín. hafði holræsakerfið í bænum ekki undan og vatnstjón varð á nokkrum stöðum. Skriðuspýjur hlupu úr efstu brún Tindaaxlar og niður á hjalla í miðju fjalli. Aur og grjót barst í varnarskurði sem grafnir voru í fjallshlíðinni eftir skriðuföllin 1988.

*Heim:* Ari S. Eðvaldsson, snjóæftirlitsmaður, Ólafsfirði.

### 16. ág. VATTARNESSKRIÐUR, BERUFJÖRÐUR, ÞVOTTÁRSKRIÐUR, HVALNESSKRIÐUR

Skriður.

*Veður:* Lægð fór norður yfir landið þ. 16. og 17. Viðast hvar rigndi, mest suðaustanlands (Núpur 17.08. – 65,9 mm, Teigarhorn 17.08. – 65,1 mm).

*Atburðarás:* Aurskriður hafa fallið á vegi á Austfjörðum í dag. Mikil rigning hefur verið fyrir austan, eins og raunar um mest allt land. ...segir að skriður hafi fallið í Fossárdal í Berufirði, í Þvottárskriðum, Vattarnesskriðum og Hvalnesskriðum. Búið er að hreinsa vegina sem allir eiga að vera færir núna (Ríkisútvarpið 16.08.). ...féllu

skriður víða svo sem í Hvalnesskriðum, en þar féllu 4 skriður um kl. 16 í dag (Stöð 2. 16.08.).

*Heim: Ríkisútvarpið 16.08. fréttir kl. 19. Stöð 2. 16.08. fréttir kl. 19:30.*

## 20. ág. ÖNUNDARFJÖRÐUR

Grjóthrun.

*Veður:*

*Atburðarás:* „Í nótt eða morgun (20.08.) hefur grjóthrun orðið á veginn út í Valþjófsdal í Önundarfirði, en ekki lokað honum. Nokkrir hullungar 0,5-1 m hafa rúllað niður á veginn, en ekki lokað honum eða skemmt hann. Þetta er rétt innan við Valþjófsdalsófæru, úr Ófæruhlíð í Þorbirni“.

*Heim: Gögn HGP.*

## 28. ág. AUSTUR-EYJAFJÖLL (Steinafjall)

Grjóthrun.

*Veður:*

*Atburðarás:* Grjóthrun varð úr Steinafjalli rétt vestan við bæinn Steina, í austanverðum Eyjafjöllum, laust fyrir kl. 08 morguninn þ. 02.09. Fimm dögum áður, þ. 28.08. hafði einnig hrunið úr hömrnunum á sama stað og enn hrundi úr fjallinu þ. 26.09.

*Heim: Þorsteinn Sæmundsson 1997: Grjóthrun úr Steinafjalli í austanverðum Eyjafjöllum, 2. september 1997. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VI-G97029-ÚR24.*

*Ath:* Nánar um aðstæður og orsakir grjóthrunsins er að finna í umfjölluninni um grjóthrunið sem varð úr Steinafjalli þ. 2. sept.

## 31. ág. KVERKFJÖLL

Grjóthrun.

*Veður:*

*Atburðarás:* Ferðamenn staddir í Sigurðarskála í Kverkfjöllum hrukku heldur betur við á sunnudagsmorguninn þegar steinbogi utanvert í toppi Virkisfells hrundi með tilheyrandi hávaða og skriðuföllum. ... en nokkur myndarleg björg stöðvuðust á neðri brún fellsins rétt ofan við skálann (Austri 04.09.). ... þegar ég heyrði smáhávaða uppi í Virkisfellinginu, sem er þarna fyrir ofan skálann og varð þá var við talsvert grjóthrun sem jókst til mikilla muna þegar fór að koma mikið af stórum steinum og alveg heilu björgunum með tilheyrandi látum. ... geturðu ýmyndað þér hve mikið af grjóti þetta hefur verið? Þetta hafa verið hundruð tonna, stærstu steinarnir voru á við lítinn jeppa (Ríkisútvarpið 03.09.).

*Heim: Ríkisútvarpið 03.09. fréttir kl. 19. Austri 04.09.*

## 2. sept. AUSTUR-EYJAFJÖLL (Steinafjall)

Grjóthrun.

*Veður:* Þurrt.

*Atburðarás:* Grjóthrun varð úr Steinafjalli rétt vestan við bæinn Steina, í austanverðum Eyjafjöllum, laust fyrir kl. 08 morguninn þ. 02.09. Fimm dögum áður, þ. 28.08. hafði einnig hrúnið úr hömrunum á sama stað og enn hrundi úr fjallinu þ. 26.09. Það hrún er talið vera það stærsta sem átti sér stað í þessari hrinu. Aðstæður voru skoðaðar eftir hrúnin 2. og 26. sept. (Þorsteinn Sæmundsson 1997).

...Mildi var að hvorki fólk né fénaður varð fyrir tveimur stórum björgum sem hrundu úr fjallshlíðinni rétt vestan við bæinn Steina undir Eyjafjöllum skömmu fyrir kl. 08 í gærmorgun. Björgin staðnæmdust á miðjum veginum, hlið við hlið, og lokuðu honum fyrir umferð um tíma. Að sögn lögreglu á Hvolsvelli voru björgin það stór og þung að vinnuvélar réðu ekki við að fjarlægja þau fyrr en þau höfðu verið sprengd í tvígang. Starfsmenn Vegagerðarinnar gerðu braut til hliðar við veginn þannig að hægt væri að hleypa umferð framhjá meðan grjótið var fjarlægt og gert við veginn, sem skemmdist nokkuð þegar björgin skullu á honum (Mbl. 03.09.).

*Aðstæður:* Björgin sem hrundu þann 2. september kloffuðu efst úr brún Steinafjall, milli Bæjargils og Holtsós. Brotsárið er í móbergslagi sem liggur í um 450 m hæð yfir sjó. Ofan á móbergslaginu liggur um 30-50 m þykkt grágrýtislag en undir því liggur syrpa af þynnri grágrýtislögum. Ekkert afmarkað gil er í hlíðinni þar sem björgin féllu, en í um 300-350 m hæð skullu þau á grágrýtissillu sem skagaði út úr hamrabeltinu. Bæði björgin og sillan hafa brotnað talsvert við þennan árekstur, því mikill mulningur, bæði af grágrýti og móbergi liggur efst í skriðuvængnum fyrir neðan brotsárið. Mulningurinn nær nokkuð langt niður í hlíðina, en eftir því sem neðar dregur minnkar fínefnið og skriðan verður í heildina grófari og dreifðari. Neðri hluti hlíðarinnar er gróinn og talsvert magn bjarga og stórra steina liggur þar. Í skriðuefninu liggja nokkur stór björg. Eitt þeirra liggur efst í skriðuvængnum. Það er um 4x2,5x1 m að stærð eða um 20 til 30 tonn. Önnur tvö náðu niður á veg, en eitt stöðvaðist nokkrum metrum fyrir ofan hann. Það var um 2,5x1x1 m að stærð eða um 6 til 8 tonn. Stærri bjargið sem náði niður á veg, var um tvær til þrjár mannhæðir eða um 50 til 70 tonn að þyngd, skv. lögreglunni á Hvolsvelli. Það var búið að sprengja og fjarlægja bæði björgin þegar undirritaður var þar á ferð. Þau björg sem lengst fóru skildu eftir sig slóð niður skriðuvænginn. Efst í honum bar þó ekki á þessum förum þar sem finna efni huldi öll ummerki. Neðar þar sem skriðuvængurinn er enn grófur, voru förin illgreinanleg, en þar bar talsvert á brotnu grjóti og víða mótaði fyrir dældum þar sem björgin höfðu komið niður. Skýrust voru ummerkin þar sem hlíðin er gróin. Þar var hægt að rekja þrjú, nánast samsíða för niður að veginum. Neðstu förin voru um 6-8 m löng, um 0,5-1,5 m breið og 0,5-1,0 m á dýpt (Þorsteinn Sæmundsson 1997).

*Skýringar:* ...Eins og áður hefur komið fram þá hrundi í öll þrjú skriftin úr móbergslagi, sem liggur á milli grágrýtishraunlaga. Greinilegt er að talsvert hrún hefur átt sér stað út móbergslaginu fyrir þessa atburði, þannig að þetta hrún er ekkert einsdæmi. ...Líklegasta orsökinn fyrir hrúninu er sprungumyndun í móbergslaginu. Greina mátti slíka sprungu í brotsárinu, en ekki var hægt að skoða aðstæður nánar vegna óaðgengi hennar. ...Ef vatn nær að seytla ofan í slíkar sprungur, þá geta þær gliðnað smásaman við síendurtekin frost og þíðu áhrif. ...Við þetta flagna eða klofna stykki utan af móbergslaginu og hrynja niður (Þorsteinn Sæmundsson 1997).

*Hrunhætta:* Mjög líklegt er að áfram hrynji úr Steinafjalli, en ómögulegt er að segja til um hvenær slíkir atburðir geta gerst. Líkurnar á slíku eru talsverðar, enda sjást



ummerki mikils grjóthruns á þessu svæði. Eins og áður hefur komið fram þá hefur mesta hrúnið átt sér stað úr móbergslagi sem liggur undir þykku grágrýtislagi. Við síendurtekin hrún úr móbergslaginu þá veikist undirlag grágrýtisins og hætt er á að það fari að hrynja úr því. ... Þar sem grágrýtislagið er bæði þykkt og stendur nokkuð lóðrétt, getur slíkt hrún orðið mjög efnismikið og gætu afleiðingar þess orðið mun alvarlegri en hingað til hefur þekkt (Þorsteinn Sæmundsson 1997).

*Heim: Ríkisútvarpið 02.09. fréttir kl. 12:20. Stöð 2. 02.09. fréttir kl. 19:30. Mbl. 03.09. Sunnlenska fréttablaðið 10.09. Þorsteinn Sæmundsson 1997: Grjóthrun úr Steinafjalli í austanverðum Eyjafjöllum, 2. september 1997. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VÍ-G97029-ÚR24.*

#### 4. sept. HEGGSTAÐANES, VATNSNES

Skriður.

**Veður:** Í byrjun mánaðarins var vætusamt við norður- og austurströndina og víða þokuloft. Aðfaranótt þ. 4. herti vind og vindátt snérist til norðausturs um leið og úrkomusvæði gekk yfir landið. Mikið vatnsveður varð á norðanverðu landinu og þar varð víða úrkomuhámark í mánuðinum þessa dagana (Tannstaðabakki 05.09. – 35,9 mm, Barkarstaðir 05.09. – 53,5 mm).

**Atburðarás:** Um 100 aurskriður féllu úr Þorvaldsdals- og Vatnsnesfjalli í Vestur Húnavatnssýslu í gífurlegu vatnsveðri sem gekk yfir á þessum slóðum í gær (04.09.). ... Stærstu skriðurnar eru um 40-50 m breiðar og þær lengstu allt að 300 m langar. Sólarhringsúrkoma á svæðinu mældist tæpir 40 mm og hljóp mikill vöxtur í ár og læki (Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 05.09.). ... Mest eru þetta minni aurskriður en stærri inn á milli. Ekki er vitað að skriður hafi fallið á ræktað land. Að sögn Heimis Ágústssonar bónda á Sauðadalsá, sem er eina 16 km utan við Hvammstanga taldi hann einar 30 skriður í nágrenni við sig í morgun, en gerir ráð fyrir að þær séu mun fleiri (Ríkisútvarpið 05.09.).

**Heggstaðanes:** Ofan við ysta bæinn á nesinu, Heggstaði eru þrjár skriður efst í fjallinu, og ná þær niður í hlíðina en ekki niður á sléttlendi.

**Vatnsnes:** Fyrstu skriður koma í ljós ofan við Ánastaði, a.m.k. 10-15 skriður eru í fjallinu þar ofan við. Flestar eru litlar og aðrar lengri og ná niður að þjóðvegi. Skriðurnar hafa fallið úr gróinni hlíð og eru örin grunn og á víð og dreif í hlíðinni. Skriðurnar virðast allar hafa fallið frá neðsta klettabeltinu í fjallinu, ekki að sjá nein ör ofar í fjallinu. Skriðurnar má rekja meira og minna samfellt út undir Skarð, en þar er mikið af örum ofan við bæjarhúsin. Þaðan er fjöldinn allur af smáum og stórum spýjum út eftir fjallshlíðinni að Almenninum og Hamarsrétt. Eitthvað hefur fallið úr fjallinu ofan við Hjallholt (4-5 stk.), en þó mun minna en innan við. Smáspýjur eru í fjallinu ofan við Bergstaði, en ekki sáust skriður utar. Samkvæmt ábúanda á Bergstöðum áttu þessi skriðuföll sér stað að kvöldi til þ. 04.09., en þá varð óhemju skýfall á stuttum tíma, svo mikið að jafnvel bílpurrkur höfðu ekki undan (Gögn HGP).

*Heim: Ríkisútvarpið 05.09. fréttir kl. 12:20. Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 05.09. fréttir kl. 18:35. Gögn HGP.*

**Ath:** Skv. ábúanda á Bergstöðum eru sagnir um svipuð skriðuföll á þessum slóðum fyrir ca. 50 árum. Þá varð öll hlíðin brún/flag ofan við Bergstaði (Gögn HGP).

## 22. sept. A.-BARÐ. (Kerlingarfjörður), BARÐASTRÖND, ÖNUNDARFJÖRÐUR

Skríður, grjóthrun.

**Veður:** Mikið rigndi þegar úrkomusvæði þokaðist yfir landið. Úrkomuhámark í mánuðinum víða á vestanverðu landinu þ. 22. (Brjánslækur 22.09. – 73 mm, Lambavatn 22.09. – 43,9 mm, Breiðavík 22.09. – 40 mm, Kvígindisdalur 22.09. – 72,4 mm).

**Atburðarás:**

**Kerlingarfjörður:** ... Það er búið að vera mikið vatnsveður ... og bara sem dæmi þá er ég nýkominn út úr Mjóafirðinum og þar lenti ég nærri á stóru bjargi sem var hærra en bíllinn hjá mér, sem var í vegbrúninni. ... Ummerki vatnsveðursins eru víða vestra, t.d. er í vegkantinum í Kirkjubólsklifi í Kerlingarfirði, steinn sem er hærra en bíll og giskað er á að vegi 10 tonn eða meira (Ríkisútvarpið 22.09.).

**Barðaströnd:** ... Grenjandi rigning er á Barðaströnd og mikil bleyta að undanförmu hefur orðið til þess að grjót og aur hefur runnið úr bröttum fjallshlíðum. ... Aurskríður féllu á þjóðveginn á Barðaströnd um miðnætti í nótt (22.09.) og lokuðu honum. Litlu munaði að vegfarendur lentu í einni skriðunni. ... Ég er að koma að bænum Hamri á Barðaströnd ... að það er aurskríða farin yfir veginn og lokaði veginum alveg. ... En munaði litlu að þið lentuð í þessari skriðu? Ekki í þessari skriðu, en þegar ég er að koma á leiðis að Krossholti (skammt frá Krossi), þá er önnur skriða að skriða þarna í vegbrúninni sem ég lenti í og flaut sem betur fer yfir. ... Fyrri skriðan sem féll í nótt lokaði veginum við (um?) Hvammshlíð en sú seinni féll í morgun og lokaði veginum við Arnarstaði (rétt Arnórsstaði). Skriðurnar voru um 10 m á breidd og vel innan við 1 m á þykkt (Stöð 2. 22.09.).

**Önundarfjörður:** ... Aurskríða féll á þjóðveginn úti í Valþjófsdal í Önundarfirði nú eftir hádegis og lokaði honum (Ríkisútvarpið 22.09.).

*Heim: Ríkisútvarpið 22.09. fréttir kl. 12:20. 14. 16. 19. 22. Stöð 2. 22.09. fréttir kl. 19:30. Mbl. 23.09.*

## 26. sept. AUSTUR-EYJAFJÖLL (Steinafjall)

Grjóthrun.

**Veður:** Hæg austanátt og milt veður.

**Atburðarás:** Grjóthrun varð úr Steinafjalli rétt vestan við bæinn Steina, í austanverðum Eyjafjöllum, laust fyrir kl. 08 morguninn þ. 02.09. Fimm dögum áður, þ. 28.08. hafði einnig hrunið úr hömrnunum á sama stað og enn hrundi úr fjallinu þ. 26.09. Það hrún er talið vera það stærsta sem átti sér stað í þessari hrinu.

... Þann 26. september hrundi enn meir úr fjallinu. Þessi atburður átti sér stað á sama stað og hrunið þann 2. september. Að sögn Sigurjóns Pálssonar bónda á Steinum var þetta hrún mun stærra. Sá var þó munurinn að grjótið fór ekki eins langt niður hlíðina og einungis þurfti að fjarlægja eitt bjarg af veginum.

*Heim: Þorsteinn Sæmundsson 1997: Grjóthrun úr Steinafjalli í austanverðum Eyjafjöllum, 2. september 1997. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VÍ-G97029-ÚR24.*

**Ath:** Nánar um aðstæður og orsakir grjóthrunins er að finna í umfjölluninni um grjóthrunið sem varð úr Steinafjalli þ. 2. sept.

## 28. sept. SEYÐISFJÖRÐUR, MJÖIFJÖRÐUR, FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR, ÁLFTAFJÖRÐUR

Skriður.

**Veður:** Hvassa austanátt með mikilli rigningu gerði í öllum landshlutum þ. 28. Þegar djúp lægð nálgadist landið úr suðri. Mest rignði á austanverðu landinu og þar urðu einnig fokskaðar.

**Atburðarás:** ...Tekið var eftir nýfallinni skriðu innarlega í Seyðisfirði, úr efsta hjúknum ofan við Múla. Fallið hafði úr farvegi/gili efst í fjallinu og niður á hjalla ofarlega. Þaðan rann mórauður lækur niður fjallshlíðina við virkjunina í Fjarðará. Úrkoman á Seyðisfirði mældist 45 mm milli kl. 10:30 og 21 þ. 28. (Gögn HGP).

... Mikil aurskriða féll á veginn um Akurgil í Dalaskriðum í Mjóafirði um miðjan dag í gær og tepptist þar með leiðin út á Dalatanga (Ríkisútvarpið 29.09.).

... Þá urðu skemmdir á ljósleiðara innan við Dali í Fáskrúðsfirði af völdum skriðufalla (Austri 02.10.).

Bærinn Geithellnar í Álftafirði einangraðist vegna aurskriðna í stórrigningum. Skriða rann úr gili milli Húsafells og Breiðs og fór yfir heimreiðina á að giska 100 m kafla. ...Hægt var að komast að bænum eftir krókaleiðum og kom þá í ljós að fleiri skriður höfðu fallið nálægt bænum (Ríkisútvarpið 29.09.).

*Heim: Ríkisútvarpið 29.09. fréttir kl. 08. 12:20. Austri 02.10. Gögn HGP.*

## sept. ELÐGJÁ (slys)

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Tveir ferðamenn slösuðust þegar þeir urðu fyrir grjótskriðu sem féll í Eldgjá á gönguleiðinni inn að Ófærufossi í síðustu viku (14.-20.09.). ...á gönguslóða sem liggur heim að fossinum, neðst í fjallshlíð, þegar skriðan kom niður. Tveir ferðamannanna, maður og kona, urðu fyrir grjóti úr skriðunni og slösuðust, en hinir áttu fótum fjör að launa. ...Annar ferðamannanna var fluttur til aðhlyningar á sjúkrahús í Reykjavík. ...Það var samt mesta mildi að ekki fór verr. Þetta var stórgrýti sem hafði brotnað úr stórum kletti efst uppi í fjallshlíðinni.

*Heim: Sunnlenska fréttablaðið 24.09.*

## 6. okt. SIGLUFJÖRÐUR, NJARÐVÍKURSKRIÐUR, VATTARNESKRIÐUR, FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR, KAMBANESSKRIÐUR, ÞVOTTÁRSKRIÐUR

Skriður, grjóthrun.

**Veður:** Aðfaranótt þ. 6. hvessti mjög þegar úrkomusvæði kom inn á Austfirði og þokaðist vestur yfir land með mikilli rigningu í öllum landshlutum. (Sauðanesviti 07.10. – 32,2 mm, Seyðisfjörður 07.10. – 72,6 mm, Kollaleira 07.10. – 40,4 mm).

**Atburðarás:** ... Mikil úrkoma hefur verið á Siglufirði í dag (06.10.) og grjót féll á veginn við jarðgöngin (úr Strákum), sem var fjarlæggt fljótlega (Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 06.10.).

...Ófært er orðið um Njarðvíkurskriður eystra (kl. 16) og því ekki hægt að fara landleiðina til Borgarfjarðar eystra, en aur og grjót hefur fallið á veginn svo hann hefur lokast. ...Aurskriður hafa víða fallið á veginn um Njarðvíkurskriður, milli

Héraðs og Borgarfjarðar eystra. Vegurinn er ófær nyrst í Njarðvíkurskriðum við svonefnda Bakka, en runnið hefur úr flestum giljum (Ríkisútvarpið 06.10.).

... Grjóthrun er í Vattarnesskriðum (kl. 12:20) og ræður Vegagerðin fólki eindregið frá því að vera þar á ferð (Ríkisútvarpið 06.10.).

... Það hefur heldur rofað til í vatnsveðrinu á Austurlandi. Búið er að opna veginn við Kjappeyri í Fáskrúðsfirði (kl. 14), en þar féll aurskriða yfir veginn. Fáskrúðsfirðingar segja vatnsveðrið þar í dag eitt hið mesta í manna minnum (Ríkisútvarpið 06.10.).

... Aurskriða féll í Kambanesskriðum rétt áðan (kl. 12:20) (Ríkisútvarpið 06.10.).

... kom grjót niður á veginn í Kambanesskriðum ... og í Breiðdal féllu einnig skriður á veginn (Mbl. 07.10.).

... Þá féll skriða í Þvottárskriðum í morgun, en náði ekki niður undir veg (Stöð 2. 06.10.).

*Heim: Ríkisútvarpið 06.10. fréttir kl. 12:20. 14. 15. 16. 17. 18. 19. Ríkisútvarpið, svæðisútlit Norðurlands 06.10. fréttir kl. 18:35. Stöð 2. 06.10. fréttir kl. 19:30. Mbl. 07.10.*

**Ath:** Ekki er ljóst hvort og þá hvar skriður féllu í Breiðdal eða hvort hér er einungis átt við Kambanesskriður.

## 11.-12. okt. SNÆFELLNES (Stapafell)

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** ... Um helgina hrundu heljarstór björg úr toppi Stapafells. Voru menn að giska á að það stærsta væri á annað tonn. Djúpir og miklir skurðir mynduðust í hlíðum Stapafellsins þegar þau féllu og djúpir skurðir komu á jafnsléttu eftir björgin. Þau stærstu höfðu oltið 50 til 60 m á jafnsléttu áður en þau stöðvuðust.

*Heim: Mbl. 14.10.*

**Ath:** Stapafell er sunnanmegin á Snæfellsnesi skammt frá Arnarstapa.

## 31. okt. HRUNAMANNAHREPPUR

Skriður.

**Veður:** Úrkomusvæði fylgdi lægð sem kom inn á landið úr suðvestri þ. 30. Mikið vatnsveður varð í uppsveitum Arnassýslu og var t.d sólarhringsúrkomu á Jaðri í Hrunamannahrepp um 37 mm. Megnið af því kom niður á stuttum tíma aðfaranótt þ. 31., sennilega á 2-3 tímum og í logni.

**Atburðarás:** ... Aðfaranótt föstudagsins 31.10. féllu margar aurskriður hér í hreppnum (Hrunamannahrepp). Langflestar féllu úr Kotlaugafjalli eða nær 20, ef allar smáspýjur eru taldar með. Sú stærsta fór aðeins 2 m frá vatnsbólínu við bæinn Kotlaugar. Þá hafa fallið 9 skriður í Kópsvatnsásnum við bæinn Kópsvatn, einnig má sjá að minni skriður hafa fallið víðar svo sem í Berghylsfjalli. Þessar skriður, sem eru eðlilega mismunandi stórar, hafa valdið allmökkru tjóni á gróðri og eftir þær eru ljót sár í hlíðum. Mikið vatnsveður gekk yfir daginn á undan (þ. 30.) og þessa umræddu nótt (þ. 31.). Þetta er ekki óalgegn fyrirbrigði að slíkar aurskriður komi þegar jarðvegur hefur safnað miklu vatni í femur grunnan gróður ofan á berg. Elstu menn muna þó ekki eftir að svo margar og stórar skriður hafi fallið hér um slóðir (Mbl. 06.11.).

...miklar gróðurskemmdir á nokkrum stöðum í Hrunamannahreppi eftir gífurlega mikla úrkomu á svæðinu. Aurskriður féllu víða úr hlíðum og skildu eftir sig mikla sjónmengun. Mest var tjónið í landi Kópsvatns, Kotlauga og Skipholts. Á sumum bæjunum skemmdust girðingar og túnbrýr. ...Reiknað er með að það taki mörg ár fyrir þau svæði að gróa, þar sem aurskriðurnar féllu, enda stendur klöppin bara eftir (Dagskáin Selfossi 13.11.). ...Scriðurnar voru misstórar, en þær stærstu skilja eftir sig 2ja metra þykka jarðvegshrauka við brekkuræturnar eða niðri á sléttlendi. Ljót ör eru í fjallshlíðunum eftir skriðuföllin, ...Flestar skriðurnar skildu eftir sig för sem eru um eða yfir 100 m á lengd. Ekki varð af teljandi tjón, en ein þeirra fór þó yfir girðingu á um 30 m kafla og inn á ræktað land. Litlu mátti muna að vatnsból Kotlaugabæjanna eyðilegðist, en ein skriðnanna fór fram hjá einu af þremur vatnsbólum Kotlaugabýlanna í 1-2 m fjarlægð, og í ca. 10 metra fjarlægð frá safnæð vatnsins (Sunnlenska fréttablaðið 05.11.).

*Heim: Sunnlenska fréttablaðið 05.11. Mbl. 06.11. Dagskáin Selfossi 13.11. Helga Magnúsdóttir, Bryðjuholti, Hrunamannahrepp.*

#### **14.-15. des. KAMBANESSKRIÐUR, ÞVOTTÁRSKRIÐUR, HVALNESKRIÐUR, BORGARFJÖRÐUR (Húsafell), DALIR (Hvammssveit, Svínadalur), A-BARÐ. (Kollafjörður), DÝRAFJÖRÐUR, SÚGANDAFJÖRÐUR, ÍSAFJARDARÐJÚP**

Skriður, grjóthrun.

**Veður:** Þessa dagana var óvenju hlýtt á landinu með hvassri sunnanátt og fylgdi henni mikil úrkoma. Af þessum orsökum urðu víða leysingar og vatnavextir.

**Atburðarás:** ...Vegurinn um Hvalnesskriður er lokaður vegna aurskriðu sem féll á hann fyrir stundu. ...Um tíuleytið í morgun féll aurskriða sem lokaði veginum við Hvalnes. Vegurinn var opnaður aftur aftur nú á tólfta tímanum, en nokkrum mínútum síðar féll stór aurskriða í Þvottárskriðum. ...Vegurinn um Þvottárskriður var opnaður að nýju um tvöleytið í dag (Ríkisútvarpið 14.12.). ...Nú er búið að hreinsa veginn í Hvalnesskriðum en þar féllu grjótskriður í nótt (Ríkisútvarpið 15.12.). ...Á Austurlandi féllu grjótskriður á þjóðveginn í Þvottár- og Hvalnesskriðum, svo og lítilsháttar í Kambanesskriðum (Mbl. 16.12.).

**Borgarfjörður:** ...Bæjargilið á Húsafelli ógnaði Kvíunum, gróf Húsafellshelluna undir skriðu, og kaffærði tvö listaverk eftir Pál Guðmundsson í leysingunum sem urðu skömmu fyrir jól. Vatnsflaumurinn bar með sér urð og grjót en gilið ruddist meðal annars yfir Kvíarnar. Auk þess að kaffæra flatirnar í kring um kvíarnar eyðilagði vatnsflaumurinn göngustíg sem mikil vinna hafði verið lögð í að leggja í sumar og haust (Dagur 30.12.). ...„Þetta flóð kom okkur í opna skjöldu. Ég hef aldrei séð svona mikið vatn í gilinu. Þetta er eins og stórfljót. Mikil drulla barst með vatninu“ (DV 16.12.).

**Dalir:** ...Vegna hlýnda og úrkomu hafa orðið aurskriður á nokkrum stöðum á landinu ...og við Ásgarð (Hvammssveit) og Svínadal í Dölum (Stöð 2. 14.12.).

**Kollafjörður:** ...og einu vandamálin á svæði hans voru smáskriða við Eyri í Kollafirði (A-Barð). (Mbl. 16.12.).

**Dýrafjörður** ...og á leiðinni út í Lokinhamradal, en þar féllu miklar skriður í rigningunum á dögnum (Ríkisútvarpið 21.12.).

**Súgandafjörður:** ...Þá féll þykk torfa á veginn innan við Laugar í Súgandafirði í rigningunni þessa dagana. Jarðfallið var 20-30 m breitt og um 50 metra langt.

Hugsanlega hefur rask vegna ljósleiðaralagnar hjálpað til að koma skriðunni af stað (Oddur Pétursson, Ísafirði).

**Ísafjarðardjúp:** ...þá hafa smáskriður fallið í Ísafirði vestra (Ísafjarðardjúpi) og eru vegagerðarmenn á leiðinni til að hreinsa veginn (Ríkisútvarpið 15.12.).

*Heim: Ríkisútvarpið 14.12. fréttir kl. 11. 12:20. 16., 15.12. fréttir kl. 08. 12:20., 21.12. fréttir kl. 16. Stöð 2. 14.12. fréttir kl. 19:30. DV 15.12. 16.12. Mbl. 16.12. Dagur 30.12. Árbók fornleifafélagsins 1998. Oddur Pétursson, snjóæftirlitsmaður, Ísafirði.*

**Ath:** Skriðurnar féllu ýmist þ. 14. eða aðfaranótt þ. 15. Allan tíman virðast hafa verið stöðug skriðuföll og grjóthrun í Þvottár- og Hvalnesskriðum.

## 20. des. KAMBANESSKRIÐUR

Skriða.

**Veður:** Óvenju hlýtt á landinu, þið jörð og töluverð úrkoma, sem vegna árstíðarinnar safnaðist víða fyrir í jarðlögum. Víða náði ekki að þorna vegna stutts sólargangs.

**Atburðarás:** ...Vegurinn um Kambanesskriður milli Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar lokaðist nú skömmu fyrir hádegi eftir að stór skriða féll á hann. Vegagerðarmenn höfðu verið að laga ræsi á veginum nokkrum mínútum áður en skriðan féll. ...segir að skriðan sé um 4 m þykk og yfir 20 m breið. Í henni er stórgrýti og drulla. ...Aurskriðan var óvenjustór á þessu svæði. Hún var um 40 m breið, þar sem hún lá yfir veginn og talið er að hún hafi verið 3-4 m þykk (Ríkisútvarpið 20.12.).

*Heim: Ríkisútvarpið 20.12. fréttir kl. 12:20. Ríkisútvarpið, sjónvarp 20.12. fréttir kl. 20. Stöð 2. 21.12. fréttir 19:30. DV 22.12. 23.12.*

**Ath:** Skv. myndum í sjónvarpsfréttum var svo að sjá sem að stór fylla ofan við veginn hefði farið niður, en á þessum stað hafði greinilega verið farið með veginn langt inn í urðina í hlíðinni. Mjög blautt var á myndunum og eflaust hafði eitthvað rignt þarna um fyrr um daginn.

## 25. des. VATTARNESSKRIÐUR

Grjóthrun.

**Veður:** Töluvert rigndi þ. 24.-26. á Suðaustur- og Austurlandi frá úrkomusvæði lægðar sem var sunnan við landið.

**Atburðarás:** ...Talsvert grjót hefur hrunið á veginn í Vattarnesskriðum á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

*Heim: Ríkisútvarpið 25.12. fréttir kl. 22.*

## 29.-31. des. VESTMANNAEYJAR, FLJÓTSDALUR, VATTARNESSKRIÐUR, KAMBANESSKRIÐUR, ÞVOTTÁRSKRIÐUR

Grjóthrun, skriður.

**Veður:** Dagana 29.-31. des. gekk mikið hvasstviðri og rigning yfir landið. Umferð í lofti og á landi tepptist, sjór gekk á land og foksKemmdir urðu. Fyrst var veðrið verst við suðurströndina (29.-30.) en gekk svo austur yfir landið (30.-31.).

**Atburðarás:** Vestmannaeyjar: ...þegar birti í Vestmannaeyjum í morgun (30.12.) kom í ljós ...og grjót hafði hrundi úr Fiskhellnanefi í Herjólfsdal (Ríkisútvarpið 30.12.). ...Stykkið sem hrundi úr nefinu hefur vegið nokkur tonn og hrundi það beint niður í hliðina undir Fiskhellum og myndaði þar stórt sár í grassvörðinn, en bergið slútir talsvert þar sem hrundi varð. Hnullungar úr hruninu ultu niður hliðarnar, en náðu ekki niður á veginn sem liggur inn í Herjólfsdal. Engin slys urðu á fólki (Mbl. 10.01.).

Fljótsdalur: Fjölmargar aurskriður féllu í Fljótsdal í gærkvöld (30.12.) og í nótt (31.12.). ...Stærstu aurskriðurnar virðast hafa komið úr austanverðum Múla, beggja vegna bæjarins Þorgerðarstaða, og þar brotnaði rafmagnsstaur með þeim afleiðingum að línan slitnaði. ...Aurskriðurnar í Suðurdal eru hátt í 20 talsins, en flestar litlar. Þó hafa 4 til 5 fallið yfir veginn, en vegagerðarmenn eru búnir að ryðja burt mest af grjótinu. Mikið stórgrýti fylgdi þessum aurskriðum og nú rennur víða vatn eftir veginum. Ógerlegt er að meta tjón, en á nokkrum stöðum runnu skriður yfir ræktuð tún og annars staðar tóku þær ungar skógarplöntur. ...Nokkrar aurskriður féllu einnig í Norðurdal, þar á meðal ofan við bæinn á Valþjófsstað, en ekki er vitað um tjón af þeirra völdum (Ríkisútvarpið 31.12.).

...Þann 30. des. 1997 gerði mikið vatnsveður á Héraði af austri, og rigndi allan daginn. Daginn áður var hægviðri og allt að 10 stiga frost. Veður hafði verið óstöðugt í nóv.-des., en að jafnaði frekar milt, og stundum allt að 15 stiga hiti. Jarðvegur hefur því verið blautur og þunn frostsán hafði myndast á yfirborðinu, því snjólaust var að mestu. Að kvöldi þessa dags féllu miklar skriður í Suðurdal Fljótsdals, beggja megin í dalnum, og hafa líklega ekki orðið þar eins mikil skriðuföll síðan árið 1941. Stórar skriður féllu m.a. á túnið á Þorgerðarstöðum, en þar er nú ekki föst búseta, einnig á tún í Viðvallagerði. Á báðum þessum jörðum tóku skriðurnar talsvert af skógræktarlandi, sem hafði verið plantað í lerki á síðustu árum. ...Skriðurnar voru aðallega á þremur aðskildum svæðum. Tvö þeirra eru austan í Múlanum, annað yst í hliðinni, í landi Langhúsa, þar sem kallast „Langhúsadalur“, og er það um 1,5 km á lengd, en hitt er við bæinn Þorgerðarstaði, og þar fyrir innan, líka um 1 km eða vel það. Þriðja skriðusvæðið var austan megin í dalnum vestan í Víðivallahálsi, í landi Víðivallagerðis, á um 2 km kafla. Einnig urðu nokkur hlaup inni á afdölum, Villingadal og Þorgerðarstaðadal. Má því segja að skriðuhlaupasvæðið hafi náð yfir allan Suðurdalinn. Einkennilegt er að í landi Arnarstaða, austan í Múlanum, féllu nú engar skriður, en þar urðu mestu skriðuföllin í nóv. 1941. Alls munu hafa fallið milli 20 og 30 skriður, sem kalla má allstórar, og fjöldi af smærri skriðum. Það var áberandi að skriðurnar voru yfirleitt ekki bundnar við lækjarfarvegi, og að flestar þeirra eiga upptök fast við klettabelti, sem í Múlanum er nokkuð hátt í fjallinu, en að austan í miðjum hliðum eða neðar (Víðivallahálsi). ...að þetta kvöld hafi verið hellirigning og mjög hvasst af austri eða suðaustri. Við slíkar aðstæður fossar vatn víða niður af klettabeltum, þó ekki séu lækir, auk þess er algengt að vatn í lækjafossum, sérstaklega austan í Múlanum, fjúki upp í loftið eða til hliðar, og getur þetta hvortveggja komið skriðum af stað. Víða sáust merki þess, að mjög mikið vatn hafði flóð niður með skriðunum, því að bæði voru för eftir vatnsrennsli uppi á rofbrómum hlaupanna, og flest höfðu þau breiðst mjög mikið út niðri á dalbotninum, einna líkast þunnfljótandi soppu. Mold var yfirgnæfandi í skriðuefninu, en auk þess var víða mikið af steinum, smáum og stórum, jafnvel upp í nokkur tonn að þyngd (Helgi Hallgímsson 1999).

Austfirðir: ...Mikið vatnsveður hefur verið á Austurlandi síðustu daga, en heldur var að þorna í gær (02.01.1998). Grjót hefur hrundi af og til á þjóðveginum um Kambanesskriður, Vattarnesskriður og Þvottárskriður en verið hreinsað jafnóðum og ekki valdið truflun á umferð (Mbl. 03.01.1998).

*Heim: Ríkisútvarpið, sjónvarp 30.12. fréttir kl. 20., 31.12. fréttir kl. 13., 02.01. 1998. fréttir kl. 20. Ríkisútvarpið 31.12. fréttir kl. 12:20., 16. DV 02.01.1998. Mbl. 03.01.1998. 10.01.1998. Fréttir Vestmannaeyjum 08.01.1998. Helgi Hallgímsson 1999: Skriðuföll í Fljótsdal (handrit).*

**Ath:** Grjóthrunið í Vestmannaeyjum varð nóttina 29.-30.12., skriðurnar í Fljótsdal féllu um kvöldið þ. 30.12 og aðfaranótt 31.12. Grjóthrunið í skriðunum á Austfjörðum virðist hafa verið af og til allan tímann og jafnvel fram yfir áramótin.





**Mynd 3:** Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 1997.

1998

## 20. jan. HVALFJÖRÐUR

Grjóthrun.

**Veður:** Þann 20. nálgast djúp lægð landið úr suðvestri og gerði þá suðaustan illviðri um mikinn hluta landsins með mikilli vatns- og slydduhríð. Suðvestanlands var víða ofsaveður.

**Atburðarás:** ...Ekki er ferðaveður í Hvalfirði þar er víða grjót á veginum.

*Heim: Ríkisútvarpið 20.01. fréttir kl. 12:20.*

## 21. jan. SNÆFELL

Grjóthrun.

**Veður:** Þann 20. nálgast djúp lægð landið úr suðvestri og gerði þá suðaustan illviðri um mikinn hluta landsins með mikilli vatns- og slydduhríð.

**Atburðarás:** Þann 21. jan. 1998 átti sér stað grjóthrun úr norðausturhlíð Snæfells. Bergspilda losnaði frá efst í brún fjallsins og féll niður nokkur hundruð metra, þar sem hún skall í skriðuvæng. Hrunið vakti mikla athygli almennings og ekki síst fjölmiðla þar sem talsvert stór brúnleit rák var sýnileg úr byggð, meðal annars frá Egilsstöðum. Menn voru ekki á eitt sáttir um eðli hrunsins, né hvenær það átti sér stað (Þorsteinn Sæmundsson o.fl. 1998). ...Bjargstykkið hefur fallið í þröngri rás niður hamravegginn og á skriðuna þar fyrir neðan. Í fallinu hefur stykkið splundrast og má sjá stóra grjóthnullunga niður um alla skriðuna og hefur snjór vöðlast utan um þá marga. ...segir suma hnullungana enga smásmíði, sumir væru áreiðanlega kringum 10 tonna björg (Mbl. 28.01.).

**Aðstæður, orsakir:** ...Umfangsmiklar skriðukeilur eru víða við rætur Snæfells sem benda til mikillar skriðu- og hrunvirkni í hlíðum þess. Hrunið átti sér stað í austanverðu Snæfelli. Þar hefur jökull grafið sig inn í hlíð fjallsins og myndað talsvert stóra skál. Skálin hefur verið nefnd Sótavistir. Hlíðar skálarinnar eru mjög brattar og háar að sunnan og vestanverðu. ...Ummerki hrunsins voru greinileg, sem brúnleit rák frá efstu brún fjallsins og niður í botn skálarinnar. Þessi ummerki sáust víða að og vöktu mikla athygli. Ekki voru menn á eitt sáttir um tímasetningu hrunsins, en mikið óveður var dagana áður en hrunsins varð vart. Brotflötur hrunsins liggur í um 1800 m hæð í efsta klettabeltinu í brún fjallsins. Halli klettabeltisins er nær lóðréttur eða um 87°. Brotflöturinn er um 35 m hár og um 32 m á breidd þar sem hann er breiðastur. Þetta gerir um 1000 m<sup>2</sup> brotflöt. Þykkt bergspildunnar er ekki þekkt og væru því allir rúmmálsútreikningar því hrein ágiskun. Bergspildan hrundi niður um 420 m áður en hún skall niður í skriðuvæng. Efstu 160 m klettabeltisins halla að jafnaði um 60° en neðri 260 m halla að jafnaði um 43°. Á úthlaupssvæðinu fyrir neðan klettabeltið er hallinn um 20°. Úthlaupssvæðið er um 1000 m langt og um 120 m breitt, þar sem það er breiðast. Stærstu grjóthnullungarnir mynda minni tungu sem er um 290 m að lengd. Fínefnadreif var á mjög stóru svæði fyrir neðan megin setmyndunarsvæðið og er greinilegt að höggbylgja af völdum hrunsins hefur farið um mun stærra svæði í neðri hluta skálarinnar. ...Þann 20. jan. gekk slagveður yfir Ísland og torveldar það lestur skjálftalínurita þann dag, þar sem veðurhæð hefur veruleg áhrif á skjálftamæla. Titringur vegna grjóthruns, eða smárra skjálfta hverfur því algerlega í þann titring er veðrið veldur. Veðrið gekk niður að morgni þess 21. Eftir myrkur þann 21. jan., nánar tiltekið kl. 19:49, sjást greinileg merki um titring á mælinum í Laugarfelli (skammt frá

Snæfelli). ...Ekki er ólíklegt að þessi órói hafi stafað af grjóthruninu sem varð í Snæfelli og má reyndar telja það nokkuð víst. ...Öll jarðfræðileg ummerki í hlíðum Snæfells benda til mikillar hrúnvirkni í fjallinu, sér í lagi má búast við mikilli virkni á þeim stað sem hrúnið átti sér stað nú. ...Greinilegt er að nokkur þúsund rúmmetrar af bergi hafa hrúnið niður snarbrattan hamravegginn. Nokkuð snjómagn var fyrir í klettunum og hefur grjótið líklega tekið snjó með sér í fallinu og myndað grjótblandað snjóflóð. Greinilegt er að mikil höggbylgja hefur myndast, því fínefnadreif var víða að sjá fyrir utan grjót dreifina. ...Mjög líklegt er að frostveðrum hafi smá saman losað um bergið, en benda má á að langur og nokkuð harður frostakafli varð á undan hrúninu (Þorsteinn Sæmundsson o.fl. 1998).

*Heim: Ríkisútvarpið 25.01. fréttir kl. 19., 26.01. fréttir kl. 12:20., 27.01. fréttir kl. 19., 28.01. fréttir kl. 19. Ríkisútvarpið, sjónvarp 26.01. fréttir kl. 20., 27.01. fréttir kl. 23. Stöð 2. 26.01. fréttir kl. 19:30. 22:30., 27.01. fréttir kl. 19:30. Mbl. 26.01. 27.01. Austri 29.01. 05.02. 26.02. Þorsteinn Sæmundsson, Sigurður Kiernan, Pálmi Erlendsson 1998: Grjóthrun í Snæfelli, þann 21. janúar 1998. Veðurstofa Íslands, greinargerð, VÍ-G98022-ÚR018.*

**Ath:** Töluverð umræða varð um þennan atburð í fjölmiðlum og er henni að mestu leyti sleppt hér. Rétt er þó að geta að sumum (Stöð 2. 26.01., 27.01.) sýndist sem hér hefði orðið krapahlaup, og á þann hátt að vatn hefði safnast saman á bak við þykkann ís utan á fjallstoppinum. Vatnsþrýstingurinn síðan sprengt fram ísinn á stóru svæði og vatn, ís og grjót steypst hundruð metra niður eftir fjallinu. Flestir sem um málið fjölluðu voru þó á svipaðri skoðun og þeir Veðurstofumenn.

### 30. jan. VÍK Í MÝRDAL

Grjóthrun.

**Veður:** Þann dag sem hrúnið varð má að heita þurrt í Mýrdalnum, en í heildina var mánuðurinn nokkuð vætusamur. Hitastig sveiflaðist frá því að vera vel undir frostmarki í nokkra daga eða vel yfir því.

**Atburðarás:** Þann 30. janúar 1998 átti sér stað berghrun úr austanverðu Reynisfjalli í svo kallaðri Breiðuhlíð. Bergspilda ofarlega í brúninni losnaði frá og féll niður um það bil 170 m. Atvikið átti sér stað föstudaginn 30. janúar, um kl. 14:13. Árið 1932 hafði hrúnið mun stærri bergspilda á þessum stað og var staðurinn nefndur Hrapið eftir þann atburð. ...Nokkur vitni urðu að atburðinum. ...fylgdist með þegar bergspildan féll niður hlíðina. Að hennar sögn losnaði stórt stykki ofarlega í brún fjallsins. Í stað þess að hrynja beint niður, þá var eins og að kletturinn hafi hallast nokkuð frá berginu áður en hann féll beint niður. Hún segir að kletturinn hafi nánast verið óbrotinn í fallinu þar til að hann skall niður á topp skriðukeilunnar fyrir neðan. Þar brotnaði hann, en mjög stórt stykki sem virtist vera efsti hluti spildunnar, „flaug“ niður skriðuvænginn. ...Berghrúnið kom greinilega fram á skjálftamæli á Skammadalshól í Mýrdal. Greinilegt útslag kom fram á mælinum um kl 14:14:13 og stóð óróinn yfir í um rúmar 28 sek. Stærsta útslagið kom um það bil 6 sek. á eftir að fyrsta óróa gætti. Þetta fellur vel að lýsingum vitna sem sáu hrúnið (Þorsteinn Sæmundsson o.fl. 1998).

...og staðnæmdist um 200-300 metrum vestan byggðarinnar í Vík í Mýrdal. Nokkrir mjög stórir steinar eða björg fylgdu með skriðunni, eitt þeirra sýnu stærst og var giskað á að það væri allt að 10 m á kant (Mbl. 31.01). ...Stærstu björgin í skriðunni eru tugir tona að þyngd. Má mildi telja að enginn slasaðist þar sem þarna er fjölfarin gönguleið í fjallinu (DV 31.01.).

**Aðstæður, orsakir:** ...Breidd brotsársins er um 33 til 35 m þar sem það er breiðast og hæð þess er um 35 til 38 m þar sem það er hæst. Hliðar þess eru nokkuð jafnar og því má lauslega áætla að heildarbrottflöturinn sé um það bil 1100 til 1300 m<sup>2</sup>. Þykkt klettsins sem féll niður er nokkuð mismunandi, en hámarksþykkt er allt að 8 til 10 m. Hér er reiknað með 3 til 4 m meðalþykkt. Ef reiknað er með 3,5 m meðalþykkt þá verður heildarrúmmál berghrunsins um það bil 3800 til 4500 m<sup>3</sup>. Ef reiknað er með eðlisþyngd móbergs um 2,2 þá má áætla að um 7600 til 9000 tonn af móbergi hafi fallið niður í þessu berghruni. Heildarfallhæð þess er um 180 til 190 m. Um 120 til 130 m af þeirri hæð er nær lóðréttur hamraveggur, en efri brún gömlu skriðunnar liggur í um 60 til 70 m hæð yfir sjó. Mesta breidd skriðuvængsins eru tæpir 90 m. Megin hluti efnisins stöðvaðist tiltölulega ofarlega í gömlu skriðunni. ...Sjávarrof grefur undan rötum fjallsins og veldur því að hliðar þess verða óstöðugar. Að auki kemur til frostveðrun þar sem vatnið seytlar ofaní sprungur í berginum eða efst á brún þess. Þar frýs vatnið og þenur sprungurnar út. Í næstu þíðu losnar um sprunguna og þannig heldur ferlið áfram koll af kalli. Þegar bergið er orðið laust fellur það niður. Jarðskjálftar geta einnig valdið því að bergsillur falli niður. ...Hrunið þann 30. janúar var í minni kantinum miðað við þau ummerki sem að við sjáum um berghrun úr fjallinu og ritaðar heimildir eru um (Þorsteinn Sæmundsson o.fl. 1998).

**Hrunhætta:** ...Brúnir Reynisfjalls er víða mjög sprungnar. Sprungur á austur og suðaustur brúnum fjallsins hafa verið kortlagðar. Megin hluti sprungnanna liggur samsíða brún fjallsins og liggja sumar þeirra allt að 5 m fyrir innan brúnina (Höskuldur Búi Jónsson 1997). ...þá fleygast bergið niður, nánast eins og það flagni utan af fjallinu. Það eru þessir fleygar sem eru að losna frá og falla niður. Sumar þessara sprungna ná langt niður í bergið. Norðan við brotsárið er mjög varhugaverður staður. Þar skagar út klettur sem er mjög sprunginn. Þetta er að öllum líkindum „afgangurinn“ af brotsárinu 1932. Greinileg færsla varð á þessum stað við hrunið núna. Það kom niður um 200-300 m sunnan við byggð í Vík, en kletturinn liggur enn nær byggðinni. ...Full ástæða til að fylgjast vel með öllum hreyfingum sem kunna að verða þar. Lagt hefur verið til við bæjaryfirvöld í Vík að mælipunktur verði settir upp sitt hvoru megin við sprunguna og fylgst náíð með öllum hreyfingum. Full ástæða er að koma upp svipuðum mælipunktum á öðrum stöðum í fjallinu til að fylgjast með hreyfingum. ...Þar sem þó nokkur umferð ferðamanna er um nágrenni Víkur er nauðsynlegt að setja upp viðvörunarskilti þar sem varað er við grjóthruni á öllum þeim stöðum þar sem hætta er á grjóthruni. Þetta á við allt svæðið frá syðstu byggð og út með ströndinni. Einnig er nauðsynlegt að setja viðvörunarskilti á brúnir fjallsins þar sem hætta er á að hrynji úr fjallinu (Þorsteinn Sæmundsson o.fl. 1998).

*Heim: Ríkisútvarpið 31.01. fréttir kl. 12:20. 19. Ríkisútvarpið, sjónvarp 31.01. fréttir kl. 20. Stöð 2. 31.01. fréttir kl. 19:30. DV 31.01. 02.02. Mbl. 31.01. 03.02. Sunnlenska fréttablaðið 04.02. Höskuldur Búi Jónsson 1997: Um skriðufallavá, skipulagð byggðar og verklegra framkvæmda: Rannsóknir á skriðuföllum í Vatnsdalsfjalli og Reynisfjalli. Skýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Háskóli Íslands. Þorsteinn Sæmundsson, Hreggviður Norðdahl, Gunnar B. Guðmundsson 1998: Grjóthrun í Reynisfjalli 30. janúar 1998. Veðurstofa Íslands, Greinargerð. VÍ-G98016-ÚR13.*

**Ath:** Aftur hruni á sama stað 05.02.1998 og talsvert hrun varð á þessum slóðum 21.05.1995. Í brotsárinu eftir hrunið þann 30. jan. sat eftir um 8-10 m sylla, sem ákveðið var að sprengja niður við fyrsta tækifæri. Mikill hluti hennar hrapaði þó niður þann 5. febr.

## 5. febr. VÍK Í MÝRDAL

Grjóthrun.

**Veður:** Þennan dag skiftist á snjócoma og rigning í Mýrdalnum, en óvíst er að það hafi nokkur áhrif haft á grjóthrunið.

**Atburðarás:** Skriða féll í fyrrakvöld (05.02.) neðan úr bergfyllunni sem eftir varð í brún Reynisfjalls þegar mikil grjótskriða féll þar sl. föstudag (30.01.). Í Vík hafa menn beðið eftir að viðri til þess að sprengja, þar sem fyrirsjáanlegt þótti að meira kæmi niður (Mbl. 07.02.). ...Þetta virtist vera glettilega mikið og fara niður um alla skriðuna sem féll um daginn. Ég veit ekki hvort þetta var eins mikið sem hrundi núna eins og þá, en þetta fór yfir hana alla (DV 06.02.). ...Stór hluti af klettasnösinn sem eftir varð efst í Reynisfjalli þegar skriðan féll á dögnum og stóð til að sprengja hrundi af sjálfsdáðun á föstudaginn (05.02.) (Sunnlenska fréttablaðið 11.02.).

*Heim: DV 06.02. Mbl. 07.02. Dagur 07.02. Sunnlenska fréttablaðið 11.02.*

## 13. mars SVARTÁRDALUR

Skriða, (krapahlaup?).

**Veður:** Hlý suðvestanátt með rigningu á landinu, snöggar leysingar.

**Atburðarás:** Skriða féll yfir Þjóðveginn úr gili fyrir ofann bæinn Bólstaðarhlíð í Svartárdal á föstudagskvöld (13.03.). Skriðan var 35 metra breið og að mestu krap og grjót. Þjóðvegurinn var ruddur þá um kvöldið. Að sögn lögreglu sakaði engann.

*Heim: Mbl. 15.03.*

**Ath:** Vel má vera að hér hafi verið á ferðinni krapahlaup af svipuðum toga og féllu á Bíldudal skömmu eftir miðnætti þ. 14.03. Þau hlaup voru mun minni og ekki eins aurlönduð og hlaupin á Bíldudal þ. 28.01.1997, og eru því ekki höfð með hér.

## 21. mars ÞVOTTÁRSKRÍÐUR, HVALNESSKRÍÐUR, HVALFJÖRÐUR (bílslys)

Grjóthrun.

**Veður:** Suðvestanátt, hlýindi og þó nokkur rigning víða um land. Mikið rigndi suðaustanlands.

**Atburðarás:** Vegagerðin varar við grjóthruni í Hvalfirði og á leiðinni milli Djúpavogs og Hafnar í Hornafirði (Þvottár- og Hvalnesskriður).

**Hvalfjörður:** ...Tveir menn voru hætt komnir á tólfta tímanum í morgun á veginum í Hvalfirði, þegar stórt grjót féll úr Múlafjalli á vélarhlíf bifreiðar sem þeir voru í. Við það kastaðist bíllinn á vegrið og stórskemmdist. Mennirnir tveir sluppu ómeiddir og fengu far með langferðabifreið til Reykjavíkur (Ríkisútvarpið 21.03.). ...hrundi úr Votabergi ...þá sé ég allt í einu út undan mér, vinstra megin, að það kemur risastórt bjarg í loftköstum hérna niður hlíðina. Ég nelgdi niður og andartaki síðar, ég veit ekki hvort að það leið sekúnda þá lenti eitthvað á bílnum. Steinninn og bíllinn hentust hérna utan í vegrið. ...og við vorum rétt komnir út úr bílnum þegar við sjáum annað grjót rúlla hérna niður og yfir veginn, rétt fyrir framan okkur (Stöð 2. 22.03.). ...bjargið lenti á framhluta bifreiðarinnar og skar bíllinn í tvennt (DV 23.03.).

*Heim: Ríkisútvarpið 21.03. fréttir kl. 19. Stöð 2. 22.03. fréttir kl. 19:30. Mbl. 22.03. DV 23.03.*

## 23. mars ÞVOTTÁRSKRIDUR

Skriður.

**Veður:** Suðvestanátt ríkjandi og lengst af var hlýtt í veðri. Úrkoma mikil suðaustanlands.

**Atburðarás:** Aurskriða féll á veginn í Þvottárskriðum um kl. 02 aðfaranótt mánudags (23.03.). Skriðan lokaði veginum á milli Hornafjarðar og Djúpavogs (Mbl. 24.03).

*Heim: Ríkisútvarpið 23.03. fréttir kl. 08. Mbl. 24.03.*

## 21.-23. mars STRANDIR (Kollafjörður)

Krapahlaup/skriða.

**Veður:** Suðvestanátt, hlýindi og þó nokkur rigning víða um land. Sumstaðar urðu töluverðar leysingar.

**Atburðarás:** Tjón hefur orðið hér um slóðir á nokkrum stöðum af völdum mikils leysingaveðurs að undanfögnu. ... Á bænum Steinadal (í Kollafirði) féll allmikið aur- og krapaflóð. Eyðilagði það girðingu þar sem það fór yfir og spillti ræktuðu landi.

*Heim: DV 26.03.*

## 20.-22. apr. VÍK Í MÝRDAL

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** ... Víkurbúar hafa ekki farið varhluta af þeim veðrabrigðum sem hafa verið í vetur, frost og þíða á víxl í allan vetur. Stórt stykki hrundi úr Reynisfjalli, rétt vestan Víkurþorpsins í vetur og nú í vikunni hrundi klettur úr berginu ca. metra norðan við Hótel Vík (bílastæðið). Eftir stendur mun stærri klettur sem er ca. 20-30 m hár og 6-8 m breiður sem gæti valdið hættu ef hann hryndi öllum að óvörum (Mbl 23.04). ... setti vörubílstjakk í sprunguna og tjakkaði. Féll kletturinn um hálfan metra en bjargið, 20-30 m hátt og 6-8 m á breidd, féll fram yfir sig og dreifðist í allt að 20 m, út á bílastæðið við Hótel Vík en olli ekki tjóni (Mbl. 26.04.).

*Heim: Mbl. 23.04. 26.04.*

## apr. VATNSDALUR

Skriða.

**Veður:** Leysingar?

**Atburðarás:** Seinni partinn í apr. féll aurskriða í landi Eyjólfsstaða í Vatnsdal. Skriðan féll úr Þrístöpum og í Stekkjarlæk. Þar féll hún upp að sumarbústað og skemmdi girðingu.

*Heim: Þorbergur Aðalsteinsson, Eyjólfsstöðum, Vatnsdal.*

## 23. maí SKAGAFJÖRÐUR (Höfðaströnd)

Skriða.

**Veður:** Talsverð úrkoma var dagana 21.-23. þegar úrkomusvæði þokast austur yfir landið. Samhliða úrkomunni urðu töluverðar leysingar.

**Atburðarás:** ...Ábúendur á Vatni á Höfðaströnd urðu fyrir miklu tjóni þegar aurskriða braut niður stíflu við uppistöðulón fyrir ofan bæinn og eyðilagði rafstöðina um hádegisbil sl. laugardag (23.05.). ...hafði verið mikil úrkoma fyrir helgina og leysingin olli því að grjót og jarðvegur barst úr Gljúfurárgili, sem er nyrst í landi Vatns, eftir veituskurðinum í uppistöðulónið, fleiri hundruð metra leið, og skolið inn í lónið með þeim afleiðingum að jarðvegur grófst undan steiptum stíflumannvirkjum og þau féllu síðan og molnuðu niður (Feykir 27.05.). ...þegar aurskriða braut niður stíflu í uppistöðulóni fyrir ofan bæinn og eyðilagði rafstöðina (DV 28.05.).

*Heim: Feykir 27.05. DV 28.05.*

## maí/júní ÍSAFJÖRÐUR, SÚÐAVÍK

Skriður.

**Veður:** Leysingar.

**Atburðarás:** Við vettvangskonun sumarið 1998 kom í ljós að skriðuspýjur höfðu víða hlaupið úr brún Gleiðarhialla ofan við Ísafjörð, við vorleysingar í maí/júní. Þessar spýjur hlupu allar stutt niður í farvegina neðan við hjallann. Þá var einnig tekið eftir smáspýjum í fjallinu ofan við Súðavík.

*Heim: Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 1999: Skriðuföll á Ísafirði og í Hnífsdal. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-99010.*

## 4. júní HELLISHEIÐI, HVERAGERÐI, VÖRÐUFELL, ESJA

Grjóthrun við jarðskjálfta.

**Veður:**

**Atburðarás:** Þann 4. júní urðu tveir jarðskjálftar með upptök við Litla-Skarðsmýrarfjall á Hellisheiði, kl. 19:05 – 4,6 og kl. 21:30 – 5,3 á Richterskvarða. Við báða skjálftana varð grjóthrun.

...Grjóthrun varð víða á Hellisheiði, jafnt í skjálftanum upp úr kl. 21:30 og í fyrri skjálftanum upp úr kl. 19. ...staddur við Litla-Skarðsmýrarfjall ...við horfðum á hnallunga fara af stað úr fjallinu og húrta niður. ...Voru þetta mikil björg? Nei í sjálfu sér ekki, það var eitt stórt uppi í fjallinu. Ég geri mér ekki grein fyrir hvað það var stórt, meter í þvermál að sjá frá okkur. ...Ég var staddur í (efnisnámunni í) Lambafelli í Þrengslum ...og hrundi þarna úr bergi, úr Stálinu svokallaða ...það komu gríðarlegar skriður, já grjóthrun (Stöð 2. 04.06.).

...Maður sem hringdi þar úr grenndinni (Hveragerði) sagðist hafa séð grjóthrun í fjöllum. ...sagði að mikið hefði hrunið úr Reykjafjalli ...að stórgrýti og smáskriður hefðu hrunið úr fjallinu (Ríkisútvarpið 04.06.).

...þá sá ég rykmökk mikinn og það er öruggt að það hefur hrunið eitthvað ofan í Grendalsá, eða Djúpagil fyrir norðan Kambabrún (Ríkisútvarpið 04.06.). ... mátti sjá að hrunið hafði úr talsvert gömlu sári í Hamrinum fyrir ofan Hveragerði. ...Höfðu þeir komið frá Grendalsá við Reykjadal en þar hafði hrunið á sjö stöðum úr klettunum (Mbl. 06.06.).

... Mikið grjóthrun varð í Hellisgili í Vörðufelli á Skeiðum og var talið að allt að 100 tonn af grjóti hafi hrunið niður (Peik Malmo Bjarnason, Helgastöðum II, Skeiðum).

... og urðu vitni að grjóthruni í gili ofan við Sjávarhóla hátt í Esjunni vestanverðri (Mbl. 05.06).

... Talsvert hefur hrunið úr fjöllum og klettum á Suðvesturlandi í skjálftunum (Mbl. 06.06.).

*Heim: Ríkisútvarpið 04.06. fréttir kl. 22. 24., 05.06. fréttir kl. 08. 12:20. Stöð 2. 04.06. fréttir kl. 22:30. Mbl. 05.06. 06.06. Peik Malmo Bjarnason, Helgastöðum II, Skeiðum.*

## 7. júní LÓMAGNÚPUR

Grjóthrun/skriða.

**Veður:** Þurrt, ekki leysingar. Mikil rigning mun hafa verið á þessum slóðum daginn áður.

**Atburðarás:** Mikil skriða féll úr austanverðum Lómagnúpi um kl. 13:20 í dag. Sjónarvottur segir að mikil fylla hafi fallið ofarlega úr fjallinu og niður á eyrarnar neðan við það. Skriðunnar varð vart sem jarðskjálfta upp á 2 á Richter á jarðskjálftamælum. ... Þorleifur Magnússon var þá ásamt fjölskyldu sinni staddur á brúnni yfir Núpsvötn og varð var við mikinn rykmökk og ógnarlegar drunur úr austanverðum Lómagnúpi. Hann sá síðan þegar feiknarleg skriða féll ofarlega úr fjallinu og yfir veginn í Núpsstaðaskóg og lokar honum nú. Fjöldi smáskriðna féll á eftir þeirri stærstu (Ríkisútvarpið 07.06.). ... Greinilegt er að mikið afl hefur leyst úr læðingi við þessar hamfarir, en lengst nær skriðan um 200 m út frá fjallinu. Skiptist hún í tvo hluta og er annar á hæðina, en hinn á lengdina. ... Hæst nær skriðan rúmlega 10 m en að jafnaði er hún um 4 m á hæð og um 70 til 120 m á breidd. Við fjallsræturnar er nokkuð djúp geil sem myndast hefur þegar skriðan kom niður á jafnsléttu. Í bland við bergið er jarðvegur og birkihríslur sem skriðan ýtti á undan sér úr hlíðinni. ... „Fljótt á litið sýnist mér þetta vera um einn og hálfur hektari að stærð og miðað við hæð gætu þetta verið um 80.000 m<sup>3</sup>. Það sést að skriðan hefur náð miklum hraða, þar sem hún hefur náð að renna um 200 m út frá fjallinu. Mér sýnist þó að þar hafi loftþrýstingur hjálpað til, þar sem öldugangur er í skriðunni, en slíkt kallast held ég gushlaup og er þekkt með snjóflóð. Þá er greinilegt að skriðan hefur náð að ýta á undan sér miklu af þeim gróðri sem var í hlíðinni undir berginu og eru merki þess víða í jaðri skriðunnar. ... Þessi skriða er aðeins brot af þeirri sem féll í júlí 1789 (úr Lómagnúpi vestanverðum). ... Nýja skriðan er líklega til komin vegna þreytu í móbergslögum og líklega hefur sprungið meðfram bjargbrúninni, sem opnast samfara frosti og leysingum. ... Henni svipar mjög til þeirrar skriðu (Fosnúpur á Síðu 26.02.1961), bæði að lengd og breidd“ (Mbl. 09.06.).

... Skriðan féll úr á að giska 400 m hæð. Maður sá strax að stálið þarna uppi var orðið öðruvísi og ljósara á litinn en landslagið í kring. Þetta er mörg hundruð fermetra svæði. ... Skriðan fór fyrst í frjálsum falli, en síðan niður í aðra skriðu og þaðan niður aurana og síðan yfir jeppaslóðann sem liggur inn í Núpsstaðarskóg (DV 08.06.). ... Þetta er feiknarfylla sem hefur farið niður og vantar líklega á um 100 m kafla í klettbergið (Mbl. 09.06.).

*Heim: Ríkisútvarpið 07.06. fréttir kl. 19., 08.06. fréttir kl. 19. Ríkisútvarpið, sjónvarp 07.06. fréttir kl. 20. DV 08.06. Mbl. 09.06. 10.06.*



## **júní STRANDIR (Trékyllisvík)**

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Bjarg féll á veginn milli svonefndra Stóru- og Litlu-Kleifa (Trékyllisvík) á veginum til Norðurfjarðar. Jarðvegurinn hafði runnið undan bjarginu og það sigið niður í efri vegarkantinn, en fært er um veginn. Bjargið er u.þ.b. 10-15 tonn en verður sprengt innan skamms og vegurinn ruddur.

*Heim: Mbl. 12.06.*

## **15. júní VESTMANNAEYJAR**

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** ...Á aðfaranótt mánudagsins hrundu a.m.k. átta steinar úr Klifinu og fóru þrír þeirra út á veg. Hefðu þeir auðveldlega getað valdið tjóni á bílum og mönnum. ...Stærsti steinninn í þessari hrinu er vart undir tonn af þyngd.

*Heim: Fréttir Vestmannaeyjum 18.06.*

## **30. júní ÓSHLÍÐ**

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Þann 30. júní varð grjóthrun í Óshlíð, í svonefndri Stóru skriðu fyrir innan Sporhamar. Hrúnið átti sér stað rétt fyrir kl. 23 um kvöldið. ...Talsverðir skruðningar fylgdu hrúninu. Hrúnið átti sér stað í svonefndri Stóru skriðu, en hún er staðsett í norðanverðri Óshyrnu, eða Óshorni eins og það er stundum nefnt. Líklegt er að berg hafi losnað frá í efstu brún fjallsins í eystri brún skorunnar, fallið niður gilskoruna sem nær upp í topp fjallsins og skolið síðan niður í skriðuvænginn. ...Varnarnetin voru skoðuð næsta dag en ekki var að sjá að neitt teljandi tjón hefði orðið á þeim. Líklegt má telja að þeir steinar sem náðu alla leið niður í sjó hafi flogið yfir veginn. Litlar skemmdir urðu á veginum sjálfum.

*Heim: Þorsteinn Sæmundsson 1998: Grjóthrun í Stóru skriðu í Óshyrnu, þann 30. júní 1998. Veðurstofa Íslands, greinargerð, VÍ-G98025-ÚR20.*

## **8. júlí SVARTÁRDALUR**

Skriða.

**Veður:** Allmikil lægð olli hvassri norðanátt og rigningu á landinu þ. 7.-8. Norðanlands náðist víða úrkomuhámark í mánuðinum þ. 8. (t.d. Blönduós 08.07. – 17,8 mm).

**Atburðarás:** Aurskriða féll á miðvikudag (08.07.) í Botnastaðabrekku fyrir ofan Húnaver (á veginn um svonefnda Bólstaðarhlíðarbrekku). Jarðvegur lokaði veginum á nokkurra metra kafla, einhverjar tafir urðu á umferð en engin slys. ...Að sögn lögreglu virðist sem stór torfa hafi losnað vegna mikilla rigninga síðustu daga eftir langa þurrkatið. ...Smá fylla hafði fallið úr brekkunni ofan við þjóðveginn.

Jarðvegur úr farvegi/lækjarskorningi hafði hreinsast út og fallið yfir veginn (Gögn HGP).

*Heim: Mbl. 10.07. Gögn HGP.*

## 15.-16. júlí STRANDIR (Trékyllisvík)

Skriður.

**Veður:** Eindregin norðanátt og rigning, mikil úrkoma á Stöndum t.d. Litla-Ávík 16.07. – 24,8 mm.

**Atburðarás:** Fjórar skriður féllu úr Urðartindi á milli Trékyllisvíkur og Norðurfjarðar á Ströndum í fyrrakvöld. Skriðurnar féllu úr fjallinu á þjóðveginn og lokuðu honum í tvær klukkustundir. Úrkoma var óvenjumikil á þessum slóðum síðdegis, daginn sem skriðurnar féllu.

*Heim: Ríkisútvarpið 17.07. fréttir kl. 12:20.*

## 2. ág. VÍK Í MÝRDAL

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Á sunnudaginn (02.08.) hrundi steinn úr Reynisfjalli niður á þjóðveginn sem liggur upp frá þorpinu í Vík í Mýrdal. Engar tafir eða óhöpp urðu vegna hans og steininum var fljótlega velt út af veginum.

*Heim: DV 07.08.*

## 9. ág. ÞÓRSMÖRK

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Gríðarlegt bjarg féll á fjölfarinn veg rétt innan við Bása í Þórsmörk í fyrri nótt. Til allrar hamingju var enginn á ferðinni er þetta gerðist. ... Fólkið sem gisti í Þvergili heyrði skruðninga og læti á þessum tíma og hélt að Mýrdalsjökull væri að skriða fram. ... Bjargið telja menn vera í kringum 200 tonn að þyngd.

*Heim: DV 10.08.*

## maí-ág. ALMENNINGAR

Jarðsig.

**Veður:**

**Atburðarás:** Maður á leið til Siglufjarðar þ. 10.08. tók eftir um 10-15 „brikum“ á veginum, en hann telur sig ekki hafa orðið var við þær þegar hann átti leið þarna um mánaðarmótin apr.-maí. Nokkuð jarðsig hefur því orðið á þessum tíma.

*Heim: Hreggviður Norðdahl, Raunvísindastofnun Háskólans, Reykjavík.*

## 14. ág. ÓSHLÍÐ

Grjóthrun.

**Veður:** Allmikið rigndi þ. 13. og 14. nýðra, t.d. Bolungarvík 14.08 –38,5 mm.

**Atburðarás:** Þann 14. ág. varð grjóthrun í Óshlíð ... Mikil úrkoma hafði verið þá um morguninn og nóttina á undan, en lítil úrkoma hafði verið á undan. Þegar slíkar veðuraðstæður eru, getur skapast talsverð grjóthrunshætta. Rétt fyrir kl. 09 um morguninn sá Jóhann Hannibalsson (snjóæftirlitsmaður Bolungarvík) grjót í einu grjóthrunsnetinu í Óshlíð. Jóhann sótti Sigurð Kiernan, sem staðsettur var á Ísafirði og fóru þeir að skoða ummerki hrunsins. Þegar komið var framhá Seljadal í Óshlíð um kl. 09:15 sást í stóran grjóthnullung á leið niður hlíðina og lenti hann um 30 m fyrir framan bílinn. Grjótið fór yfir Djúpveg og staðnæmdist í fjörunni. Grjótið sem var 1-2 m<sup>3</sup> eða 2,5-5 tonn, tætti upp-malbikið og myndaði 2 m langt skarð í veginn. Minna grjót fylgdi í kjölfarið en það olli engum skaða á veginum. Haldið var áfram að grjóthrunsnetinu. Grjótið sem var um 2 til 3 tonn, hafði staðnæmst í netinu. ... Vegagerðin á Ísafirði var látin vita og fóru þeir á staðinn. Seinna um daginn kom aðvörðun frá lögreglu um hættu á grjóthruni í Óshlíð. ... verkstjóri hjá Vegagerðinni á Ísafirði, hefur greint frá því að grjóthrun hafi verið nær allan þann dag, en ekki hafi orðið meira tjón. Hann greindi jafnframt frá því að vegurinn hafi aldrei verið lokaður vegna grjóthrunshættu og að ekki hafi komið til greina að loka veginum í þessari hrinu. Vegagerðarmenn hafa þegar skift um net og fyllt í vegarskarðið (Sigurður Hrafn Kiernan 1998).

... Það hefur rignt viðstöðulaust á norðanverðum Vestfjörðum undanfarna daga. Vegfarandi sem átti leið um Óshlíð, hafði samband við lögreglu á Ísafirði fyrir stuttu og sagði alla hlíðina vera á hreyfingu (Ríkisútvarpið 14.08.).

*Heim: Ríkisútvarpið 14.08. fréttir kl. 14. 15. Sigurður Hrafn Kiernan 1998: Grjóthrun í Óshlíð 14. ágúst 1998. Veðurstofa Íslands, greinargerð, VI-G98031-ÚR25.*

## 27. ág. ARNARFJÖRÐUR (Trostansfjörður)

Grjóthrun.

**Veður:** Rigningarsuddi hafði verið um nóttina.

**Atburðarás:** Þegar undirritaður átti leið um Arnarfjörð tók hann eftir þó nokkru af grjóti á veginum um Sunnuhlíð í Trostansfirði. Alls lá um tugur hnullunga á veginum og þar af voru tveir stórir, um 20 kg hvor. Miðað við aðstæður er ekki ósennilegt að grjóthrun sé frekar algengt hérna, eins og víðar við Arnarfjörð.

*Heim: Gögn HGP.*

## 31. ág.-1. sept. MÝRDALUR

Skriða.

**Veður:** Víðáttumikið lágprýstisvæði var suðvestur í hafi og var stíf suðaustanátt og mikil rigning og súld við suður- og austurströndina (Vík 01.09. – 70,7 mm).

**Atburðarás:** ...að vatnavextir á Suðurlandi hafi verið óvenjumiklir og staðið yfir lengur en venjulegt er. Vöxturinn byrjaði á laugardag (29.08.) vegna mikilla hlýinda og rigninga, en síðan þá hefur rignt nær viðstöðulaust sunnanlands. .... Aurskriða féll skammt frá sumarhúsi í landi Skammadalshóls vegna úrkomunnar undanfarna daga og

hreif skriðan með sér vatnskút (Mbl. 02.09.). ...Skriða féll úr Deildárgili rétt hjá Skammadal og munaði ekki miklu að hún lenti þar á sumarbústað. Hún nam staðar nokkra metra frá honum (DV 05.09.).

*Heim: Mbl. 02.09. DV 05.09.*

**7.-8. nóv. NJARÐVÍK, NJARÐVÍKURSKRIÐUR, BORGARFJÖRÐUR EYSTRI, FLJÓTSDALUR, SKRIÐDALUR, EYVINDARÁRDALUR, FAGRIDALUR (bílslýs), MJÓIFJÖRÐUR, NESKAUPSTAÐUR, REYÐAREFJÖRÐUR (bílslýs), VATTARNESSKRIÐUR, KAMBANESSKRIÐUR, ÞVOTTÁRSKRIÐUR, HVALNESSKRIÐUR**

Skriður, grjóthrun, krapahlaup.

**Veður:** Daga 7.-8. nóv. gekk óveður yfir austanvert landið. Því fylgdi mikið hvassviðri og hlýindi, og mikil og samfelld úrkoma. Af þessum orsökum varð asahláka því töluverður snjór var í fjöllum, miklar leysingar og vatnavextir, skriðuföll, snjóflóð og krapahlaup. Víða urðu vegaskemmdir.

**Atburðarás:** ...Fyrst og fremst eru skemmdirnar hjá okkur á Borgarfjarðarvegi. Það féll aurskriða við heimreiðina að bænum Njarðvík og fór þar yfir veginn. Var ófært þar í morgun. Sex til átta aurskriður féllu á veginn í Njarðvíkurskriðum og afleiðingarnar voru að vatnið rann þvert yfir veginn og gróf úr neðri kannti. Við bæinn Snotrunes í Borgarfirði eystra kom aurskriða niður læk, bæjarlæk sem þar er, stíflaði rennuna og fór yfir, og rann aur og vatn meðfram bænum (Ríkisútvarpið 08.11.).

**Fljótsdalur:** ...Tvær aurskriður féllu við Valþjófsstað í Fljótsdal og var sú stærri um 100 m breið, en olli þó engu tjóni, nema á girðingum (Ríkisútvarpið 09.11.) ...Það var ljótt um að litast við prestssetrið á Valþjófsstað í Fljótsdal eftir óveður liðinnar helgar. Þar hafði fallið aurskriða með þeim afleiðingum að stórt sár hefur myndast í þessri annars fallegu hlíð. Ekkert tjón varð þó á byggingum, en flóðið reif með sér nokkrar girðingar og bar grjót á túnin fyrir neðan (Austri 12.11.). ...Stærsta hlaupið þar hafði fallið eftir grunnum lækjardrögum ofan frá fjallsbrún og niður hjá prestssetrinu. Fór aðalhlauptungan þar á milli íbúðarhúss og fjárhúsa, og niður undir veginn. Þetta hlaup var nokkuð sérstakt, að því leyti að það virtist aðallega hafa verið vatn og krapa, sem blandaðist mold úr grafningum sem mynduðst á leið þess, en víðast var jarðvegur heill þar sem flóðið fór yfir, aðeins mjög moldarlitaður, og sumstaðar skafinn niður í rót. ...Í hlíðarrótum var töluvert lausagrjót í skriðunni, sem þar hafði hrúgast saman, en niðri á túninu var efnið nær eingöngu mold. ...Nokkrar smærri krapaspýjur höfðu myndast utar í fjallinu, en ekki náð niður fyrir miðja hlíðina. Einnig voru tvö smáhlaup ofan við gamla bæinn á Valþjófsstað, neðst í hlíðinni, sem rifu upp nokkurn jarðveg (Helgi Hallgrímsson 1999).

**Eyvindarárdalur/Gagnheiði:** ...Tjón af völdum vatnsveðursins sem varð hér á Austurlandi um helgina virðist hafa orðið meira en menn töldu í upphafi. Umtalsverðar gróðurskemmdir hafa orðið á nokkrum stöðum eftir aur- og grjótskriður. Til dæmis á Fagradal og í hlíðum Gagnheiðar hafa skriður farið í gegnum gróið land og birkiskóg. Þá urðu gróðurskemmdir í Skriðdal og Fljótsdal og eflaust víðar (Ríkisútvarpið, svæðisútlit Austurlands 11.11.). ...Á Eyvindarárdal féllu 5 hlaup, 7. nóv., sitt hvoru megin við eyðibýlið Dalhús (Helgi Hallgrímsson 1999). ...Þessar 5 skriður eru þær sem sagðar eru hafa fallið úr hlíðum Gagnheiðar. Þær voru stórar og ollu umtalsverðum og áberandi gróðurskemmdum (Gögn HGP.).

**Fagradalur:** ...Síðan var farið af stað í nótt til að hreinsa spýjur sem komu á veginn á Fagradal. Í einni þeirri spýju, fyrir ofan Mjóafjarðarafleggjara, þar sem heitir Græfur, þar lendir mokstursbílinn okkar í til þess að gera dálítið stórra aurskriðu, sem ýtir honum til hliðar þannig að hann lendir útaf. ...það voru einhverjir fleiri bílar sem höfðu lent í svona spýjum, þannig að þetta lokaði veginum alveg. ...Aurskriðurnar voru allt að 200 m á breidd og 1,5 m á þykkt og muna menn vart eftir öðrum eins skriðuföllum á þessu svæði. Vörubíll sem var að hreinsa aur af veginum lenti í jaðri eins flóðsins og má teljast mikil mildi að bíllinn var ekki kominn 2-3 m lengra. Skriðan lenti á plógnum og snéri bílnum, sem rann síðan aftur á bak og út fyrir veg. Einn maður var í bílnum og óttaðist hann að aurinn kæmi inn um framrúðuna (Ríkisútvarpið 08.11.). ...Miklar skemmdir urðu í Fagradal ...á um 3 km kafla ...af völdum snjó- og aurflóða. ...Flóðin komu niður á mörgum stöðum ...og ollu miklum spjöllum. ...Flóðin fóru yfir veginn en hann tók hvergi í sundur (Mbl. 11.11.). ...Á Fagradal féllu 20 aur- og krapaflóð (DV 09.11.). ...Miklar gróðurskemmdir urðu í Græfum af völdum þeirra (Gögn HGP).

**Mjóáfjörður:** ...Í Mjóafirði féllu aurskriður á veginn og í morgun var ófært út á Dalatanga (Ríkisútvarpið 09.11.). ...og svo er í Dalaskriðum. Þar er nú bara týpískt grjóthrun í einu gili. ...og eitt verulegt aurlaup á milli Hesteyrar og Brekku og þar slitnaði símalína. ...inni í botninum inni í Klifbrekku, sem við köllum, eiginlega neðan við hana, það er á tveim stöðum, talsverðar skemmdir (Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Austurlands 11.11.).

**Neskaupstaður:** ...Vatn flæddi víða inn í kjallara húsa og aurskriður féllu niður undir byggð í Neskaupstað. Mikið vatnsveður var á Neskaupstað og urðu þar töluverðar skemmdir. Auk mikillar rigningar hlýnaði þar mikið og sá snjór sem kominn var bráðnaði ört og jók enn á vatnsflauminn. Vatn flæddi inn í íbúðarhús og fyrirtæki, ræsi stífluðust víða, svo að vatnsflaumur fór yfir húsalóðir og götur. Þá fór aðalæð Vatnsveitunnar í sundur þegar lækur sem vatnsæðin liggur undir gróf sig niður. Var bærinn vatnslaus í um tíu tíma. „Allmargar skriður komu úr fjallinu í nótt, þegar lækir hlupu og báru með sér grjót og mold. Brúnir flákar eru víða í fjallinu eftir skriðurnar, sem fóru víða yfir vegi og skildu eftir aur og grjót á þeim. Starfsmenn bæjarins hafa í dag unnið við að hreinsa aur úr stokkum og lögnum og hreinsa vegi. Ekki varð neins staðar stórtjón“. Það mun hafa verið blanda af krapaflóðum og aurskriðum sem féll í Neskaupstað. Reyndar munu sjálfar skriðurnar ekki hafa náð niður í bæinn, en þar varð mikið flóð og aurburður í lækjum (Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 1999).

**Reyðarfirði:** ...Bíll lenti í kvöld á grjóti sem fallið hafði á veginn við Eyri í Reyðarfirði. Engan sakaði en bíllinn skemmdist (Ríkisútvarpið 07.11.).

...Vegurinn um Vattarnesskriður milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar er ófær af grjóthruni og biður lögreglan fólk að fara hann ekki (Ríkisútvarpið 07.11.).

...Eitthvað hrundi af grjóti úr Kambanesskriðum á sunnudaginn (08.11.) (Austri 12.11).

...Grjóthrun er í Þvottár- og Hvalnesskriðum og mjög varasamt að vera þar á ferð (Ríkisútvarpið 07.11.). ...Enn er eitthvað grjóthrun í Hvalnes- og Þvottárskriðum og eru vegfarendur beðnir að taka tillit til þess (Ríkisútvarpið 08.11.).

*Heim: Ríkisútvarpið 07.11. fréttir kl. 19. 22., 08.11. fréttir kl. 12:20. 16. 19., 09.11. fréttir kl. 12:20. Ríkisútvarpið, sjónvarp 08.11. fréttir kl. 20. Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Austurlands 11.11. fréttir kl. 18:35. Bylgjan 08.11. fréttir kl. 12., 09.11. fréttir kl. 12. Stöð 2. 08.11. fréttir kl. 19:30., 09.11. fréttir kl. 19:30. DV 09.11. Mbl. 11.11. Austri 12.11. Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 1999: Skriðuföll í Neskaupstað. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-99012. Helgi Hallgímsson 1999: Skriðuföll í Fljótsdal (handrit). Gögn HGP.*

**Ath:** Stöðugt grjóthrun var í Þvottár- og Hvalnesskriðum báða dagana. Þar sem bæði féllu krapahlaup og aurskriður getur verið erfitt að flokka ofanflóðin í ákveðna hópa.

## 7.-8. nóv. FLATEYRI

Skriða.

**Veður:** Mikið vatnsveður á Vestfjörðum.

**Atburðarás:** Um 200 m<sup>2</sup> sár kom í einn snjóflóðagarðinn ofan Flateyrar eftir að aurskriða rann úr garðinum innanverðum niður á jafnsléttu í vatnsveðrinu nú í vikunni. ...Við áttum alltaf von á einhverjum drulluskriðum úr þessu eða drullutaumum, en þetta er dálítið stórt. ...Þetta er nú efri hlutinn af honum sem hefur runnið af stað, sem er fyrir ofan einhver skil sem eru þarna inni í honum. Farið fram yfir þau skil og runnið alveg niður í vatnsós. ...en það má auðvita búast við, þangað til hann er alveg orðinn fullgróinn, einhverjum drulluskriðum úr honum, bara eins og úr venjulegri hlíð (Ríkisútvarpið 11.11.). ...að það sem rann úr gördunum sé frekar lítilfjörlegt og að aðeins hafi runnið úr yfirborði á litlu afmörkuðu svæði eða um 100 m<sup>2</sup> (DV 20.11.).

*Heim: Ríkisútvarpið 11.11. fréttir kl. 19. DV 12.11. 20.11.*

## 12. nóv. ÓSHLÍÐ (bílslys)

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Mesta mildi þykir að ökumaður lögreglubifreiðar skyldi sleppa ómeiddur, þegar grjót féll á bílinn á Óshlíðarvegi snemma í morgun. Stóreflis bjarg þurfti að sprengja til að fjarlægja það af veginum (Ríkisútvarpið 12.11.). ...Ég var á leið frá Bolungarvík í vinnu á Ísafirði og var kominn að Sporhamri, rétt nýkominn á Óshlíðina, þegar grjótskriða féll yfir bílinn. Ég sá stóran skugga koma niður undir bílinn. Það brotnuðu rúður og grjót kom inn í bílinn. Ég ákvað að stíga bensínið í botn til að reyna að komast út úr þessum ósköpum. ...Við hliðina á mér í farþegasætinu, lágu fjórir stórir steinar. Höfuðstór steinn hafði síðan farið inn um hliðarrúðu að aftan og lá í skutnum. Síðan er allur billinn meira og minna beyglaður, meira að segja vinstra framhornið hafði „nagast“ af. Ég hlýt að hafa keyrt á einhvern stein sem var að falla (DV 12.11.). ...slapp ómeiddur, þegar um 30 tonna bjarg lenti rétt fyrir aftan bifreið hans um áttaleytið í gærmorgun (12.11.). ...og jók ferðina til að komast út úr (grjót)hríðinni, sem hann giskar á að hafi spannað um 10 m langan kafla á veginum. Hann segir að skriðan hafi fallið úr um 30-40 m hæð fyrir ofan veginn, en bjargið stóra sem valt út á veginn, kom úr mun minni hæð. Sprengja þurfti bjargið vegna stærðar þess. ...„Það var glettileg ferð á grjótfluginu og ég varð einskis var fyrr en hnullungarnir dengdust yfir mig“ (Mbl. 13.11.). ...um 20 tonna steinn valt úr hliðinni og niður á veginn (Vestri 12.11.). ...Bjargið féll úr Óshólum og vó það 40-50 tonn samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar (Bæjarins Besta 13.11.).

*Heim: Bylgjan 12.11. fréttir kl. 12. Ríkisútvarpið 12.11. fréttir kl. 12:20. Stöð 2. 12.11. fréttir 19:30. Vestri 12.11. DV. 12.11. 13.11. Mbl. 13.11. Bæjarins Besta 13.11.*

### 13.-14. nóv. ÖLFUS

Grjóthrun við jarðskjálfta.

*Veður:*

*Atburðarás:* Um kl 10:38 þ. 13.11. varð jarðskjálfti um 5,5 á Richter með upptök sunnan Skálafells á Hellisheiði. Skömmu seinna kom annar skjálfti sem var um 4,3 á Richter. Báðir þessir skjálftar voru hluti af stærri skjálftahrinu sem hélt áfram næstu daga og varð t.d. stór eftirskjálfti (ca. 4,5 á Richter) 14.11.

... Þá voru jarðvísindamenn við Bjarnastaði (í Ölfusi) þegar stóri eftirskjálftinn kom núna á þriðja tímanum og þeir sáu þegar hrundi úr hlíðinni (Stöð 2. 14.11.).

*Heim: Stöð 2. 14.11. fréttir kl. 19:30.*

### 23. nóv. VATTARNESSKRIÐUR, KAMBANESSKRIÐUR, ÞVOTTÁR-SKRIÐUR, HVALNESSKRIÐUR

Grjóthrun.

*Veður:* Mikil úrkoma á austanverðu landinu, leysingar.

*Atburðarás:* ... Vegna mikils vatnsveðurs er hætt á grjóthruni í mörgum skriðum á Austurlandi, og eru vegfarendur varaðir við að fara þessar skriður í kvöld (Ríkisútvarpið 23.11.). ... Að sögn Vegagerðarinnar á Reyðarfirði féllu stakir steinar Vattarnes- Kambanes, Þvottár- og Hvalnesskriðum. Þetta grjóthrun var ekkert meira en búast má við þegar hlánar snögglega.

*Heim: Ríkisútvarpið 23.11. fréttir kl. 18. Gögn HGP.*

### 7. des. VATTARNESSKRIÐUR, KAMBANESSKRIÐUR, ÞVOTTÁR-SKRIÐUR, HVALNESSKRIÐUR

Grjóthrun, skriður.

*Veður:* Mikil rigning á austan- og sunnanverðu landinu, á Akurnesi mældust 78 mm og milli 40-80 mm á veðurstöðvum á svæðinu frá Berufirði til Víkur.

*Atburðarás:* Óvenjumikið hefur verið um grjóthrun á þjóðveginn um sunnanverða Austfirði í vetur. Á nokkrum stöðum liggur vegurinn um skriður sem geta verið varhugaverðar í rigningu. Þjóðvegurinn um Hvalnesskriður og Þvottárskriður, sunnan Álftafjarðar var ófær í morgun, sökum grjóthruns. Sömu leiðis þurfti að hreinsa grjót af veginum um Kambanesskriður og Vattarnesskriður sem eru á leiðinni frá Breiðdalsvík til Reyðarfjarðar. Talsverð rigning var á Suðausturlandi í nótt og er enn og vegagerðarmenn eru á vakt til að hreinsa grjót jafnóðum og það fellur á veginum. ... Tíðarfarið í vetur hefur gert það að verkum að grjóthrun á þessum fjórum stöðum hefur verið meira en venjulega á þessum árstíma. Mikið hefur rignt á þessum slóðum og skifst hefur á frost og þíða. Við það skapast aðstæður sem gera það að verkum að grjót fer af stað. Oft hefur þurft að hreinsa grjót af veginum daglega og stundum tvisvar á dag (Bylgjan 07.12.).

... Aurskriður féllu í Þvottárskriðum milli Hafnar og Djúpavogs í vatnsveðrinu í gærkvöld og lokaðist vegurinn (Ríkisútvarpið 07.12.). ... og vegagerðarmenn hreinsuðu grjót af veginum í allan dag (Stöð 2. 07.12.).

*Heim: Ríkisútvarpið 07.12. fréttir kl. 09. Bylgjan 07.12. fréttir kl. 12. Stöð 2. 07.12. fréttir kl. 19:30.*



**Mynd 4:** Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 1998.



1999

## 29.-30. jan. SNÆFELLSNES (Álftafjörður), MÁNÁRSKRIDUR, ÖXNADALUR

Skriður, grjóthrun.

**Veður:** Hvöss sunnanátt og rigning, asahláka.

**Atburðarás:** ... Margar aur- og krapaskriður féllu úr hliðum austan og vestan megin í Álftafirði á Snæfellsnesi undir morgun og lokuðu þjóðveginum. ... „Þetta er eins og alltaf kemur í svona veðráttu, krapaskriður með stórgrýti og svoleiðis. Hérna í Álftafirði eru einar fimm skriður á Úlfarsfellshlíð og ég er í þeirri þriðju, hérna á Narfeyrarhlíð, þannig að það er áttunda skriðan hér í Álftafirði. ... Þetta er frá því að vera smá spýjur og uppí það að vera á 3. m á þykkt (Bylgjan 29.01.). ... Fólk á leið til Siglufjarðar tók eftir ummerkjum um grjóthrun rétt fyrir utan jarðsigið í Almenningum (Mánárskriður). ... Sáu ummerki eftir stóra aur- og krapaspýju í Öxnadal, rétt áður en farið var upp Bakkaselsbrekkuna (Gögn HGP).

*Heim: Ríkisútvarpið 29.01. fréttir kl. 10. 12:20. Bylgjan 29.01. fréttir kl. 12. Gögn HGP.*

**Ath:** Eflaust hafa fallið spýjur víðar á landinu.

## 12.-13. febr. ÞVOTTÁRSKRIDUR, HVALNESSKRIDUR

Grjóthrun.

**Veður:** Mikil úrkoma á austanverðu landinu.

**Atburðarás:** Lögreglan á Höfn biður vegfarendur um að vera ekki á ferli í Þvottár- og Hvalnesskriðum sökum mikillar rigningar og grjóthruns.

*Heim: Ríkisútvarpið 12.02. fréttir kl. 24.*

## 19. febr. FAGRIDALUR (bíslýs)

Grjóthrun.

**Veður:** Mjög slæmt veður á fjallvegum austanlands, stórhrið á Norðurlandi.

**Atburðarás:** Talsvert grjóthrun hefur verið í Grænafelli við Reyðarfjörð og veginn um Fagradal í dag. Það hefur hrunið nú síðustu 2 klst. Að minnsta kosti einn bíll varð fyrir steini og skemmdist lítilsháttar.

*Heim: Ríkisútvarpið 19.02. fréttir kl. 16.*

## 1. mars VESTUR- EYJAFJÖLL

Grjóthrun við jarðskjálfta.

**Veður:**

**Atburðarás:** Skjálftahrina varð í Eyjafjallajökli þ. 01.03. Stærsti skjálftinn, um 5 á Richter varð um kl. 13:45 og voru upptök hans í Gígjökli.

... og í hliðinni ofan við Varmahlíð (við Holtsós) undir Eyjafjöllum hrundi grjót úr fjallinu og klakabrynja úr fossi brotnaði. ... Grjót og klakahrunið varð um 100 metra fyrir ofan bæinn og því fylgdu nokkrir skruðningar. ... sagði að steinarnir hefðu rúllað nokkra vegalengd og segir að þeir hafi verið um meter í þvermál.

*Heim: Ríkisútvarpið 01.03. fréttir kl. 19.*

## 8. apr. ÞVOTTÁRSKRIDUR, HVALNESSKRIDUR

Grjóthrun.

**Veður:** Mikið vatnsveður á sunnanverðum Austfjörðum.

**Atburðarás:** ... Vegurinn í Þvottárskríðum og Hvalnesskríðum lokaðist í nótt vegna grjóthruns. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar á Höfn féllu skriðurnar snemma nætur og var vegurinn lokaður á báðum stöðum fram undir morgun. Mikil rigning var á þessum slóðum í gær og fram á nótt.

*Heim: Vísir.is 08.04.*

## 13. apr. ÞVOTTÁRSKRIDUR, HVALNESSKRIDUR

Grjóthrun.

**Veður:** Óveður á Suðausturlandi, mjög hvasst en lítil úrkoma.

**Atburðarás:** ... Vegaeftirlitið vill koma því á framfæri að vegurinn um Hvalnes- og Þvottárskríður er ófær vegna óveðurs og grjóthruns. ... Samkv. upplýsingum Vegagerðarinnar á Reyðarfirði, þá er hluti af skriðunni það fínkornóttur að þegar svona hvasst er fer hluti hennar, þ.e. smæstu steinarnir af stað. Grjótfok verður og áframhaldandi keðjuverkun sem getur komið stóru gjóti af stað og grjóthruni (Gögn HGP).

*Heim: Ríkisútvarpið 13.04. fréttir kl. 19. Gögn HGP.*

## 27. apr. VESTUR-EYJAFJÖLL

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** ... Þrír stórir steinar hrundu úr Varmahlíðarskríðum (nágrenni Holtsóss) undir Eyjafjöllum niður á þjóðveg nr. 1 sl. þriðjudag (27.04.). Grjótið lokaði ekki veginum, en stórvirka vinnuvél þurfti til að koma því útaf.

*Heim: Sunnlenska fréttablaðið 30.04.*

## 5. maí ÓSHLÍÐ

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** ... „Það var síðast, svona 2-3 tonna grjót þarna í morgun (gærmorgun 05.05.) eiginlega á sama stað (Steinsófæru). Ég væri sennilega liðin tíð, ef það hefði komið á bílinn“, sagði hann aðspurður hvort hann hefði orðið var við grjóthrun á veginum um Óshlíðina.

*Heim: Mbl. 07.05.*

## 6. maí ÓSHLÍÐ (bílslys)

Grjóthrun.

*Veður:*

*Atburðarás:* ...„Flutningabíll stórskemmdur eftir grjóthrun úr Óshlíðinni“. ... en hann varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu um tvöleytið í gær (06.05.) að grjót úr Óshlíðinni rigndi yfir flutningabíl hans þegar hann var á leið frá Bolungarvík til Ísafjarðar. Tvö, nær 300 kg björg lentu á bílnum þegar hann var nýkominn framhjá svonefndri Steinsófæru, annað á kassanum og hitt á hægri hurðinni undir glugganum, auk þess sem smærri steinum rigndi yfir bílinn, sem er stórskemmdur eftir. ...„Það var síðast, svona 2-3 tonna grjót þarna í morgun (gærmorgun 05.05.) eiginlega á sama stað. Ég væri sennilega liðin tíð, ef það hefði komið á bílinn“, sagði hann aðspurður hvort hann hefði orðið var við grjóthrun á veginum um Óshlíðina.

*Heim: Mbl. 07.05.*

*Ath:* Fréttin greinir frá tveimur aðskildum atburðum, grjóthruni við Steinsófæru þ. 5. maí og 6. maí.

## 13. maí SVARTÁRDALUR

Skriður.

*Veður:* Leysingar.

*Atburðarás:* ...Aurskriða féll í Svartárdal í Austur-Húnavatnssýslu síðdegis á uppstigningardag (13.05.). Skriðan féll úr hlíð fyrir sunnan bæinn Brattahlíð. Fór hún yfir veginn og lokaði honum. ... olli skriðan tiltölulega litlum skemmdum á veginum en ræsi stífluðust og eru ónýt. Skriðan var milli 5 og 10 metra breið (Mbl. 15.05.). ...Skriðan var um 10 metrar á breidd og féll milli eyðibýlisins Brattahlíðar og Eiríksstaða. ...segir að snjór hafi legið þarna á, fram eftir vori og mikil bleyta léki um það svæði sem skriðan féll úr (Feykir 19.05.).

*Heim: Mbl. 15.05. Feykir 19.05.*

## 14.-16. maí EYJAFJÖRÐUR (Vaðlaheiði, Öxnadalsheiði)

Skriður.

*Veður:* Leysingar.

*Atburðarás:* Eftir veturinn var víða mikill snjór í fjöllum á Miðnorðurlandi, en jörð hafði farið ófrosin undir snjóa um haustið. Leysingavatn átti því auðvelt með að hripa beint niður í jarðveg og jarðlög sem gátu þá oft orðið vatnsósa. Nokkrar skriður féllu á Eyjafjarðarsvæðinu í hlýindakafla um miðjan maí. Þannig féll skriða neðarlega úr Vaðlaheiði, ofan við bæinn Austurhlíð. Þarna rann vatnsósa jarðvegur niður hlíðina neðan við stóran skafli sem bráðnaði ört í hlýindunum þ. 16. Önnur og stærri skriða féll við samskonar aðstæður, neðarlega úr hlíðinni ofan við Þórsmörk á Svalbarðströnd. Sú féll þ. 14. Þá féll einnig um þetta leyti, skriða neðarlega úr fjallshlíðinni ofan við Grænuhlíð í Eyjafjarðardal og önnur á Öxnadalsheiði. Skaga-fjarðarmegin eða stuttu eftir að komið er uppúr Norðurárdal. Þar hreinsaðist farvegur eða gilskorningur í fjallshlíðinni af aur. Eftir þennan hlýindakafli var tekið eftir smáspýjum víðar í Eyjafirði og Fnjóskadal, en aðal vorleysingarnar urðu þó seinna eða í annari viku júnímánaðar.

*Heim: Gögn HGP.*

## 17.-18. maí VÍK Í MÝRDAL

Grjóthrun.

*Veður:*

*Atburðarás:* Maður sem átti leið um þjóðveginn við Vík í Mýrdal tók eftir því að steinar höfðu nýlega fallið úr háum hömrum ofan vegar, næst þorpinu. Einn steinninn sem var um 1 m á lengd hafði staðnæmst í efri fláa þjóðvegarins. Þetta grjóthrun varð á tímabilinu 17.-18.05.

*Heim: Hreggviður Norðdahl, Raunvísindastofnun Háskólans, Reykjavík.*

## 2. júní A.-BARÐ. (Reykhólasveit)

Skriða.

*Veður:* Leysingar.

*Atburðarás:* Allmikil aurskriða féll úr suðurhlíð Grundarfjalls í Reykhólasveit um kl. 14 í gær (02.06.). ...var um tveggja klukkustunda langur aðdragandi að skriðunni, sem hófst með því að sprungur mynduðust í skál uppi í fjallinu uns hún brotnaði frá fjallinu og rann niður á fáeinum mínútum. Skriðan teygði sig um 200 m til hliðanna og er um 300 m löng og staðnæmdist í fjallshlíðinni og skildi eftir mikil ummerki, en olli ekki skemmdum. ...mældist þykkt skriðunnar um 5 m, en þessi skriða féll nánast á sama stað og snjóflóðið sem féll úr fjallinu þ. 18. jan. 1995 og hreif með sér öll útihúsin á bænum Grund (Mbl. 03.06.). ...Skriðan myndar núna sérkennilega bungu í urðinni utan á fjallinu (Gögn HGP).

*Heim: Mbl. 03.06. Gögn HGP.*

## 11.-14. júní SÚGANDAFJÖRÐUR, ÓSHLÍÐ, ÍSAFJÖRÐUR, SÚÐA-VÍKURHLÍÐ, STRANDIR (Reykjafjörður), A. HÚN. (Vatnsdalur, Svartárdalur), SKAGAFJÖRÐUR (Gönguskörð, Reykjaströnd), EYJAFJÖRÐUR (Vaðlaheiði, Eyjafjarðardalur), FNJÓSKADALUR, TIMBURVALLADALUR, REYKJADALUR, JÖKULDALUR

Skriður, grjóthrun.

*Veður:* Vorið 1999 var óvenjumikill snjór í fjöllum, bæði hafði snjóað mikið um veturinn og nýsnævi bættist við um vorið. Kalt var fram undir 10. júní, en þá hlýnaði mikið með asahláku. Miklar leysingar urðu um allt land með miklum vatnavöxtum, vegaskemmdum og skriðuföllum. Viða virtist sem jörð væri ófrosin undir vetrarsnjónum, þannig að leysingavatnið hripaði óhindrað niður í jarðveginn. Þetta leiddi til hárrar grunnvatnsstöðu, mikils gegnumflæðis vatns um jarðlög og skriðufalla á óvenjulegum stöðum.

*Atburðarás:* Súgandafjörður: ...Þá hefur einnig fallið aurskriða á Suðureyri ofan Sætúns, niður í hliðarrætur. Þar er einnig skriðuvakt (Ríkisútvarpið 11.06.).

Óshlíð, Súðavíkurhlíð: ...Aurskriða féll á veginn um Eyrarhlíð, milli Ísafjarðar og Hnífsdals upp úr kl 06 í morgun (11.06.) og nánast lokaði veginum. Þá féll spýja á veginn um Súðavíkurhlíð og Óshlíðarvegur er varasamur ... Miklar leysingar eru nú á Vestfjörðum og hafa flestir lækir og sakleysislegar ár breyst í mórauð beljandi fljót (Ríkisútvarpið 11.06.). ...Þá sönnuðu varnargirðingarnar í Óshlíð enn einu sinni gildi sitt í gær og hreinlega föðmuðu urð og grjót úr hliðinni fyrir ofan veginn (Ríkisútvarpið 12.06.). ...Aurskriður féllu í gær á vegi í Óshlíð, Eyrarhlíð og

Súðavíkurhlíð. Lokuðust vegir á einstaka stað en Vegagerðin opnaði veginn jafnóðum með gröfu þar sem skriður höfðu fallið (Mbl. 12.06.).

Ísafjörður (10.-12.06.): ...Aurrennslið hófst fimmtudaginn 10. júní kl. 23:30 með aurflóði úr gilinu ofan við Urðarveg 68 og 70. Það náði niður í skurð, sem er fyrir ofan lóðir húsanna nr. 50 - 78 við Urðarveg. Skurðurinn sem er um 2 m á dýpt og 4 m á breidd að ofan og 0,5 m í botninn, fylltist á 30 m kafla. Skurðgrafa kom fljótlega á staðinn og mokaði úr skurðinum. ...Um kl. 23:43 féll aurskriða úr farvegi Krókslækjar, sem liggur á móts við húsinn nr. 7 og 9 við Hjallaveg. Þessi skriða náði niður að framræsluskurðinum sem liggur ofan við byggðina og í sjó fram utan við Krókinn. Hann er svipaður að rúmmáli og skurðurinn ofan við Urðarveg. Ofan í þennan skurð féll um 10 tonna steinn í þessari hrinu.

Um kl. 6:30 föstudaginn 11. júní, féll aurskriða á Hnífsdalsveg, milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Hún stöðvaðist á veginum um 2.5 m frá neðri vegarbrún. Breidd skriðunnar á vegi var 16 m og þykkt um 1.5 m. Magn skriðuefnis var um 140 m<sup>3</sup> á veginum. ...Um kl. 9:30 féll aurskriða úr Krókslæk. Féll hún niður í skurðinn ofan við byggðina og hálfyllti hann á 40 m kafla. Skurðgrafa mokaði upp úr skurðinum. ...Um kl. 14:00 féll aurskriða úr gilinu ofan við Urðarveg 68 og 70 og í skurðinn undir hlíðinni. Var það svipað magn og fyrr hafði fallið. Skurðgrafa mokaði upp úr skurðinum. ...Um kl. 16:30 féll skriða aftur úr gilinu ofan við Urðarveg 68 og 70, sem fyllti skurðinn á kafla. Skömmu síðar féll önnur og fór hluti hennar inn á lóðir nr. 68 og 70 við Urðarveg. Aur og vatn rann á inn á lóð nr. 70 og þar komst vatn í geymslu. Skömmu síðar komu skurðgröfur á staðinn og voru þær þar á meðan aurrennsli var. Tókst þeim að varna því að aur bærisk á fleiri lóðir. Vatn og aur rann áfram niður á Seljalandsveg en niðurfall sem er í skurðinum stíflaðist. ...Um kl. 22:00 komu nokkrar aurbylgjur (4-5) með um 15-30 mín. millibili. Þessar bylgjur fylltu skriðufarveginn á um 20-30 m kafla meðan þær runnu. Þess á milli mátti heita að vatnsrennslið hætti. Eftir þessa hrinu var skurðurinn fullur af aur, en reynt var að mynda varnargarð á neðri skurðbakkanum með uppmokstrinum. Með því tókst að koma í veg fyrir frekari aurrennsli niður á lóðir og hús. ...Um kl. 22:30 féll stór steinn, sem mældist um 21 tonn, efst úr gilinu ofan við Urðarveg 68 og 70. Hann féll niður hlíðina á mikilli ferð, en staðnæmdist um 80 m fyrir ofan Urðarveg 62. ...Um kl. 23:00 ákvað svo Almannavarnarnefnd að rýma nokkur hús við Urðarveg, Seljalandsveg og Miðtún.

Frá kl. 00:00 til 03:00 laugardaginn 12. júní, féllu tvær aurskriður úr gilinu ofan við Urðarveg 68 og 70, svipaðar og hinar fyrri og ein lítil kl. 06:00, sem stöðvaðist í miðri hlíð. Var það síðasta aurbylgjan sem þarna féll. Talsvert vatnsrennsli var áfram, en fór minnkandi er leið á daginn. Þá hafði hitastig farið lækkandi og var um morguninn 8 stiga hiti og þoka niður í miðjar hlíðar. ...Um kl. 02:00 féll aurskriða úr Krókslæk og fyllti hún skurðinn neðan við á kafla. Um kl. 06:00 féll önnur svipuð. Skurðgrafa var á staðnum og mokaði úr skurðinum. Síðasta skriðan féll úr þessum farvegi um kl. 09:00 en hún stöðvaðist í miðri hlíð. Alls mun aurmagnið sem grafið var upp úr skurðinum vera um 450 m<sup>3</sup>. ...Um kl. 11:00 féll aurskriða úr farvegi sem endar við beygjuna á spennistöðvarveginum. Skriðan stöðvaðist í skurðinum, sem er meðfram veginum en hann er um 1.5 m á breidd og 0.7 m á dýpt. Skurðurinn fylltist á 20 m kafla og vatn og aurleðja rann í niðurföll við Urðarveg, sem tókst að halda opnum. Litlar skemmdir urðu á mannvirkjum en vatn gróf rás í veginn að spennistöðinni. Aurmagnið í skurðinum var um 20 m<sup>3</sup>. ...Í farvegi við Stóruð varð lítilsháttar aurrennsli sem stöðvaðist á miðjum Stóruðarhryggnum, en ekki er vitað nákvæmlega hvenær það varð.

Í þessum skriðuföllum kom mesta aurmagnið úr gili, sem stefnir í átt að húsunum nr. 68 og 70 við Urðarveg, eða á að giska um 2500-3000 m<sup>3</sup>. Aur rann niður á lóðir húsanna nr. 68, 70 og 78 við Urðarveg og vatn komst í kjallara nr. 78. Þá rann aurleðjan niður á Seljalandsveg og stíflaði ræsi og niðurföll þar. Úr farvegi Krókslækjar er talið að fallið hafi á að giska um 700-800 m<sup>3</sup>. ... Um vorið var óvenjumikill snjór í fjöllum á Ísafirði, miðað við árstíma. Þann 21.-22. maí var kalt í veðri og fennti í fjöll þannig að grátt var niður í hlíðarrætur. Einnig var töluverður krapí í byggð. Vegna lágs hitastigs og hægrar leysingar til fjalla var talsvert eftir nýsnævi þar. Þann 10.-11. júní hlýnaði mikið og hiti fór upp í 17 stig með allhvössum sunnanvindi. Nýsnævið bráðnaði mjög ört og af hlutust miklir vatnavextir (Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 1999). ... sagði að tugir aur- og grjótskriðna hefðu komið úr fjallinu frá því kl. 18 í gærkvöld. Fyrst hefðu komið aurskriður og í kjölfar þeirra stórgrýti og loks grjótskriður (Mbl. 12.06.). ... Tugir aurskriðna féllu úr Eyrarhlíð á Ísafirði, frá kl. 18 á föstudagskvöld (11.06.) til kl. 02 eftir miðnætti aðfaranótt laugardag (12.06.), með þeim afleiðingum að Almannavarnarnefnd Ísafjarðarbæjar tók ákvörðun um að rýma 24 hús í bænum vegna skriðufallanna (Mbl. 13.06.).

Strandir: ... Á Ströndum komu starfsmenn Náttúrufræðistofnunar að nýföllum skriðum í norðanverðum Reykjafirði þ. 11.06. Þarna höfðu 3-4 gil rutt úr sér skriðum og var vegurinn ófær á um 500 m löngum kafla. Algengt er að þarna falli skriður og hafa þær stundum tekið veginn alveg í burtu (Guðmundur Guðjónsson og Haukur Jóhannesson, Náttúrufræðistofnun).

Vatnsdalur: ... Í Vatnsdal hrundi einnig úr fjöllum í dag (12.06.), en þar voru mikil hlýindi í gær, hitinn fór í 24°. Tvær aurskriður féllu niður á milli bæjanna Hjallalands og Másstaða og yfir veginn á um 200 m breiðu svæði. Tveir veiðieftirlitsmenn, sem þar voru á ferð áttu fótum sínum fjör að launa. ... Þegar þar féllu tvær skriður í dag með miklum grjótburði. ... Vegurinn hefur nú verið opnaður og vegagerðarmenn eru nú í viðbragðsstöðu ef þar flæðir niður aur, grjót og vatn (Stöð 2. 12.06.). ... Aurskriða féll í grennd við bæinn Hjallaland í Vatnsdal snemma í morgun. ... fyrsta skriðan féll aðfaranótt laugardagsins (12.06.), hérna rétt fyrir norðan bæinn. ... Skriðuföllin við Hjallaland hafa valdið tjóni á girðingum og grónu landi. ... Margar skriður hafa fallið í Vatnsdal um helgina og enn eru miklir vatnavextir á þessum stöðum. Rigningin í dag kemur í stað hlýinda og því getur enn verið hætta á skriðuföllum (Ríkisútvarpið 14.06.). ... Gífurleg skriðuföll hafa verið í landi Hjallalands í Vatnsdal síðan aðfaranótt laugardags (12.06.). Stærstu skriðurnar féllu aðfaranótt sunnudagsins (13.06.) og hafa þær fallið yfir veginn á þremur stöðum og ná spýjurnar langt niður undir á (Feykir 16.06.). ... Stór skriða féll nærri útihúsunum við Bjarnarstaði í Vatnsdal, í gærmorgun (13.06.), en það tókst að varna skemmdum með stórvirkum vinnuvélum. Litlu mátti muna að hlaða á bænum yrði fyrir skriðunni (Ríkisútvarpið 14.06.). ... er óhemjumikill snjór í fjallinu ofan við bæinn (Bjarnarstaði) og þegar fór að hlýna verulega í síðustu viku safnaðist mikið vatn fyrir í fjallinu. ... að skriðurnar hefðu byrjað að falla úr fjallinu eftir bæjarlæknum á laugardag (12.06.) og stóðu skriðuföllin fram á aðfaranótt mánudags (14.06.). Skriðurnar eru um 100 m á breidd en ýta og grafa sáu um að halda þeim í skefjum og aftra því að þær breiddust út þegar mest gekk á. Skriðurnar voru margar og féllu hægt og rólega niður fjallið, þegar lækurinn óx og reif allan þennan aur með sér. Þetta er óhemjumagn sem er komið niður lækinn og hefur runnið úr í Vatnsdalsvatn um 2 km leið. Það er reyndar enn þá mikið vatn í læknum og er hann eins og á á að líta (Mbl. 15.06.).

Svartárdalur: ...Í Svartárdal í Austur-Húnavatnssýslu féll skriða á túnið á Stafni, þvert yfir það og niður á veg. Hún eyðilagði tún og girðingar á leið sinni. Í henni var stórgryti og leir. Þá féll þó nokkuð stór skriða utan við Hvamm og tók hún í sundur veginn og skemmdi beitiland. Að auki féllu spýjur á víð og dreif um dalinn og var jarðvegur víða sprunginn og rifinn (Sigursteinn Bjarnason, Stafni, Svartárdal). ...Þá ruddi eitt af giljunum í Bólstaðarhlíðarfjalli úr sér aur niður undir þjóðveg 1 (Gögn HGP).

Reykjaströnd: ...Aurskriður hafa fallið á veginn við Innstaland á Reykjaströnd, norðan Sauðárkróks og er hann í sundur. Skriðan hreif með sé múgavél en fór ekki nálægt íbúðarhúsinu. Skriður féllu líka norðar á ströndinni og telur lögreglan að alls 10 skriður hafi fallið á þessum slóðum. Vegurinn um Reykjaströnd er því lokaður (Ríkisútvarpið 12.06.). ...Miklar aurskriður féllu í dag úr hlíðum Tindastóls í Skagafirði á um 200 metra breitt svæði niður á tún og yfir þjóðvegin. Skriðurnar hrifu með sér heyvinnslutæki og eyðilögðu girðingar og tún. ...Fyrsta skriðan af mörgum féll um kl. 14, skammt norðan við bæinn Innstaland á Reykjaströnd, sem er 5-6 km norðan við Sauðárkrók. Feðgarnir á Innstalandi voru að girða nokkru sunnar, þegar drunurnar kváðu við og aurinn streymdi niður hlíð Tindastól á svipuðum stað og snjóflóð féll þar í vetur. „Við rétt gátum forðað herna gömlum truck, sem að faðir minn átti og nokkrum heyvinnslutækjum. Svo þurftum við bara að forða okkur. ...Það voru eitthvað eitt-tvö tæki sem fóru í aurskriðuna og svo fóru auðvitað girðingar bara í rúst“. ...Hálftíma eftir fyrstu skriðuna, féll önnur og sú þriðja um 15:30, í sama mund og viðtalið fór fram. „Það sem er að gerast núna er að það er að koma þriðja spýjan og þetta er svona 250-300 m breitt. ...þetta er rétt norðan við bæinn, það er gil sem er herna rétt norðan við bæinn, þetta er búið af fara yfir veginn á svona 200 m kafla og fer niður á tún og allt“. ...Skriðuföllin hafa haldið áfram í allan dag og lögreglan á Sauðárkróki hefur lokað veginum (Stöð 2. 12.06.). ...Upptökin eru í svokölluðum Innstalandsbotni í Tindastól, en geysimikið snjómagm var þar efra og er talið að í hlýindunum miklu fyrir helgina, hafi myndast einhver fyrirstaða í skálinni, sem síðan hafi sprungið með þessum afleiðingum um hádegisbilið á laugardag. ...„Mér var litið upp í fjallið og sá þá hvar mórætt vatnið spýttist upp úr farveginum og bar við skaflinn uppi í gilinu. Síðan kom þetta fossandi niður og alltaf bættist við“ (Feykir 16.06.). ...Skriðuföllin urðu á svæðinu frá Meyjarlandi og að Innstalandi og tengdust öll Innstalandsbotni og snjósofnun þar. Við Innstaland hafa miklar skriður komið niður gil og lækjarfarveg. Efnið í þeim virðist aðallega komið úr gilinu, en eitthvað hafði hreyfst í sjálfri skálinni ofan við. Þá höfðu einnig fallið skriður úr skálarbrúninni (Gögn HGP).

Gönguskörð: ...Í gær féllu tvær skriður úr Tindastóli í Heiðardal. Við það slitnaði jarðkapall, sem olli því að rafmagnslaust varð á Skaga (Stöð 2. 12.06.). ...Þessar skriður féllu í Gönguskörðum, skammt neðan við bæinn Heiði. Þarna höfðu fallið jarðföll neðarlega í hlíðinni og sópast yfir veginn (Gögn HGP).

Eyjafjörður: ...Fréttir hafa borist af því að aurskriða hafi fallið fram í Eyjafirði, á milli bæjanna Arnarstaða og Nýjabæjar. Féll niður á tún en ekki niður á veg (Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 11.06.). ...Þarna hafði fallið stór skriða, alveg ofan úr efstu brún en fylgt lækjargili niður hlíðina og hreinsað það. Á fjallsbrúninni hafði greinlega legið stór skafl og bráðnað og komið þessu öllu saman af stað. Nokkar smáspýjur sáu að auki í Eyjafjarðardal, þær voru mest áberandi í fjallshlíðinni ofan við Steinhólaskála (Gögn HGP).

Í Vaðlaheidi gegnt Akureyri, féllu 3 stórar skriður efst í fjallsbrúninni, og niður á svonefndan Veghjalla, rétt norðan við vatnsból Halllands og Halllandskletta. Síðastliðinn áratug hafa fallið þarna skriður og virðast skriðuföllin aukast og stækka

ef nokkuð er. Nyrst á Svalbarðsströnd, norðan við Garðsvík féll löng, en tiltölulega mjó skriða, efst úr fjallinu og niður á túnhjalla, en aur barst niður undir þjóðveg. Þessi skriða féll aðeins norðar en skriðan sem féll við Garðsvík í júní 1995, en þá áttu menn von á skriðufalli á þessum stað (Gögn HGP).

Fnjóskadalur: ...Í Fnjóskadal höfðu nokkrar skriður fallið í Draflastaðafjalli norðan við Víkurskarð, en þarna féll mikið af skriðum vorið 1995 (Gögn HGP).

Timburvalladalur: ...Nýlega hefur komið í ljós að í leysingunum í vor féllu fjölmargar skriður úr hlíðum Timburvalladals sem gengur inn af Fnjóskadal. ...Áætlað er að skriðurnar, sem trúlega eru um 40 talsins, sé á um 10 km kafla í austanverðum Timburvalladal og í raun er hlíðin meira eða minna eitt flakandi sár (Stöð 2. 27.08.).

Reykjadalur: ...Við bæinn Laugaból í Reykjadal í S.-Þing. féll skriða eða jarðfall úr gróinni hlíð og niður í skógarreit (Gögn HGP).

Jökuldalur: ...Mikil aurskriða féll úr fjallinu fyrir ofan bæinn Hjarðargrund á Jökuldal á sunnudagsmorgun (13.06.) og staðnæmdist rétt fyrir ofan íbúðarhúsið á bænum þar sem ein kona býr. Skriðan var um 1 km að lengd og um 40 m breið þegar hún féll niður hlíðina, en breiddi frekar úr sér þegar hún staðnæmdist og um 200 m á breidd þar sem hún er breiðust (Ríkisútvarpið 15.06.). ...Aðeins rúmir 100 m eru frá íbúðarhúsinu að skriðunni, svo að ljóst er að húsið hefur verið í mikilli hættu. ...Tjón á gróðurlendi er nokkurt, þar sem ætla má að tíu hektarar gróins lands hafi farið undir skriðuna, auk þess sem hún skemmdi girðingu utan um trjágarðinn við bæinn. ...Skriðan fer af stað í hjallabrún uppi undir fjallsbrún fyrir ofan Hjarðargrund, upptökin eru um 30 m breið og stálið allt að 5 m hátt. Síðan steypist hún niður snarbratta hlíðina um 50 m breið og u.þ.b. 500 m löng niður á jafnsléttu. Þegar skriðan kemur svo niður á sléttuna er krafturinn svo mikill að hún grefur gíg við brekkuræturnar, u.þ.b. 50 m í þvermál. Þar fer mesti krafturinn úr henni, áður en hún breiðist 500 m löng og 200 m breið um sléttan hjalla fyrir ofan bæinn og nær alveg heim að trjágarðinum við húsið. Það er ljóst að bæjarhúsin sleppa vegna þess að skriðan missir mikinn kraft, þegar hún grefur gíginn við brekkuræturnar og hjallinn ofan við bæinn er það breiður að skriðan stoppar að mestu á honum (Mbl. 15.06.). ...Þegar ég skoðaði aðstæður þ. 15.06. lá stór skafl í fjallsbrúninni ofan við Hjarðargrund og Hjarðarhaga. Leysingavatnið frá honum hafði fossað niður í gróna fjallshlíðina og jarðvegurinn orðið vatnsósa. Nokkur forn, uppgróin skriðuör sáust í fjallshlíðinni, þannig að slíkar aðstæður hafa einhvern tíma orðið áður. Um 1 km innan við Hjarðarhaga sáust 3 vænar spýjur efst í fjallshlíðinni, ein sýnu stærst. Aðstæður þarna eru þó allt aðrar, því fjallshlíðin er nær gróðurvana. Þá hafði jarðfall sprungið fram úr hjallarótum, rétt innan við bæinn á Skjöldólfsstöðum (Gögn HGP).

*Heim: Ríkisútvarpið 11.06. fréttir kl. 12:20. 22., 12.06. fréttir kl. 09. 10. 12:20. 18. 22. 13.06. fréttir kl. 12:20. 14.06. fréttir kl. 12:20., 15.06. fréttir kl. 12:20. Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 11.06. fréttir kl. 18:30., 14.06. fréttir kl. 18:30. Ríkisútvarpið, sjónvarp 12.06. fréttir kl. 19., 14.06. fréttir kl. 19., 15.06. fréttir kl. 20. Stöð 2. 11.06. fréttir kl. 19:30., 12.06. fréttir kl. 19:30., 27.08. fréttir kl. 19:30. Mbl. 12.06. 13.06. 15.06. DV 12.06. 14.06. Dagur 15.06. Bæjarins Besta 16.06. 23.06. 28.07. 12.04.2000. Feykir 16.06. Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 1999: Skriðuföll á Ísafirði og í Hnífsdal. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-99010. Sigursteinn Bjarnason, Stafni, Svartárdal. Guðmundur Guðjónsson og Haukur Jóhannesson, Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík. Gögn HGP.*



## 19. júní. ALMENNINGAR

Skriða, jarðsig.

**Veður:** Afleiðingar leysinga, mikið grunnvatnsstreymi.

**Atburðarás:** ...Ófært er til Siglufjarðar landleiðina, því mikil aurskriða féll á veginn við Jarðsigið í Almenninum, sunnan Mánárskriðna snemma í nótt. ... það var um kl. 00:15 síðast liðna nótt að það féll mikið framhlaup úr svokölluðu Kónsnefi, ...vegagerðarmenn eru að hefjast handa við að leggja veg fyrir neðan aurskriðuna, sem féll á Siglufjarðarveg í nótt. Vonast er til að fært verði orðið þangað einhvern tíma í kvöld. ...Skriðan er um 60 m breið og 4 m þykk (Ríkisútvarpið 19.06.). ...Einnig er vegurinn á þessu svæði á hreyfingu á um 5 til 6 km kafla og við það myndast sigdældir og sprungur í veginn (Dagur 15.07.).

...Hugi Ólafsson, deildarstjóri í Umhverfisstofnun, var fyrstur til að koma að skriðunni, því að hún féll rúma 100 m fyrir framan bifreið Huga. Hann var ásamt fjölskyldu sinni á leið til Siglufjarðar, þegar hann sá skriðuna falla. ...sér hefði brugðið ansi illa en jafnframt þótt óraunverulegt þegar skriðan féll, því hann hefði ekki heyrt til hennar áður, heldur hefði þetta verið eins og að sjá „svarta tungu renna hjóðlaust yfir veginn“. Vegurinn sem er malbikaður, var sprunginn á nokkrum stöðum og höfðu flekarnir sigið um nokkra tugi sentimetra, Hugi og fjölskylda voru á einum flekanum. Hugi sagði að skriðan hefði fallið mjög snögglega á veginn. Um leið og hann áttaði sig á hvað hefði gerst flýtti hann sér að bakka af flekanum, ef ske kynni að hann færi á hreyfingu. ...Mikil hlýindi voru á Siglufirði fyrir rúmri viku og fór hitinn upp fyrir 20 gráður. Vorið hefur verið kalt og því var talsverður snjór í fjallinu. Grunnvatnið í fjallinu jókst af þessum sökum. Þetta er líklegasta skýringin á því að aurskriðan féll (Mbl. 22.06.).

...vegna aurskriðu er fallið hafði á þjóðvegin, laust eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins (19.06.). ...Aurskriðan hafði fallið úr svokölluðu Kónsnefi (áður Hrísstakkanefi) það sem áður hafði verið skorið verulega úr hlíðinni er vegur var færður nær henni fyrir u.þ.b. fjórum árum. Framhlaupið hafði fallið niður í veigrásina og fyllt hana, lagst yfir þjóðvegin á um 60 m breiðum kafla og um 20-30 m niður fyrir veginn. Þykkt framhlaupsins á vegi var um 3-4 m. Upptök skriðunnar eru í um 45 m hæð yfir vegi og breidd keilulaga sársins í brattri hlíðinni er 20-50 m og dýptin 4-6 m. Rúmmál skriðunnar var 5-6000 m<sup>3</sup>, samkvæmt lauslegu mati Vegagerðarinnar. ...Ekki er unnt að fullyrða um ástæður þess að skriðan féll, en úrkoma hafði ekki verðið meiri en í meðallagi á svæðinu undangengna daga. Hins vegar er ekki loka fyrir það skotið að nokkurra daga hitabylgja sem varð um viku fyrr og miklar leysingar á yfirborði urðarbingjanna ofan við Kónsnef hafi í kjölfarið valdið auknu grunnvatnsstreymi sem hafi komið skriðunni af stað. Sama ástæða er væntanlega fyrir fjölda minni aurskriðna sem fallið höfðu í umdæminu dagana á undan. Líklegt er að minni háttar aurtaumar og grjóthrun verði úr skriðusárinu í næstu rigningum. Efsti hluti Kónsnefsins sem er mjög stórgrýtt urð verður líklega óstöðugur á næstu vikum og mánuðum (Ágúst Guðmundsson og Björn A. Harðarson 1999).

...Vegagerðin hefur loks stungið rennu í gegnum hina geysistöru skriðu, sem féll á veginn til Siglufjarðar í Almenninum 19. júní sl. Skriðan er talin vera um 25.000 m<sup>3</sup>. ...Einnig er vegurinn á þessu svæði á hreyfingu á um 5 til 6 km kafla og við það myndast sigdældir og sprungur í veginn (Dagur 15.07.). ...en þarna er búið að flytja efni á bilinu 25-30 þúsund m<sup>3</sup>. Kónsnefið er á svæði á Almenninum sem gjarnan er kallað Jarðsigið og árlega þarf að leggja í nokkurn kostnað í viðhald á veginum sökum þess að misgengi myndast á nokkrum stöðum. ...Vegna skriðunnar sem hljóp fram í sumar og jarðsigsins á þessum slóðum hafa vegagerðarmenn áhyggjur af vegi þarna til

fram tíðar. Menn óttist að jarðsigið geti í raun þá og þegar bundið enda á að unnt verði að halda við vegi þarna um (Feykir 29.09.).

*Heim: Ríkisútvarpið 19.06. fréttir kl. 10. 12:20. 16. 18. 22., 20.06. fréttir kl. 12:20. Ríkisútvarpið, sjónvarp 19.06. fréttir kl. 19. Bylgjan 19.06. fréttir kl. 12. Stöð 2. 19.06. fréttir kl. 19:30., 20.06. fréttir kl. 19:30. DV 21.06. Mbl. 20.06. 22.06. Dagur 15.07. 05.10. Feykir 29.09. Ágúst Guðmundsson og Björn A. Harðarson 1999: Greinargerð um aurskriðu úr Kóngsnefi í Fljótum. Jarðfræðistofa ÁGVST & BAH ráðgjöf. Gögn HGP.*

**Ath:** Eins og ráða má af frásögn Huga Ólafssonar í Mbl. 22.06. þá var jarðsig þegar hafið á svæðinu, þegar skriðan féll þ. 19.06. Jarðsig kemur jafnan fram á þessu svæði í miklum leysingum og rigningum, eða þegar aukið grunnvatnsstreymi verður um jarðlögin. Í þetta skiftið hreyfiðist mun stærra svæði en oftast, eða 5-6 km löng spilda frá vegamótum Siglufjarðarskarðsvegur og að sæluhúsinu á Almanningum. Var sigið að koma fram, langt fram eftir sumri.

#### 4. júlí HORNSTRANDIR (Fljótavík) (slys)

Grjóthrun (af mannavöldum).

**Veður:**

**Atburðarás:** ...Sjö ára telpa, sem slasaðist í Fljótavík á Hornströndum á sunnudag (04.07.) er hún varð fyrir grjóthruni og talið var að hefði slasast alvarlega, slapp óbrotin úr slysinu og var ekki þörf á aðgerð á henni við komu á sjúkrahús (Mbl. 06.07.). ...Málsatvik voru þau að nokkrir krakkar voru að leik í grjótbrekku þegar grjót hrundi. Öllum krökkunum nema stúlkunni tókst að forða sér undan steinum. Steinninn sem valt á stúlkuna var um 70-80 kg (DV 05.07.). ...steinaskriða fór af stað undan fótum barnanna, sem hlupu til hliðar, nema litla stúlkan sem hljóp beint niður brekkuna og fékk steininn í bakið á milli herðablaðanna (Lögreglan á Ísafirði).

*Heim: Ríkisútvarpið 04.07. fréttir kl. 18. DV 05.07. Mbl. 06.07. Dagur 06.07. Lögreglan á Ísafirði.*

#### 17. júlí ÞÓRSMÖRK

Grjóthrun við jarðskjálfta.

**Veður:**

**Atburðarás:** Skjálftahrina varð í Mýrdalsjökli þ. 17.07. ...Grjót hrundi úr fjallshlíð í Þórsmörk (Vísir.is 17.07.). ...þá varð nokkuð grjóthrun í Ranató milli Valahnjúks og Húsadals í nótt.

*Heim: Vísir.is 17.07. Ríkisútvarpið 17.07. fréttir kl. 18.*

#### sept. EYJAFJÖRÐUR (Hörgárdalur, Sölvadalur)

Skriður.

**Veður:** Mikil úrkoma á norðanverðu landinu fyrstu og aðra vikuna í sept.

**Atburðarás:** Í þessum rigningum féllu skriðuspýjur, í fjallinu ofan við Draflastaði í Sölvadal og í fjallinu ofan við Lönguhlíð í Hörgárdal. Sennilega hafa þessar skriður fallið um svipað leyti og skriðurnar á Seyðisfirði sem fjallað er um hér á eftir.

*Heim: Gögn HGP.*

## 8.-9. sept. SEYÐISFJÖRÐUR

Skriður.

**Veður:** ...Einmunatíð var á austan- og norðanverðu landinu síðast liðið sumar (1999) og var sumarið bæði þurr og hlýtt. Haustrigningar hófust í byrjun september með miklu vatnsveðri, en því fylgdu skriðuföll á Austfjörðum dagana 8.-9. september (Halldór G. Pétursson 1999). ... Úrkoman sem féll í Seyðisfirði mældist um 100 mm frá kl. 20:00 þann 8. til kl. 12:00 þann 9., og meiri hlutinn féll á 6-7 tímum. Úrhellið var mest á milli kl. 21:30 og 22:30, en þá féllu um 30 mm á einum klukkutíma. Skriðurnar féllu skömmu síðar (Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 2000).

**Atburðarás:** ... Þá féllu skriður í Seyðisfirði, aðallega úr Bjólfinum. Flóð urðu á Eskifirði og þá hefur sennilega legið við skriðuföllum. Af völdum veðursins urðu vegaskemmdir í Seyðisfirði og í Eskifirði en þrátt fyrir vatnselginn urðu ekki skemmdir á vegum annars staðar. Hugsanlega er skýringin sú eins og einn vegagerðarmaðurinn orðaði það: “Jörðin var svo gegnþurr að hún gleypti þetta allt” (Halldór G. Pétursson 1999). ... Flestar skriðurnar í Seyðisfirði féllu úr fjallinu Bjólfi, norðan megin í firðinum, en smáspýjur sáust neðst í Strandartindi, rétt ofan við Seyðisfjarðarkaupstað. Næstum allar skriðurnar í Bjólfi áttu sér upptök í efri hluta fjallsins, í um 600 m hæð og fylgdu farvegum niður fjallshlíðina alveg niður í sjó. Skriðuföll urðu á um 1 km breiðu belt, en flestar skriðurnar féllu á um 400 m breiðum kafla. Þar féllu sjö stórar skriður niður hlíðina og þrjár þeirra lokuðu veginum, neðan við Bjólf á um 150 m löngum kafla. ... Úrhellið var mest á milli kl. 21:30 og 22:30, en þá féllu um 30 mm á einum klukkutíma. Skriðurnar sem lokuðu veginum undir Bjólfi, féllu skömmu síðar (Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 2000). ... Einn raflínustaur fór á hliðina en straumur hélst þó á línunni. Ein skriðan fór inn um gafl á geymsluskemmu sem áður hýsti söltunarstöðina Sunnuver og sjórinn á Seyðisfirði er nú mórauður á lit (Ríkisútvarpið 09.09.).

*Heim: Ríkisútvarpið 09.09. fréttir kl. 12:20. Ríkisútvarpið, sjónvarp 09.09. fréttir kl. 19. Bylgjan 09.09. fréttir kl. 12. Stöð 2. 09.09. fréttir kl. 19:30. Mbl. 10.09. Dagur 10.09. Halldór G. Pétursson 1999: Skriðuföllin við Tóarsel í Breiðdal, 17. september 1999, Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-99014. Halldór G. Pétursson & Þorsteinn Sæmundsson 2000: The connection between rapid mass-movement and extreme precipitation, examples from Eastern Iceland. Í: A. J. Russell & P. M. Marren (ritstj.): Iceland 2000: Modern processes and past environments. Keele University, Dep. Geogr. Occasional Papers Series No. 21. bls. 84.*

## 11.-12. sept. STRANDIR (Trékyllisvík)

Skriður.

**Veður:** Miklið úrfelli gerði á Ströndum og rigndi niður í nýfallinn snjó.

**Atburðarás:** Mikið úrfelli var á Ströndum um helgina og fóru vegir í sundur vegna vatnsflæðis (Mbl 14.09.). ...Í umdæmi Vegagerðarinnar á Hólmavík féllu smá skriður, en skriðuföllin þóttu mun minni en úrhellið gaf tilefni til. Þó nokkrar skriður féllu í Hvalvík í Trékyllisvík, og eitthvað var um grjóthrun.

*Heim: Mbl. 14.09. Vegagerðin á Hólmavík.*

## 15. sept. KAMBANESSKRIÐUR, HVALNESSKRIÐUR

Grjóthrun.

**Veður:** Miklar og stöðugar rigningar á austanverðu landinu.

**Atburðarás:** ...Lögreglan á Fáskrúðsfirði varar fólk við því að vera á ferðinni í Kambanesskriðum. Grjóthrun og vatnavextir eru við skriðurnar (Ríkisútvarpið 15.06.). ...Vegurinn við sæluhúsið rétt austan við Hvalnesskriður fór í sundur (vegna vatnavaxta) ...starfsmenn Vegagerðarinnar sem unnu að því að bæta veginn við Hvalnesskriður sögðu að lítið væri þó um hrun úr skriðunum (Mbl. 17.09.).

*Heim: Ríkisútvarpið 15.06. fréttir kl 22. Mbl. 17.09.*

## 17. sept. ESKIFJÖRÐUR. (Hólmatindur), REYÐARFJÖRÐUR, FÁSKRÚÐS-FJÖRÐUR, STÖÐVARFJÖRÐUR, KAMBANESSKRIÐUR, BREIÐDALUR

Skriður.

**Veður:** ...Eftir langt og þurrt sumar var septembarmánuður 1999 mjög votviðrasamur á austan- og norðanverðu landinu. Suma dagana var óhemju úrkoma. ...aftur varð geysilegt vatnsveður og nú dagana 16.-17. september. Mest rigndi um kvöldið og nóttina og undir morgun þann 17. tóku skriður að falla. ...Í Eskifirði mældist úrkoman u.þ.b. 97 mm frá kl. 21 þann 16. til kl. 6:30 þann 17. eða á tæplega 10 tímum. Annarstaðar á Austfjörðum rigndi mjög mikið og eflaust hefur úrkoman í Breiðdal verið svipað á sama tíma. Samkvæmt ábúendum á Tóarseli var rigningin þar "óskapleg" að kvöldi þess 16. Um kl. 23 var helst hægt að líkja úrkomunni við hitabeltisrigningu í logni og féll regnvatnið í óslitnum taumum fram af húspakinu (Halldór G. Pétursson 1999). ...Um 150 mm sólarhringsúrkoma var mæld í Breiðdal þann 16. og 17. september (Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 2000).

**Atburðarás:** Skriðuföllin þann 17. voru töluvert dreifð um Austfirði, en flest voru þau þó í tveimur fjallshlíðum, úr Hólmatindi bæði í Eskifirði og Reyðarfirði og fjallinu Tó í Breiðdal. Á milli þessara svæða sáust stakar skriður.

Skriðurnar sem féllu úr Hólmatindi, féllu á um 4 km löngum kafla í Reyðarfirði. Í Eskifirði féllu skriðurnar á um 5 km löngum kafla og þar voru þær mun fleiri og stærri. Flestar skriðurnar féllu úr efsta hluta fjallsins, ofan við 600-700 m og fylgdu farvegum og giljum niður hlíðina. Sumar skriðurnar féllu á þjóðveginn neðan við fjallið og sex stórar skriður lokuðu um 1 km hans gegnt Eskifjarðarkaupstað. Í Eskifirði mældist úrkoman um 100 mm frá miðnætti til kl. 08 þann 17. Svo virðist sem flestar skriðurnar hafi fallið á milli kl. 05:30 og 06:30 (Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 2000). ...Í Reyðarfirði er eins og rigningin hafi legið utan í fjalllendingu sem Hólmatindur er hluti af. Fyrstu skriður sáust við Ljósárdal utan við Búðir í Reyðarfirði. Þar höfðu nokkrar spýjur fallið úr hlíðinni neðan við dalsmynnið. Utan við Grjótárdal höfðu stærri skriður fallið. En þaðan og út á Hólmaháls höfðu fallið 5-6 skriður úr fjallshlíðinni og 2-3 af þeim náð niður á þjóðveginn. Þar við bæina Hraun og Flateyri höfðu orðið skemmdir á þjóðveginum og skriðurnar eyðilagt ræsi. ...Úr Hólmatindi Eskifjarðarmegin, höfðu orðið mikil skriðuföll. Þar féllu a.m.k. 10 skriður á um 2 km kafla gegnt þorpinu. Fóru a.m.k. 6 þeirra yfir þjóðveginn og ollu sumar miklum skemmdum. Voru þær allt að 50 m breiðar og 2 m þykkar þar sem þær lágu yfir þjóðveginn. Upptök allra þessara skriðna voru hátt í fjallinu og fylgdu þær farvegum eða giljum niður fjallshlíðina. Ofan úr fjallinu hefur borist aur og vatn, en skriðunum lagst til efni úr giljunum niður alla hlíðina. Neðarlega í fjallshlíðinni hafa þó skriðurnar tekið að stækka verulega er þeim lagðist til efni úr

þykkum lausum jarðlögum sem liggja utan á hlíðinni. ... Innar í firðinum, skammt utan við eyðibýlið Eskifjarðarsel höfðu orðið talsverð skriðuföll úr sömu fjallshlíð. Þar höfðu orðið talsverð gróðurspjöll þegar fjórar skriður hlupu niður fjallshlíðina. Þær áttu upptök sín neðan við hjalla í fjallinu, í um 300 m hæð og fylgdu farvegum eða gilskorningum niður fjallshlíðina (Halldór G. Pétursson 1999).

Lítill skriðuföll voru á milli Breiðdals og Reyðarfjarðar. Í Kambanesskriðum virtist einhver hreyfing hafa orðið, en hún hefur varla verið mikil, sennilega smávegis grjóthrun. Á mörkunum milli Stöðvarfjarðar- og Fáskrúðsfjarðarhrepps hafði skriða fallið úr Landabrun og yfir þjóðveginn, en hún hefur varla verið mikill farartálmi, nema fyrir smæstu bíla. Í Fáskrúðsfirði sáust tvær smáspýjur í brúninni, rétt utan við ána eða lækjarsprænuna sem fellur gegnum þorpið. Var nánast sem lækurinn hefði hlaupið úr farvegi sínum og komið þessum skriðuföllum af stað. Í Vattarnesskriðum sáust engin ný ummerki sem tengja mátti þessu veðri. Í mynni Reyðarfjarðar var ný smáspýja ofan við Kotmúla, en í Reyðarfirði sáust ekki önnur ummerki fyrr en í nágrenni Hólmatinds (Halldór G. Pétursson 1999).

Í Breiðdal féllu um 14, bæði stórar og litlar skriður á um 2 km breiðu belti í fjallsöxl Tóar. Hér fylgdu skriðurnar einnig farvegum niður fjallshlíðina og voru mjög moldarkenndar vegna þess að margir farveganna voru fullir af jarðvegi. Ein skriðan féll beint á býlið Tóarsel og olli töluverðum skemmdum á tünnum og húsum. Um 150 mm sólarhringsúrkoma var mæld í Breiðdal þann 16. og 17. september (Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson 2000). ... Voru skriðuföllin aðallega á um 2 km kafla utan og innan við Tóarsel (í Norðurdal), en flestar féllu skriðurnar úr hlíðinni ofan og innan við bæinn. Mátti telja þar í hlíðinni 11-14 skriður, smáar og stórar, en sumar þeirra greindust upp í nokkar kvíslar, eins og t.d. sú sem féll á bæinn, en hún greindist í þrennt. Fjórar af þessum skriðum voru stórar og náðu þær niður á eyrar Norðurdalsár í dalbotninum. Flestar áttu skriðurnar sér upptök ofarlega í hlíðinni, undir efsta klettabeltinu. ... Innsta skriðan, um 1 km innan við Tóarsel átti sér þó upptök neðst í fjallshlíðinni. ... Skriðurnar umhverfis Tóarsel fylgdu nærri allar farvegum eða grunnum gilskorningum í hlíðinni. ... Í þessu veðri féllu skriður víðar í Breiðdal. Sunnanmegin í Ásunnarstaðafelli féllu tvær smáskriður neðst úr fjallshlíðinni, rétt innan við bæinn Ásgarð. ... milli Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels, sáust greinilega nýjar skriðuspýjur. ... Rétt utan við eyðibýlið Flögu, sunnanmegin í Suðurdal féll stór skriða ofarlega úr fjallshlíðinni og niður á láglandi (Halldór G. Pétursson 1999).

**Skriðan á Tóarseli:** ... Samkvæmt ábúendum á Tóarseli var rigningin þar “óskapleg” að kvöldi þess 16. Um kl. 23 var helst hægt að líkja úrkomunni við hitabeltisrigningu í logni og féll regnvatnið í óslitnum taumum fram af húspakinu. Um kl. 5:30 féll svo skriðan á bæinn. ... Skriðan sem féll eftir farvegi Bæjarlækjarins átti sér upptök efst í fjallshlíðinni, rétt undir klettabeltinu í fjallsbrúninni. Upptök skriðunnar eru mjó og oddlaga, en skriðan hefur breikkað ört á leið sinni niður fjallshlíðina. Hún hefur fljótlega lent í farvegi Bæjarlækjarins og ekki er ólíklegt að skriðupptökin tengist uppsprettu eða lind undir neðsta klettabeltinu. ... Skriðan verður fljótlega það breið að hún tekur að greinast upp í álmur og niður að Tóarseli fellur hún í þremur kvíslum, sem þó sameinast allar að lokum efst á tüninu í farvegi Bæjarlækjarins. ... Þegar kom niður á flatann og túnið neðan við, tók skriðan að dreifa sér. Að hluta fylgdi hún farvegi lækjarins og dreifði aur og grjóti yfir túnið. Sá hluti skriðunnar fór lengst niður á eyrar, en hinn hlutinn reif sig upp úr farveginum og hljóp beint á skemmuna ofan við bæinn. Síðan hrúgaðist moldin og aurinn upp að íbúðarhúsinu og fjósinu, en hluti hélt áfram niður á tún, á milli fjóssins og fjárhúsanna. ... Skemman sem skriðan tók stóð þar sem gamli bærinn í Tóarseli hafði staðið áður, en auk þess hirti skriðan

hænsnakofann á bænum, sem stóð efst á túninu, rétt utan við Bæjarlækinn. Skemman tók mesta höggið af íbúðarhúsinu, en auk þess lenti lítil Benzrúta, sem stóð ofan við íbúðarhúsið í hlaupinu. Hún hefur mjög sennilega varnað því að skriðan færi inn í íbúðarhúsið, en aur rann inn í fjósið. Svo mikill kraftur var á skriðunni að skemman kubbaðist algerlega við skriðufallið og þó var veggurinn sem snéri að fjallinu steypur og eitthvað járnbundinn. Þá lentu mörg landbúnaðartæki í skriðunni og fjöldi heyrúllna. Auk þess er túnið umhverfis bæinn undir aur og grjóti. ...Í fjallshlíðinni ofan við Tóarsel er enn þá eftir nóg af hráefni í efnismikil skriðuföll í framtíðinni.

*Heim: Ríkisútvarpið 17.09. fréttir kl. 07. 08. 12:20. 18. Bylgjan 17.09. fréttir kl. 12. Ríkisútvarpið, sjónvarp 17.19. fréttir kl. 19. Stöð 2. 17.09. fréttir kl. 19:30. DV 17.09. 18.09. 27.09. Mbl. 18.09. Dagur 18.09. Austri 23.09. Halldór G. Pétursson 1999: Skriðuföllin við Tóarsel í Breiðdal, 17. september 1999, Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-99014. Halldór G. Pétursson & Þorsteinn Sæmundsson 2000: The connection between rapid mass-movement and extreme precipitation, examples from Eastern Iceland. I: A. J. Russell & P. M. Marren (ritstj.): Iceland 2000: Modern processes and past environments. Keele University, Dep. Geogr. Occasional Papers Series No. 21. bls. 84.*

## 19. sept. ÓSHLÍÐ (bílslys)

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** ...Í nótt var bíl ekið á grjót sem hrunið hafði á veginn um Óshlíð. Bíllinn skemmdist ekki mikið og vegurinn lokaðist ekki, en menn eru beðnir um að gæta varúðar.

*Heim: Ríkisútvarpið 19.09. fréttir kl. 12:20.*

## 22. okt. BOLUNGARVÍK

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Töluvert grjóthrun var í Erninum í Bolungarvík um hádegisbilið á föstudaginn (22.10.) og hrundi grjótið niður í Hólsskriðu.

*Heim: Jóhann Hannibalsson, snjóáeftirlitsmaður, Bolungarvík.*

## 6. nóv. HVALEJÖRÐUR (bílslys)

Grjóthrun.

**Veður:**

**Atburðarás:** Fólksbíll á leið suður til Reykjavíkur stórskemmdist þegar honum var ekið á grjót, sem hafði hrunið úr klettavegg ofan við líparítnámuna við Bláskeggsá í Hvalfirði. Hjón með tvö börn sluppu ómeidd en bifreiðin er óökufær.

*Heim: Ríkisútvarpið 07.11. fréttir kl. 16.*

## 11. nóv. ÓLAFSFJÖRDUR

Skriða.

**Veður:** Óvenjuleg hlýindi á Miðnorðurlandi miðað við árstíma. Þann 11. var hvöss og hlý sunnanátt leiddi til asahláku og á augabragði hvarf allur snjór út fjöllum.

**Atburðarás:** ...Fimmtudaginn 11. nóvember 1999, um kl. 10:20 féll skriða úr Tindaöxl ofan við Ólafsfjarðarkaupstað. Skriðan sem var um 15 m breið og um 250 m löng féll úr hjallabrún í miðju fjallinu og niður í skurð í fjallsrótum, sem m.a. var hannaður til að taka við skriðum sem þessari. Þegar skriðan féll var asahláka og hvarf á örskoti allur snjór úr fjallinu, sem reyndar var töluverður. Mikir vatnavextir urðu við Eyjafjörð og tók gamla veginn um Ólafsfjarðarmúla t.d. í sundur á tveimur stöðum.

**Aðstæður:** ...Upptök skriðunnar voru í hjallabrún í um 200 m hæð, rétt utan við skriðuörin sem mynduðust í hlíðinni haustið 1988. Skriðan sem var um 15 m breið og á að giska 250 m löng, féll í skurð í hlíðarrótunum neðan við, barst með honum til norðurs og eftir öðrum skurðum og ræsum til sjávar, rétt utan við bæinn. Þessi skurður var grafinn eftir skriðuföllin haustið 1988 og m.a. hugsaður sem varnarvirki gegn aurskriðum (Halldór G. Pétursson 1999).

Við skriðufallið myndaðist grunnt (0,5-1 m) ör í fjallshlíðina, niður undir skurðinn í fjallsrótum. Efnið sem fór af stað við skriðufallið var blanda af jarðvegi og urð, og glitti í berggrunn og stóra steina í skriðuörinu. Þetta efni virðist hafa verið mjög vatnsósa, því aur og leir hafði greinilega flotið greiðlega norður eftir skurðinum. Í skurðinum neðan við skriðuörið hafði mól og grjót setið eftir og stíflað skurðinn. Þar hafði smá aursletta runnið upp úr skurðinum og sullast aðeins niður í hlíðina neðan við. Annars hafði skurðurinn gegnt hlutverki sínu mjög vel og aurinn úr skriðunni fyllt upp í hann vel hálfan. Sennilega hafa ræsi á skurðinum eitthvað tafið fyrir niðurrennslinu og skriðan hálfstíflað þau. ...Ekki er ólíklegt að skriðan hefði náð langleiðina niður í bæinn eða jafnvel alla leið, ef skurðurinn hefði ekki verið til staðar. ...Uppi á hjallanum ofan við skriðuupptökin er annar skurður, en upptökin eru aðeins 4-5 m frá brún hans. Samkvæmt upplýsingum Ásgeirs Loga Ásgeirssonar, bæjarstjóra í Ólafsfirði, sem fór um fjallið rétt eftir skriðufallið, var sá skurður þá stíflaður af krapa og þéttum snjó. Leysingavatn tók þó fljótlega að skila sér eftir honum og þegar ég kom í Ólafsfjörð um hádegisbilið, þá fossaði kolbrúnn lækur niður hlíðina rétt innan við skíðalyftuna. Var lækurinn mjög dökkur fram eftir degi, eða minnsta kosti allt til kl. 15. Skilaði það vatn sér í Ólafsfjarðarvatn úr skurðum innan við elliheimilið Hornbrekku. Vel má vera að stíflan í skurðinum hafi einhvern þátt átt í vatnssöfnuninni uppi á hjallanum, sem kom skriðunni af stað. Brúni liturinn á læknum gæti þó bent til þess að jarðlögin uppi á hjallanum hafi verið mun víðar vatnsósa, en þar sem að skriðan hljóp og að leysingavatnið hafi að mestu hripað beint niður í jarðlögin (Halldór G. Pétursson 1999).

**Orsakir:** ...Þegar skriðan féll í Ólafsfirði, fimmtudaginn 11. nóv. var mjög heitt, miðað við árstíma á öllu norðan- og austanverðu landinu. Er þess getið að í Ólafsfirði hafi hitinn verið um 10-13 stig og jafnvel náð allt að 16 stigum um miðjan daginn. Þessum hita fylgdi hvöss sunnanátt og stóð vindurinn víða í strengjum eða hviðum út úr dölum eða af fjallaskörðum er snéru vel við vindáttinni. Svipað veðurfar hafði verið í nokkra daga, eða frá því upp úr helginni 6.-7.11., en þá hlýnaði mikið eftir nokkurn kulda- og snjóakafla.

Af þessum orsökum varð mikil og hröð leysing, þegar snjór sem lá í fjöllum og hlíðum tók að bráðna. Leysingarvatnið hripaði niður í jarðveg og jarðlög og mikill vöxtur hljóp í ár og læki, og má geta þess að daginn sem skriðan féll var töluvert flóð í bæði Hörgá og Svarfaðardalsá. Þá má geta þess að á mánudeginum 8. nóv. var enn

Þá alhvítt í Ólafsfirði og reyndar var svo mikill snjór í Tindaöxlinni þá um helgina (6.-7. nóv.), að skíðasvæðið í fjallinu var opið. Þann 11. nóv. var nær allur þessi snjór horfinn og fjallið orðið næstum autt, nema dýpstu gilskorningar og lautir. Hinum megin í firðinum, eins og t.d. í Árdal var á sama tíma, nærri alhvítt, niður undir sjó. Erfitt er að dæma um hve snjór var mikill í fjöllum, áður en þessar leysingar hófust, en ljóst er að hann var mikill. Allan október höfðu verðið umhleyplingar með ýmist krapahríð og slyddu eða snjókomu til fjalla og féllu t.d. snjóflóð úr Ólafsfjarðarmúla, á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Um mánaðamótin okt./nóv. kyngdi snjó niður í um vikutíma. Þá féllu aftur snjóflóð á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Megnið af þessum snjó leysti svo á 2-3 dögum og má búast við að í Tindaöxlinni hafi mikið af leysingavatninu hripað tiltölulega beint niður í ófrosinn jarðveginn í fjallinu (Halldór G. Pétursson 1999).

*Heim: Ríkisútvarpið 11.11. fréttir kl. 12:20. Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 11.11. fréttir kl. 18:30. Ríkisútvarpið, sjónvarp 11.11. fréttir kl. 19. Mbl. 12.11. Dagur 12.11. DV 17.11. Halldór G. Pétursson 1999: Skriðufallið við Ólafsfjarðarkaupstað, 11. nóvember 1999. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ 99019.*

## 29. des. HVALNESSKRIÐUR

Grjóthrun.

*Veður:*

*Atburðarás:* ...Vegurinn um Hvalnesskriður austan Hafnar í Hornafirði er ófær vegna grjóthruns (Ríkisútvarpið 29.12.).

*Heim: Ríkisútvarpið 29.12. fréttir kl. 22. Stöð 2. 30.12. fréttir kl. 08.*





**Mynd 5:** Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 1999.

## SKRÁ YFIR STAÐANÖFN

Aðaldalur/S.-Þing.	1995 8.-15. júní
Aðaldalur/S.-Þing.	1997 maí
Akureyri	1995 sumar-haust
Almenningar	1995 5.-6. okt.
Almenningar	1998 maí-ág.
Almenningar	1999 19. júní
Álftafjörður/S.-Múl.	1997 28. sept.
Álftafjörður/Snæfellsn.	1999 29.-30. jan.
Barðaströnd	1997 22. sept.
Barkárdalur/Eyjafj.	1995 8.-15. júní
Berufjörður	1997 16. ág.
Bíldudalur	1997 28. jan.
Bleiksmýrardalur/S.-Þing.	1995 8.-15. júní
Bleiksmýrardalur/S.-Þing.	1996 júní
Bolungarvík	1999 22. okt.
Borgarfjörður eystri	1998 7.-8. nóv.
Breiðdalur	1999 17. sept.
Búlandshöfði	1995 2.-5. des.
Dalsmynni/Eyjafj.	1995 8.-15. júní
Djúpidalur/Skagafj.	1997 1. ág.
Dýrafjörður	1995 2.-5. des.
Dýrafjörður	1997 14.-15. des.
Eldgjá	1997 sept.
Esja	1995 12. nóv.
Esja	1998 4. júní
Eskifjörður	1996 18.-20. okt.
Eskifjörður (Hólmatindur)	1999 17. sept.
Eyjafjarðardalur	1995 8.-15. júní
Eyjafjarðardalur	1999 11.-14. júní
A-Eyjafjöll	1997 28. ág.
A-Eyjafjöll	1997 2. sept.
A-Eyjafjöll	1997 26. sept.
V-Eyjafjöll	1995 30. sept.-1. okt.
V-Eyjafjöll	1999 1. mars
V-Eyjafjöll	1999 27. apr.
Eyvindarárdalur/S.-Múl.	1998 7.-8. nóv.
Fagridalur	1995 19. júní
Fagridalur	1998 7.-8. nóv.
Fagridalur	1999 19. febr.
Fáskrúðsfjörður	1997 28. sept.
Fáskrúðsfjörður	1997 6. okt.
Fáskrúðsfjörður	1999 17. sept.
Flateyri	1998 7.-8. nóv.
Fljótavík/Hornstr.	1999 4. júlí
Fljótsdalur	1997 29.-31. des.
Fljótsdalur	1998 7.-8. nóv.
Fnjóskadalur	1995 8.-15. júní

Fnjóskadalur	1999 11.-14. júní
Fossfjörður/Arnarfj.	1995 2.-5. des.
Garðsárdalur/Eyjafj.	1995 8.-15. júní
Gilsfjörður	1995 2.-5. des.
Glerárdalur/Eyjafj.	1995 29. apr.
Gönguskörð/Skagafj.	1995 8.-15. júní
Gönguskörð/Skagafj.	1995 5. júlí
Gönguskörð/Skagafj.	1999 11.-14. júní
Grafningur/Árness.	1995 2.-5. des.
Grímsey	1996 14.-17. júlí
Gripdeild/Héraðsflói	1996 11. júlí
Heggstaðanes	1997 4. sept.
Hellisheiði	1998 4. júní
Hjaltadalur/S.-Þing.	1996 júní
Hrunamannahreppur	1997 31. okt.
Húsafell/Borgarfj.	1997 14.-15. des.
Húsavík/S.-Þing.	1995 18. maí
Hvalfjörður	1995 29. mars
Hvalfjörður	1995 31. maí
Hvalfjörður	1996 17. jan.
Hvalfjörður	1996 3. júlí
Hvalfjörður	1998 20. jan.
Hvalfjörður	1998 21. mars
Hvalfjörður	1999 6. nóv.
Hvalnesskriður	1995 3. mars
Hvalnesskriður	1995 30. sept.-1. okt.
Hvalnesskriður	1995 2.-5. des.
Hvalnesskriður	1997 6. maí
Hvalnesskriður	1997 16. ág.
Hvalnesskriður	1997 14.-15. des.
Hvalnesskriður	1998 21. mars
Hvalnesskriður	1998 7.-8. nóv.
Hvalnesskriður	1998 23. nóv.
Hvalnesskriður	1998 7. des.
Hvalnesskriður	1999 12.-13. febr.
Hvalnesskriður	1999 8. apr.
Hvalnesskriður	1999 13. apr.
Hvalnesskriður	1999 15. sept.
Hvalnesskriður	1999 29. des.
Hveragerði	1998 4. júní
Höfðaströnd/Skagafj.	1998 23. maí
Hörgárdalur	1999 sept.
Ingólfsfjall	1995 10. des.
Ísafjörður	1996 25.-28. sept.
Ísafjörður	1998 maí/júní
Ísafjörður	1999 11.-14. júní
Ísafjörður/Ísafjarðardj.	1997 14.-15. des.
Jökuldalur	1999 11.-14. júní
Kaldbakshorn/Strandir	1995 23. júlí
Kaldbakshorn/Strandir	1995 2. ág.

Kaldbakshorn/Strandir	1996 23.-24. okt.
Kambanesskriður	1995 2.-5. des.
Kambanesskriður	1997 6. okt.
Kambanesskriður	1997 14.-15. des.
Kambanesskriður	1997 20. des.
Kambanesskriður	1997 29.-31. des.
Kambanesskriður	1998 7.-8. nóv.
Kambanesskriður	1998 23. nóv.
Kambanesskriður	1998 7. des.
Kambanesskriður	1999 15. sept.
Kambanesskriður	1999 17. sept.
Kerlingarfjörður/A.-Barð.	1997 22. sept.
Kinn/S.-Þing.	1995 8.-15. júní
Kjós	1995 2.-5. des.
Kollafjörður/A.-Barð.	1997 14.-15. des.
Kollafjörður/Strandir	1998 21.-23. mars
Kverkfjöll	1997 31. ág.
Landmannalaugar	1995 24. sept.
Langidalur/A.-Hún.	1995 8.-15. júní
Laugardalur/Ísafjarðardj.	1995 2.-5. des.
Lómagnúpur	1998 7. júní
Mánarskriður	1995 8.-15. júní
Mánarskriður	1995 5.-6. okt.
Mánarskriður	1999 29.-30. jan.
Mjóifjörður	1997 28. sept.
Mjóifjörður	1998 7.-8. nóv.
Mýrdalur	1998 31. ág.-1. sept.
Náttfaravíkur/S.-Þing.	1995 8.-15. júní
Neskaupstaður	1998 7.-8. nóv.
Njarðvík/N.-Múl.	1998 7.-8. nóv.
Njarðvíkurskriður	1997 6. okt.
Njarðvíkurskriður	1998 7.-8. nóv.
Ólafsfjörður	1995 8.-15. júní
Ólafsfjörður	1997 15. ág.
Ólafsfjörður	1999 11. nóv.
Ölfus	1998 13.-14. nóv.
Önundarfjörður	1997 20. ág.
Önundarfjörður	1997 22. sept.
Óshlíð	1995 2. maí
Óshlíð	1995 2. júlí
Óshlíð	1995 ág.
Óshlíð	1995 2.-5. des.
Óshlíð	1996 17. jan.
Óshlíð	1996 maí
Óshlíð	1996 7. júlí
Óshlíð	1996 8. ág.
Óshlíð	1996 29. sept.
Óshlíð	1998 30. júní
Óshlíð	1998 14. ág.
Óshlíð	1998 12. nóv.

Óshlíð	1999 5. maí
Óshlíð	1999 6. maí
Óshlíð	1999 11.-14. júní
Óshlíð	1999 19. sept.
Pétursey/Mýrdalur	1997 12. febr.
Raknadalshlíð/Patreksfj.	1995 2.-5. des.
Reyðarfjörður	1998 7.-8. nóv.
Reyðarfjörður (Hólmatindur)	1999 17. sept.
Reykhólar/A.-Barð.	1999 2. júní
Reykjadalur/S.-Þing.	1995 8.-15. júní
Reykjadalur/S.-Þing.	1999 11.-14. júní
Reykjafjörður Arnarfj.	1995 2.-5. des.
Reykjafjörður/Strandir	1995 8.-15. júní
Reykjafjörður/Strandir	1996 23.-24. okt.
Reykjafjörður/Strandir	1999 11.-14. júní
Reykjahverfi/S.-Þing.	1995 8.-15. júní
Reykjaströnd/Skagafj.	1999 11.-14. júní
Seyðisfjörður	1996 18.-20. okt.
Seyðisfjörður	1997 28. sept.
Seyðisfjörður	1999 8.-9. sept.
Siglufjörður	1997 6. okt.
Skálavík	1996 25.-28. sept.
Skálpadalshlíð/Patreksfj.	1995 2.-5. des.
Skriðdalur	1998 7.-8. nóv.
Snæfell	1998 21. jan.
Staðarbyggðarfjall/Eyjafj.	1995 8.-15. júní
Staðarskriður/Fáskrúðsfj.	1995 11. des.
Stapafell/Snæfellsn.	1997 11.-12. okt.
Stöðvarfjörður	1999 17. sept.
Suðursveit	1995 des.
Súðavík	1998 maí/júní
Súðavíkurhlíð	1995 2. maí
Súðavíkurhlíð	1995 2.-5. des.
Súðavíkurhlíð	1996 júní
Súðavíkurhlíð	1996 6.-7. sept.
Súðavíkurhlíð	1996 3. okt.
Súðavíkurhlíð	1999 11.-14. júní
Súgandafjörður	1995 maí
Súgandafjörður	1997 14.-15. des.
Súgandafjörður	1999 11.-14. júní
Svalbarðsströnd/Eyjafj.	1995 8.-15. júní
Svalbarðsströnd/Eyjafj.	1999 14.-16. maí
Svalbarðsströnd/Eyjafj.	1999 11.-14. júní
Svarfaðardalur	1995 8.-15. júní
Svartárdalur	1996 25. sept.
Svartárdalur	1998 13. mars
Svartárdalur	1998 8. júlí
Svartárdalur	1999 13. maí
Svartárdalur	1999 11.-14. júní
Svínadalur/Dalir	1997 14.-15. des.

Sölvadalur/Eyjafj.	1995 8.-15. júní
Sölvadalur/Eyjafj.	1995 29. júní
Sölvadalur/Eyjafj.	1999 sept.
Timburvalladalur/S.-Þing.	1999 11.-14. júní
Trékyllisvík/Strandir	1998 júní
Trékyllisvík/Strandir	1998 15.-16. júlí
Trékyllisvík/Strandir	1999 11.-12. sept.
Trostansfjörður/Arnarfj.	1998 27. ág.
Vaðlaheiði/Eyjafj.	1995 8.-15. júní
Vaðlaheiði/Eyjafj.	1999 14.-16. maí
Vaðlaheiði/Eyjafj.	1999 11.-14. júní
Vatnsdalur	1996 4. ág.
Vatnsdalur	1998 apr.
Vatnsdalur	1999 11.-14. júní
Vatnsnes	1997 4. sept.
Vatnsskarð/A.-Hún.	1995 8.-15. júní
Vattarnesskriður	1995 17. júní
Vattarnesskriður	1995 2.-5. des.
Vattarnesskriður	1997 16. ág.
Vattarnesskriður	1997 6. okt.
Vattarnesskriður	1997 25. des.
Vattarnesskriður	1997 29.-31. des.
Vattarnesskriður	1998 7.-8. nóv.
Vattarnesskriður	1998 23. nóv.
Vattarnesskriður	1998 7. des.
Veiðileysukleif/Strandir	1996 23.-24. okt.
Vestmannaeyjar	1996 febr./mars
Vestmannaeyjar	1996 mars/apr.
Vestmannaeyjar	1997 29.-31. des.
Vestmannaeyjar	1998 15. júní
Vík í Mýrdal	1995 21. maí
Vík í Mýrdal	1998 30. jan.
Vík í Mýrdal	1998 5. febr.
Vík í Mýrdal	1998 20.-22. apr.
Vík í Mýrdal	1998 2. ág.
Vík í Mýrdal	1999 17.-18. maí
Vörðufell/Árness.	1998 4. júní
Þorvaldsdalur/Eyjafj.	1995 8.-15. júní
Þórsmörk	1998 9. ág.
Þórsmörk	1999 17. júlí
Þvottárskriður	1995 30. sept.-1. okt.
Þvottárskriður	1995 2.-5. des.
Þvottárskriður	1996 14. okt.
Þvottárskriður	1997 16. ág.
Þvottárskriður	1997 6. okt.
Þvottárskriður	1997 14.-15. des.
Þvottárskriður	1997 29.-31. des.
Þvottárskriður	1998 21. mars
Þvottárskriður	1998 23. mars
Þvottárskriður	1998 7.-8. nóv.

Þvottáskriður	1998 23. nóv.
Þvottáskriður	1998 7. des.
Þvottáskriður	1999 12.-13. febr.
Þvottáskriður	1999 8. apr.
Þvottáskriður	1999 13. apr.
Öxnadalsheiði	1996 9. maí
Öxnadalsheiði	1999 14.-16. maí
Öxnadalur	1995 8.-15. júní
Öxnadalur	1999 29.-30. jan.